# FRÉTTABLAÐIÐ

125. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 28. MAÍ 2016


# Brýnast að bjarga jörðinni

Edda Heiðrún Backman segir veikindi sín hafa kennt sér þolinmæði og þrautseigju. Hún kýs að vera sólarmegin í lífinu og berst fyrir því sem hún telur mikilvægast, að vernda náttúruna. ➜28



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Við ættum að vera sundþjóð ➜34



## Gæti Trump orðið forseti? ➜36

## Hvernig geymast matvælin best? ➜32



PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
● ATVINNA ● FÓLK ● SAMFYLKINGIN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg sunnanátt og léttskýjað á Norður- og Austurlandi, en annars skýjað og dálítil rigning vestast. Fremur hlýtt í veðri. SJÁ SÍÐU 46

# Leiga tæpur helmingur af tekjunum

**SAMFÉLAG** Húsaleiga nemur að meðaltali um 42 prósentum af ráðstöfunartekjum heimilis.

Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar sem Gallup gerði fyrir félags- og húsnæðismálaráðherra.

Um eitt prósent leigjenda greiðir leigu sem er innan við 25 prósent af ráðstöfunartekjum heimilisins en það er það markmið sem sett er fram í frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra um almennar félagsíbúðir.

Niðurstöðurnar sýna líka að um 90 prósent leigjenda og svipað hlutfall íbúðareigenda telja óhagstætt að leigja íbúðarhúsnæði hér á landi um þessar mundir og rúmlega 80 prósent aðspurðra í báðum hópum telja of lítið framboð af hentugu íbúðarhúsnæði til leigu.

Könnunin var gerð að beiðni ráðherra á tímabilinu 19. nóvember til 9. desember. Úrtakið var leigjendur/eigendur húsnæðis, átján ára og eldri af öllu landinu.

Í erindi sem Eygló Harðardóttir hélt á opnum fundi á Grand Hóteli sagði hún niðurstöðuna vera ótvírætt þá að mikil þörf væri á uppbyggingu leigumarkaðarins hér á landi auk þess sem húsaleigan væri almennt há og mörgum einstaklingum ofviða.

„Þau húsnæðisfrumvörp sem nú eru á lokastigi í þinginu munu mæta brýnni þörf á leigumarkaðnum, einkum tekjulágra fjölskyldna og ungs fólks,“ sagði Eygló. **– jhh**

> **Þau húsnæðisfrumvörp sem nú eru á lokastigi í þinginu munu mæta brýnni þörf á leigumarkaðnum.**



Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

# Æfing fyrir ótrúlegt sjónarspil



San Fransisco ballettinn sýnir í Hörpu í dag og næstu daga og var á æfingu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Flokkurinn hefur um áratugaskeið verið leiddur af Helga Tómassyni dansara og er elsti starfandi ballettflokkur Bandaríkjanna. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík en það er Sinfóníuhljómsveit Íslands sem spilar undir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mikill fjöldi kemur að utan

**FERÐAÞJÓNUSTA** Að jafnaði vinna 22 þúsund manns á þessu ári í ferðaþjónustu á Íslandi en það eru ríflega 10 prósent starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.

Líklegt er að um 40 prósent nýrra starfsmanna í ferðaþjónustu árin 2016 og 2017 komi frá útlöndum en þeir eru nú sex þúsund.

Þetta er á meðal helstu niðurstaðna sem koma fram í könnun Stjórnstöðvar ferðamála um mannaflaþörf og þörf fyrir fræðslu/hæfni í ferðaþjónustu á Íslandi.

Fyrirtækin vilja helst auka hæfni í tengslum við þjónustulund og gestrisni, jákvætt viðmót, sjálfstæð vinnubrögð og samskiptahæfni. Mest vantar af fólki í ræstingar/þrif, starfsmenn í gestamóttöku, eldhús og veitingasal, leiðsögumenn, sölu- og afgreiðslufólk og faglærða matreiðslumenn. Erfiðast er að manna í ræstingar/þrif og í stöður faglærðra matreiðslumanna. **– shá**

# Þrjú þúsund á hverju kvöldi í norðurljósaferð

**Mikil fjölgun hefur verið á ferðamönnum í norðurljósaferðir yfir vetrartímann. Sérfræðingar gera norðurljósaspá fyrir ferðaþjónustufyrirtækin. Ferðamönnum yfir vetrartímann hefur fjölgað hlutfallslega meira en á öðrum tíma ársins.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Mikil uppsveifla hefur verið í norðurljósaferðum og eru þær orðnar mikilvægur hlekkur í vetrarferðaþjónustu. Á góðu vetrarkvöldi fara rúmlega þrjú þúsund erlendir ferðamenn í slíka ferð.

Á síðustu tíu árum hefur hlutfall ferðamanna sem greitt hafa fyrir norðurljósaferðir aukist úr 14 prósentum í 42 prósent. „Við höfum farið með yfir tuttugu bíla á einu kvöldi svo það kemur mér ekki á óvart ef þetta eru meira en þrjú þúsund manns,“ segir Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.

Fjöldi ferðamanna ferðast til landsins í þeim tilgangi einum að berja norðurljósin augum. „Það er mikið verk að uppfylla væntingar fólks og þetta er svipað og með fótboltaleik, mörkin eru ekki innifalin,“ segir Kristján og bætir við að ef norðurljósin sjást ekki í ferðunum geti farþegarnir farið aftur í ferð sér að kostnaðarlausu. „Það er mikill spenningur í ferðamönnum, það er klappað og faðmast þegar norðurljósin sjást dansandi.“

Erfitt getur reynst að segja til um hvar hægt er að sjá norðurljósin á tilteknu kvöldi en að sögn Kristjáns stóla aðilar innan ferðaþjónustunnar á norðurljósaspár. „Við erum sífellt að verða vísindalegri og tökum spár frá nokkrum aðilum og setjum saman. Í dag erum við með sérfræðing sem gerir spá fyrir okkur svo við séum að fara á réttu staðina.“

Árstíðasveifla í ferðaþjónustu hérlendis er mikil áskorun en ferðamönnum yfir vetrartímann hefur fjölgað hlutfallslega meira síðastliðin ár en á öðrum árstíma samkvæmt tölum Hagstofunnar og Ferðamálastofu. **thordis@frettabladid.is**



**Norðurljósin eru áhrifarík leið til að lengja ferðamannatímann og auka þannig stöðugleika í ferðaþjónustu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er mikill spenningur í ferðamönnum, það er klappað og faðmast þegar norðurljósin sjást dansandi.**



Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða

### Vetrarferðamennska

- Hlutfall ferðamanna í norðurljósaferðum hefur aukist úr **14%** í **42%** frá 2004/2005 til 2014/2015.
- **30%** aukning var á ferðamönnum á 1. og 4. ársfjórðungi á árunum 2011-2015.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

20% afsláttur öll Garðhúsgögn

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**11.670 kr**
~~14.590 kr~~
Garðstóll Chamonix
3899590

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.990 kr**
~~12.900 kr~~
Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örmum.
3899088

STJÚPUR 10 stk. í bakka.
**990 kr**
~~1.790 kr~~
blómaval

# SÚPERKAUP BLÓMAVALS

ORKIDEA
26% afsláttur
**1.990 kr**
~~2.690~~

Matjurtir 6 stk. í bakka
Salat margar tegundir, rófur, rauðkál, blómkál, spínat og margt fleira.
**799 kr**

MOLD 45 ltr.
**999 kr**

BEGONÍA
25% afsláttur
**1.490 kr**
~~1.990~~

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**38.245 kr**
~~44.995 kr~~
Sláttuvél TEXAS
Razor 4610
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301

Frábært verð
**13.995 kr**
Rafmagnsláttuvél
1100W, sláttubreidd 32 cm, 6 hæða stillingar.
5085113

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**76.990 kr**
~~99.900 kr~~
Gasgrill Weber Q3200
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU.
3000380

20% afsláttur af Hekk- og greinaklippum

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**2.396 kr**
~~2.995 kr~~
Hekkklippur
Green-It sett, 2 stk.
5084773

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**11.995 kr**
~~14.995 kr~~
Rafmagnshekkklippur GT4550
450W, 50 cm blað, klippigeta 18 mm.
5083647

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**TÖLUR VIKUNNAR** 22.05.2016 TIL 28.05.2015

**17.500**
krónur kostar hver hjónavígsla og 6.000 krónur hver skírn sem ekki er í messu.

**19%**
munaði á hæsta og lægsta tilboði í útboði Hafnarfjarðarbæjar á rafmagnskaupum sínum.

**142**
er fjöldi ríkisstofnana, en utanríkisráðuneytið var í 137. sæti í starfsánægjukönnun SFR, neðst allra ráðuneyta.

**250**
kílómetrar voru eftir af 765 kílómetra göngu pars með tveggja ára barn í byrjun vikunnar. Þau ganga Jakobsveginn á Spáni.

**40 milljarðar króna**
eru skuldir Reykjanesbæjar. Halli hefur verið á reglulegri starfsemi bæjarins í 13 af síðustu 15 árum.

**6,1%**
mældist fylgi Samfylkingarinnar í nýjustu könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis, eða helmingur kjörfylgis flokksins.

**20.000**
krónur fékk heyrnarlaus kona, sem grunur leikur á að sé fórnarlamb mansals, greiddar í laun á tæpum þremur mánuðum.

**257**
milljóna króna halli var á rekstri sjö framhaldsskóla um áramót. Þeir fengu 100 milljóna viðbótarframlag frá ríkinu í vikunni.

## Þrjú í fréttum
### Starfsóánægja, banki og mansal

**Finnur Ingólfsson,**
*fyrrverandi Seðlabankastjóri,*



segist ekki vita til þess að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur við kaupin á Búnaðarbankanum árið 2003. Málið er til komið vegna þess að umboðsmaður Alþingis sagði á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis að sér hefðu borist nýjar upplýsingar sem gætu varpað ljósi á sölu eignarhluta ríkisins í bankanum. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að rannsókn skuli fara fram á sölunni.

**Lilja Alfreðsdóttir**
*utanríkisráðherra*



lét það koma sér á óvart hversu illa utanríkisráðuneytið kemur út úr starfsánægjukönnun SFR, Stofnun ársins. Utanríkisráðuneytið hafnaði neðst allra ráðuneyta, eða í 137. sæti könnunarinnar. Laun þar þykja léleg, ímynd stofnunarinnar afleit og stjórnun og jafnrétti skora lágt.

**Daði Hreinsson,**
*framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra,*



hafnaði því í Fréttablaðinu að mansal liðist við fjáröflun hjá félaginu. Lögreglan hefur meint mansal til rannsóknar og kona sem starfaði á vegum félagsins dvelur í Kvennaathvarfinu eftir sölu á happdrættismiðum fyrir félagið. Heimildir Fréttablaðsins herma að hún hafi fengið samtals 20 þúsund krónur í laun fyrir þriggja mánaða vinnu.

# Stjórnvöld dofin fyrir vanda vegna umbúða og sóunar

**Þingmál sem tengjast lausnum til að draga úr umbúðanotkun og sóun virðast vekja takmarkaðan áhuga stjórnvalda. Þverpólitísk samstaða er um að taka á vandanum en málum er ekki fylgt eftir með aðgerðum. Ekkert bólar á aðgerðaáætlun sem átti að liggja fyrir í fyrra, segir varaþingmaður Samfylkingarinnar.**



Endurvinnsla umbúða hvers konar er orðin stór iðnaðargrein – lítið er þó gert til að sporna við umbúðanotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**UMHVERFISMÁL** „Þessi tiltekna þingsályktunartillaga er jákvæð, hún á að vera hvetjandi fyrir íslenska matvælaframleiðendur, en kannski er nauðsynlegt að henda fram tillögu sem er mun róttækari, þá kannski fer fólk að hlusta,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, verkefnastjóri, bæjarfulltrúi og varaþingmaður Samfylkingarinnar, um þingsályktunartillögu sína um hvatningu til íslenskra matvælaframleiðenda til að draga úr umbúðanotkun.

Tillagan hefur verið lögð fram á Alþingi í tvígang frá 2013 með fulltingi 13 þingmanna allra flokka, en dagaði uppi í bæði skiptin.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á fimmtudag hvetja þær Arndís Soffía Sigurðardóttir, eigandi Hótels Fljótshlíðar, og Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisstjóri hótelsins, til þess að dreifingarkerfi vöru á milli framleiðenda, birgja og neytenda verði hugsað upp á nýtt í þeim tilgangi að minnka umbúðanotkun og sóun. Engir opinberir hvatar eru til þess að reka ferðaþjónustufyrirtæki undir slíkri stefnu.

Þingsályktunartillaga Margrétar snýst um að Alþingi feli umhverfis- og auðlindaráðherra að hvetja til þess að íslenskir matvælaframleiðendur dragi úr notkun umbúða utan um vörur sínar og nýti sér efni sem eru umhverfisvæn. Þetta verði gert í samráði við hagsmunaaðila - Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands.

Margrét Gauja lýsir því að tillagan hafi aldrei vakið athygli stjórnvalda en það eigi við um fleira.

„Það er búið að reyna margt til að vekja áhuga Alþingis á þessu sívaxandi vandamáli sem plastið er og hver rannsóknin á fætur annarri sýnir að ef við förum ekki að taka á þessu, þá erum við í vondum málum – og ekki eftir 100 ár heldur eftir 20 ár,“ segir Margrét Gauja.

Hún lagði fram þingsályktunartillögu um könnun á hagkvæmni þess að draga úr plastpokanotkun sem var samþykkt í lok september 2014. „Aðgerðaáætlun átti að liggja fyrir í fyrra en ekkert bólar á henni ennþá. Þessi tillaga er þverpólitísk, uppáskrifuð af þingmönnum allra flokka, en hún bara nær ekki í gegn, sem er miður. Á meðan tekur hver þjóðin á fætur annarri framúr okkur og samþykkir hrein bönn við t.d. plastpokum, frauðplasti og er í markvissri vinnu í að vinna gegn plasti,“ segir Margrét Gauja.

svavar@frettabladid.is

> **Þessi tillaga er þverpólitísk, uppáskrifuð af þingmönnum allra flokka, en hún bara nær ekki í gegn, sem er miður.**



Margrét Gauja Magnúsdóttir, verkefnisstjóri, bæjarfulltrúi og varaþingmaður




# Laun forstjóra leiðrétt afturvirkt

**KJARAMÁL** Mánaðarlaun Arnórs Guðmundssonar, forstjóra Menntamálastofnunar, nema alls 1.125.701 krónu, samkvæmt ákvörðun Kjararáðs í mánuðinum. Ákvörðunin er afturvirk og gildir frá 1. október í fyrra.

Menntamálastofnun tók formlega til starfa 1. október síðastliðinn, en hún tók þá yfir verkefni Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar. Í ákvörðun Kjararáðs segir að hliðsjón hafi verið höfð af launum forstjóra stofnananna sem lagðar voru niður. Heildarlaun forstjóra Námsmatsstofnunar voru tæp 907 þúsund á mánuði og tæp 952 þúsund hjá forstjóra Námsgagnastofnunar. Laun Arnórs eru því frá rúmlega 18 til rúmlega 24 prósentum hærri en hjá forverum hans.



Arnór Guðmundsson,

> **Laun Arnórs eru 18-24% hærri en hjá forverum hans.**

Það hefur Kjararáð nýverið fært laun Guðjóns Brjánssonar, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HSV), í sama launaflokk og kollega hans hjá heilbrigðisstofnunum Norðurlands og Suðurlands. Ráðið segir það gert til að gæta jafnræðis í ákvörðunum. Heildarlaun forstjóra heilbrigðisstofnana eru 1.143.569, rúmum fimm prósentum hærri en þau voru hjá HSV. Ákvörðunin er afturvirk frá og með 1. október 2014.



Forstjóri HSV og forstjóri Menntamálastofnunar eru í sama launaflokki, en sá fyrrnefndi fær greiddar 28 yfirvinnueiningar á mánuði meðan hinn fær greiddar 26. Hver yfirvinnueining er 8.934 krónur. **– óká**



№30
2016
Listahátíð
í Reykjavík
HljóðX er stoltur samstarfsaðili Listahátíðar
21. maí — 5. júní
Play – Sidi Larbi Cherkaoui & Shantala Shivalingappa
@ Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið – 31. maí, KL. 19:30
Mistakasaga mannkyns
@ Gamla bíó – 2. júní, KL. 20:00
UR_ – ópera eftir Önnu Þorvaldsdóttur
í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar
@ Harpa, Norðurljós – 4. júní, KL. 20:00
The Mosaic Project – Terri Lyne Carrington
með Lizz Wright & sex manna djassbandi
@ Harpa, Eldborg – 5. júní, KL. 20:00
Miðasala og dagskrá á
www.listahatid.is
Samstarfsaðili
HLJÓÐX
Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN
Icelandair Hotels
GAMMA

# Samið um líkamsrækt í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kópavogsbær og Reebok Fitness hafa skrifað undir samning um rekstur líkamsræktarstöðva í sundlaugum Kópavogs, Salalaug og Sundlaug Kópavogs.

Samningurinn er til fimm ára með möguleika á þriggja ára framlengingu, að því er fram kemur í tilkynningu.

„Samningurinn gerir ráð fyrir að boðið verði upp á árskort fullorðinna fyrir 39.990 og eldri borgara og öryrkja fyrir 25.000 og gilda kortin í líkamsrækt og sund,“ segir þar jafnframt.

Haft er eftir Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs, að hagstæð líkamsrækt við sundlaugar í bænum sé í anda markmiða bæjarins við gerð nýrrar lýðheilsustefnu.

Stefnt er að opnun líkamsræktarstöðvanna í september. **– óká**

**LEIÐRÉTT**

*Í mynd með frétt um nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist í gær sagði að Samfylkingin fengi líklegast 2 menn kjörna á þing í Norðausturkjördæmi, yrðu niðurstöður kosninga samkvæmt skoðanakönnuninni. Hið rétta er að flokkurinn fengi líklegast engan mann í kjördæminu.*




**Börnin á pakkningunum eru þýskir knattspyrnumenn.** NORDICPHOTOS/AFP

# Pegida berst gegn Kinder-eggjum

**ÞÝSKALAND** Meðlimir Pegida-hreyfingarinnar í Þýskalandi, sem berst gegn innflytjendum, mótmæla því að pakkningar Kinder-súkkulaðsins prýða nú börn sem virðast vera af afrískum og mið-austurlenskum uppruna.

Liðsmenn samtakanna virðast ekki hafa áttað sig á því að myndirnar eru af landsliðsmönnum karlaliðs Þýskalands í knattspyrnu þegar þeir voru börn. Pakkningarnar prýða myndir af þeim Ilkay Gündogan og Jérôme Boateng sem báðir eru fæddir í Þýskalandi.

Meðlimum samtakanna hefur einnig verið bent á að Kindersúkkulaðið sé framleitt af ítalska sælgætisfyrirtækinu Ferrero en ekki framleitt í Þýskalandi. **– srs**

LYFJA – Lífið heil
Lægra verð í Lyfju
Nicorette
nikótínlyfjatyggigúmmí
lyfja.is
15% afsláttur

15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg
Tilboðið gildir til 17. júní 2016

DOMUSNOVA Fasteignasala
Nýbýlavegur 8, 2. hæð • 200 Kópavogur • domusnova@domusnova.is • S 527 1717

Barónsstígur 27
101 Reykjavík.
Opið hús sunnudaginn
29. maí, kl. 17:00 - 18:00.

Björt og falleg 2ja herbergja 64,3fm íbúð á 2. hæð í miðbænum.

Mikið endurnýjuð, sér geymsla, góð sameign.

Snýr að Grettisgötu, hljóðlátur reitur miðsvæðis.

Nýtist bæði sem ein íbúð eða sem tvö aðskilin herbergi, hentugt t.d. fyrir útleigu

Verð 29,9 millj.



OPIÐ HÚS

Guðný Ösp Ragnarsdóttir
Lögfræðingur. Lögg. fasteignasali
sími 665 8909
go@domusnova.is

## Hátíðarhöld að hindúasið



**Indland** Þessi Indverji fórnaði fótunum fyrir gyðjuna Adi-Para Shakti í gær með því að ganga á brennandi heitum kolum. Fjöldi fólks kom saman í Bangalore til að tilbiðja gyðjuna og margir gengu á heitum kolunum í þeirri von að eldurinn myndi færa þeim blessun gyðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Flugumferðarstjórar vilja meira en 25%

**Flugumferðarstjórn gæti flust frá Íslandi vegna tíðra launadeilna og krafna um hækkanir umfram aðra, segir framkvæmdastjóri SA. Heildarlaun flugumferðarstjóra nema um milljón að jafnaði. Hafa hafnað fjórðungshækkun á laun.**

**KJARAMÁL** Flugumferðarstjórar hafa hafnað tilboði sem svarar til 25 prósenta hækkunar launa, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Að því gefnu að heildarlaun flugumferðarstjóra, með grunnlaunum, föstu vaktaálagi og yfirvinnu meðtalinni, nemi að jafnaði um milljón krónum á mánuði, hafa þeir því hafnað launahækkun sem svarar til um 250 þúsund króna á mánuði.

Fram kom í tilkynningu sem Flugstoðir (forveri Isavia ohf.) sendu frá sér þegar yfir stóðu samningar við flugumferðarstjóra snemma árs 2010 að þá hefðu heildarmánaðarlaun flugumferðarstjóra numið ríflega 900 þúsund krónum. Þá voru laun 59 ára gamals flugumferðarstjóra, án yfirvinnu og annarra aukagreiðslna, rúmar 800 þúsund krónur.

Kjaraviðræður Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) og Samtaka atvinnulífsins (SA), fyrir hönd Isavia, hafa staðið frá því í nóvember. Síðasti fundur í deilunni var 20. maí hjá ríkissáttasemjara. Boða verður til nýs fundar fyrir 3. júní næstkomandi.

> **Niðurstaðan er sú að kjör allra versna til lengri tíma.**
>
> Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA



Yfirvinnubann flugumferðarstjóra hefur staðið frá 6. apríl og valdið nokkurri röskun á flugi til og frá landinu.

Í leiðara fréttabréfs SA segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri samtakanna, kröfur flugumferðarstjóra um hækkanir langt umfram hækkanir í öðrum kjarasamningum. „Yrði gengið að kröfum þeirra raskaðist það dýrkeypta jafnvægi sem komist hefur á kjaramálin,“ segir hann. Við tæki hefðbundið íslenskt höfrungahlaup um launahækkanir sem gæti af sér aukna verðbólgu, hærri vexti og gengisfall að lokum til að lagfæra samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem starfa í alþjóðlegri samkeppni. „Niðurstaðan er sú að kjör allra versna til lengri tíma.“

Þorsteinn segir mikið í húfi að launadeilan við flugumferðarstjóra verði ekki til að stefna stöðugleika á vinnumarkaði í voða, en hún gæti líka dregið dilk á eftir sér. Ítrekaðar launadeilur og kröfur um margfaldar launahækkanir á við aðra bjóði þeirri hættu heim að þjónustan færist úr landi. „Engar náttúrulegar aðstæður kalla á að starfsemin sé rekin hér á landi en það væri miður ef sífelldar og óbilgjarnar verkfallsaðgerðir þessa fámenna starfshóps myndu hrekja þjónustuna frá Íslandi.“ **olikr@frettabladid.is**


F&F
SUMARHÁTÍÐ
DAGANA 27. - 29. MAÍ
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM F&F VÖRUM
Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Flóttamenn auka hagvöxt í Tyrklandi

**Sýrlenskir flóttamenn hafa stofnað fjögur þúsund fyrirtæki í Sýrlandi frá árinu 2011 og hafa jákvæð áhrif á efnahag landsins samkvæmt nýrri skýrslu. 2,7 milljónir Sýrlendinga búa nú í Tyrklandi. Margir þeirra eru úr millistétt, eiga sparnað og hafa aðgang að lánsfé.**

**TYRKLAND** Sýrlenskir flóttamenn hafa aukið hagvöxt í Tyrklandi samkvæmt nýrri skýrslu Standard & Poor's.

Sýrlendingar hafa stofnað 4.000 ný fyrirtæki í Tyrklandi frá árinu 2011, þar af 1.600 á síðasta ári og 590 til viðbótar á fyrstu þremur mánuðum ársins, að því er fram kemur í frétt The Financial Times en 2,7 milljónir Sýrlendinga hafa flúið frá Sýrlandi til Tyrklands á síðustu fimm árum.

The Financial Times bendir á að þó flestir sýrlenskir flóttamenn í Tyrklandi búi við mjög bág kjör í og við flóttamannabúðir séu margir þeirra úr sýrlenskri millistétt, sem eigi sparnað og hafi aðgang að lánsfé.

Einn þeirra er Remo Fouad, fimmtugur bakari, sem flúði Aleppo, fjölmennustu borg Sýrlands, fyrir þremur árum. Hann byrjaði á því að opna sætabrauðs- og sælgætisverslun í Egyptalandi, svo Líbanon, með sparnaði sem hann hafði falið á líbönskum bankareikningum, en báðar verslanirnar fóru á hausinn. „Í Egyptalandi áttu viðskiptavinirnir engan pening," segir Fouad. „Í Líbanon, komu þeir mjög illa fram við Sýrlendinga," bætir hann við.

Fyrir tveimur árum opnaði hann litla verslun í Istanbúl og rekur í dag verksmiðju á fjórum hæðum, tvær verslanir og stefnir á að opna þá þriðju. „Ég borga mína skatta, borga fólki góð laun og fer að lögum," segir hann.

Mohamed Nizar Bitar rak keramíkverksmiðjur í Sýrland, en flúði land þegar hann var varaður við því að stjórnvöld hygðust handtaka hann. Varði hann nærri fjórum milljónum króna af sparifé sínu til að koma sér og fjölskyldu sinni úr landi. Afgangurinn af sparifé hans, ríflega hundrað þúsund krónur, fór í að opna arabískan matsölustað og heimsendingarþjónustu í kjallara í Tyrklandi. Í dag rekur hann veitingahúsakeðju á sjö stöðum með 330 starfsmönnum og hefur um 260 milljónum króna verið varið í að fjárfesta í búnaði og húsnæði á vegum fyrirtækisins.

Hagvöxtur í Tyrklandi var 5,7 prósent á síðustu þremur mánuðum síðasta árs en ýmsar áskoranir fylgja þessum miklu þjóðflutningum. Fjögur prósent af íbúum Tyrklands eru Sýrlendingar og margir þeirra kunna lítið í tyrknesku. Þá er atvinnuleysi í landinu ellefu prósent og sumir tyrkneskir verkamenn telja Sýrlendinga vera að stela af þeim störfum. **ingvar@frettabladid.is**



Sýrlenski flóttamaðurinn Mohmad Bozan í verslun sem hann stofnaði í landamærabænum Reyhanli í Tyrklandi. Bozan er einn af fjölmörgum flóttamönnum sem komið hafa á fót atvinnurekstri í landinu. NORDICPHOTOS/GETTY

> Ég borga mína skatta, borga fólki góð laun og fer að lögum.
>
> Remo Fouad, verksmiðju- og verslunareigandi í Istanbúl

**4%** íbúa Tyrklands eru Sýrlendingar.


Til sölu:

GARÐYRKJUSTÖÐ INGIBJARGAR Hveragerði



Garðyrkjustöð Ingibjargar, ein veglegasta garðyrkjustöð landsins, staðsett á 10.000m² svæði í Hveragerði er til sölu.
Í ræktun stöðvarinnar nú og í sölu er mikið úval af garðplöntum; sumarblómum, fjölærum plöntum, runnum, trjáplöntum og matjurtum.
Einnig framleiðir Garðyrkjustöð Ingibjargar og flytur inn pottaplöntur fyrir smásölu og heildsölu. Tryggir viðskiptavinir.
Velta hefur verið stöðugt vaxandi og hagnaður góður.
Kröftug starfsemi allt árið.
Hér er um að ræða skemmtilegt og óvenjulegt tækifæri með mikla möguleika.

Nánari upplýsingar veitir Brynhildur Bergþórsdóttir, brynhildur@kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

Haukur 05.16




Kúluskítur er horfinn, bleikjan að hverfa og hornsílastofninn í sögulegu lágmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kalla eftir viðbrögðum vegna Mývatns

**UMHVERFISMÁL** Þrír þingmenn Vinstri grænna, þau Steingrímur J. Sigfússon, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Svandís Svavarsdóttir, hafa lagt fram þingsályktunartillögu um ráðstafanir til að bæta fráveitumál á landsbyggðinni og viðbrögð við náttúruvá við Mývatn.

Þau gera að tillögu sinni að umhverfis- og auðlindaráðherra sé falið af Alþingi að skipa starfshóp sem fari yfir ástand fráveitumála í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins og geri tillögur til úrbóta sem miðist við að fráveitur sveitarfélaganna uppfylli lögmælt skilyrði og samræmist sjónarmiðum um umhverfisvernd. Enn fremur geri starfshópurinn kostnaðaráætlun vegna þeirra fráveituframkvæmda sem talin er þörf á í hverju sveitarfélagi. Forgangsröðun í þessu starfi verði þannig að fyrst verði fjallað um fráveitur sveitarfélaga þar sem friðlýst svæði eru, þá um fráveitur sveitarfélaga sem ekki liggja að sjó og loks um fráveitur sveitarfélaga almennt. Nauðsynleg aðkoma ríkisins að lausn mála verði skilgreind í hverjum fyrrgreindra flokka sveitarfélaga um sig.

Þá álykti Alþingi að veittar verði 15 milljónir króna ár hvert, næstu þrjú ár, til Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn sem varið verði til að styrkja rannsóknir á umhverfi og lífríki Mývatns í því skyni að leita orsaka þeirra lífríkisbreytinga sem þar hafa orðið á undanförnum árum.

Enn fremur að veittar skuli 170 milljónir króna til helminga á þessu og næsta ári, til fyrsta áfanga fyrirhugaðrar uppbyggingar á hreinsi- og fráveitumannvirkjum í Skútustaðahreppi með það að markmiði að lágmarka áhrif byggðar og starfsemi í hreppnum á Mývatn og vatnasvæði þess.

Tilefni tillögunnar er verulegar breytingar sem hafa orðið til hins verra á lífríki Mývatns, og eru raktar til ofauðgunar í vatninu af mannavöldum. **– shá**

**45** milljónir til rannsókna við Mývatn er meðal tillagna þingmannanna.

Innovation that excites

NISSAN PULSAR

# EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI




ENNEMM / SÍA / NM75221 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**VISIA DÍSIL**
**EYÐSLA 3,6 L/100 KM***
**3.290.000 KR.**

**ACENTA DÍSIL**
**EYÐSLA 3,6 L/100 KM***
**3.590.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og samþætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

**OPIÐ FRÁ KL. 12–16**

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080
**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laust til umsóknar 1 leyfi til leiguaksturs á Akureyri og 1 leyfi í Árborg.

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og reglugerðar nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfa fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 397/2003.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

Samgöngustofa
Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

Morgunverðarerindi og aðalfundur ÍKV:




Íslensk-kínverska viðskiptaráðið heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 31. maí næstkomandi. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast heldur Ragnar Baldursson, sendiráðunautur í sendiráði Íslands í Peking, erindi undir yfirskriftinni „Framtíð Kína í fortíðarljósi“. Ragnar kynnir meðal annars nýútkomna bók sína, Nineteen Seventy-Six, Penguin China Special. Bókin fjallar um atburði ársins þegar Mao formaður lést en Ragnar var þá nýkominn til náms í Pekingháskóla.

**Fundurinn hefst kl. 8.30 með erindi Ragnars, sem er öllum opið. Að því loknu verða fyrirspurnir og umræður.**

Um kl. 9.30 hefjast venjuleg aðalfundarstörf.

冰岛中国贸易促进会
Íslensk kínverska viðskiptaráðið
The Icelandic Chinese Trade Council

Fundurinn verður haldinn í fundarsal Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Morgunverður er í boði á fundinum. **Skráning á vef Félags atvinnurekenda, www.atvinnurekendur.is.**



**Barack Obama í Hiroshima ásamt Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans.** NORDICPHOTOS/AFP

# Baðst ekki afsökunar fyrir hönd lands síns

**Barack Obama er fyrsti forseti Bandaríkjanna í embætti sem heimsækir Hiroshima. Hann baðst ekki afsökunar fyrir hönd Bandaríkjanna á kjarnorkusprengingunni árið 1945 en sagði þó nauðsynlegt að draga lærdóm af sögunni.**

**JAPAN** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að minningin um kjarnorkusprenginguna í Hiroshima megi aldrei hverfa. Hann kom til Hiroshima í gær, fyrstur Bandaríkjaforseta í embætti.

Tveir aðrir Bandaríkjaforsetar hafa þó komið til Hiroshima, en það voru þeir Jimmy Carter sem kom þangað löngu eftir að hafa látið af embætti og Richard Nixon sem kom þangað nokkrum árum áður en hann varð forseti.

Obama baðst ekki afsökunar fyrir hönd Bandaríkjanna, en heimsóknin þykir engu að síður marka tímamót.

Í ávarpi sínu lagði Obama áherslu á þann lærdóm, sem draga þyrfti af hörmungunum í Hiroshima og Nagasaki.

„Við komum hingað til að syrgja hina látnu,“ sagði hann. „Sálir þeirra tala til okkar. Þær segja okkur að líta í eigin barm og átta okkur á því hver við erum.“

Kjarnorkusprengjurnar sem Bandaríkjamenn vörpuðu á Hiroshima og Nagasaki kostuðu líklega vel yfir 200 þúsund manns lífið og tugir þúsunda þjáðust árum og áratugum saman af afleiðingum sprengjanna.

„Það er mikilvægara að styrkja þann alþjóðlega skrið sem kominn er á að losa heiminn við kjarnorkuvopn með því að fá hann til að skilja hve hryllilegar kjarnorkusprengjur eru, frekar en að óska eftir afsökunarbeiðni frá honum,“ hefur japanska dagblaðið Asahi Shimbun eftir Kunihiko Lida, 73 ára manni sem lifði af hildarleikinn í Hiroshima þann 6. ágúst árið 1945.

Blaðið spurði alla þá sem lifðu kjarnorkuhamfarirnar af hvað þeim þætti um heimsókn Obama. Níutíu prósent þeirra voru ánægð með að Obama kæmi til Hiroshima og aðeins þriðjungur sagði nauðsynlegt að fá frá honum afsökunarbeiðni.

„Einhvers staðar í huga mér er mér enn illa við Bandaríkin og vil afsökunarbeiðni frá þeim, en tíminn er að renna mér úr greipum,“ sagði Lida í sams konar könnun blaðsins á síðasta ári, en blaðið gerir reglulega skoðanakönnun meðal þeirra sem lifðu af kjarnorkusprengingarnar í Hiroshima og Nagasaki.

Margir Japanir bíða þó enn eftir afsökunarbeiðni frá Bandaríkjunum. „Við Japanir gerðum hræðilega hluti úti um alla Asíu,“ hefur bandaríska fréttastofan AP eftir Han Jeong-soon, 58 ára konu, en faðir hennar missti foreldra sína í hildarleiknum árið 1945.

„Og við Japanir ættum að biðjast afsökunar vegna þess að við skömmumst okkar svo mikið, og við höfum ekki af einlægni beðið öll þessi Asíulönd afsökunar. En að varpa kjarnorkusprengjunni var hin fullkomna illska.“

**gudsteinn@frettabladid.is**

> **Einhvers staðar í huga mér er mér enn illa við Bandaríkin og vil afsökunarbeiðni frá þeim, en tíminn er að renna mér úr greipum.**
>
> Kunihiko Lida, 73 ára Japani sem lifði af sprengjuna í Hiroshima

**40-80**

**þúsund létu lífið í Nagasaki vegna kjarnorkusprengingarinnar 9. ágúst 1945.**

**70-146**

**þúsund létu lífið í Hiroshima vegna kjarnorkusprengingarinnar 6. ágúst 1945.**

# Vextir hækka hjá Lánasjóði námsmanna

**MENNTAMÁL** Vextir námslána hækka úr 1 % í 2,5 % ef nýtt frumvarp Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra nær fram að ganga. Frumvarpið var samþykkt úr ríkisstjórn á þriðjudag og miðar að því að námsmenn með fulla námsframvindu geti fengið styrk allt að 65 þúsund krónur á mánuði í samtals fimm skólaár.

Námsmenn geta ákveðið að taka eingöngu styrk, styrk og lán eða jafnvel lán að hluta. Um er að ræða námslánakerfi að norrænni fyrirmynd.

Heildarstyrkur getur numið allt að tæpum þremur milljónum króna miðað við fulla námsframvindu og heildarlán miðast við fimmtán milljónir á hvern námsmann. Heildaraðstoð getur því numið tæpum átján milljónum króna, en yfir 99 prósent nemenda falla undir það viðmið.

Á móti kemur að aðstoð verður aðeins veitt til sjö ára sem áður voru 8 ár. Til samanburðar veitir Noregur námsaðstoð í 8 ár, Danmörk og Svíþjóð í 6 ár og Finnland í 5 ár. Uppgreiðslu lána skal lokið fyrir 67 ára aldur en 60 ára eða eldri eiga ekki rétt á námsstyrk eða námsláni. **– sg, snæ**

> **Námsmenn munu fá 65.000 krónur á mánuði í fimm skólaár.**



**Illugi fékk frumvarpið samþykkt á þriðjudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## ERINDI MEISTARANEMA Í VERKFRÆÐI OG TÖLVUNARFRÆÐI

Hönnun og þróun á OpenStack ytra geymsluskýi
Óskar Eiríksson

A system dynamics approach to macroeconomics
Rafn Viðar Þorsteinsson

Vegtenging um Skerjafjörð
Ragnar Steinn Clausen

Passenger injuries in car collisions
Edda Doris Þráinsdóttir

Ákvörðun á sigspá fyrir vegi um mýrlendi
Arnar Freyr Þrastarson

Tímanýting í þekkingarvinnu:
Mat á tímanýtingu m.t.t. verkaskiptingar
Helga María Jónsdóttir

Return on Innovation Investment
Vera Dögg Antonsdóttir

Key factors for the implementation of sustainable drainage systems in Iceland
Eyrún Pétursdóttir

Áhrif hringorma við þorskvinnslu
Einar Sigurðsson

Exploiting seasonal surplus energy from geothermal utilization for electrical power production
Pálmar Sigurðsson

Pelleting Carbon Rich Raw Materials for the Production of Ferrosilicon
James Dannyell Maddison

Numerical modeling of flow in a mist eliminator for geothermal power plants
Matti Arnim Grabo

Modelling greenhouse gas emissions from light duty vehicles
Joel Zushman



# NÝSKÖPUN NÁMSMANNA Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

## LAUSNIR Í VERKFRÆÐI OG TÖLVUNARFRÆÐI







**Meistaradagur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2016**
**þriðjudaginn 31. maí, kl. 13:00–17:00 í Öskju, Sturlugötu 7.**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 13:00–13:05 | Setning meistaradags Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2016<br>Gunnar Stefánsson, prófessor og forstöðumaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands |
| 13:05–13:35 | Hagnýtingar erfðaupplýsinga<br>Kári Stefánsson, prófessor og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar |
| 13:35–13:55 | Lífupplýsingafræði: frá strengjum til einstaklinga<br>Páll Melsted, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands |
| 14:00–17:00 | Meistarafyrirlestrar og veggspjaldakynningar |
| 17:00 | Léttar veitingar og verðlaunaafhending fyrir besta veggspjaldið |

**Nánari upplýsingar á**
**www.von.hi.is/meistaradagur**

**Komdu og kynntu þér uppsprettu nýsköpunar og tæknilausna í verkfræði og tölvunarfræði**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

# Vilja ekki að viðskiptin hverfi úr landi

**Velferðarráðuneytið segir norsk sjúkrahús hafa í útboði fengið keypt lyf á 72 prósentum lægra verði en bjóðist hér. Breytingar á lögum um opinber innkaup miða að því að auðvelda þátttöku í útboðum innan EES. Hagsmunasamtök vara við áhrifum á samkeppni hér.**

**STJÓRNSÝSLA** Hagmunasamtök fyrirtækja í atvinnulífinu sem skilað hafa greinargerð við frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup leggjast öll gegn afnámi sérstaks samkeppnismats sem samkvæmt gildandi lögum þarf að eiga sér stað áður en opinber fyrirtæki fá heimild til útboðs innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

Með breytingunni er tekið tillit til Evróputilskipunar sem tekur fyrir að aðildarríki geti hindrað „samningsyfirvald“ í að nýta sér þjónustu miðlægrar innkaupastofnunar í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Í umsögn Félags atvinnurekenda (FA) segir hins vegar að ákvæði um samkeppnismat í gildandi lögum, sem fellur út í þeim nýju, komi ekki í veg fyrir þátttöku í útboðum. Bent er á að heildarinnkaup ríkisins séu rúmlega 140 milljarðar króna á ári og tilfærsla viðskipta til annarra ríkja komi til með að hafa gríðarleg áhrif á fyrirtæki hér á landi.

Í umsögn Viðskiptaráðs á þriðjudag segir líka að samkeppnismat sé forsenda þess að innkaupastefna hins opinbera taki tillit til heildaráhrifa útboða. Liggja þurfi fyrir að neikvæð áhrif á innlendan markað vegi ekki þyngra en ávinningur af lægra vöruverði.

Viðskiptaráð leggur til að samkeppnismat verði notað áfram þótt þátttaka opinberra fyrirtækja í útboðum verði ekki háð samþykki Samkeppniseftirlitsins á matinu. Frumtök – samtök framleiðenda frumlyfja vilja að samkeppnismatið haldi sér eða að heimild til þátttöku í útboði verði bundin samþykki Samkeppniseftirlits. Í sama streng taka Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ).

Á hinum vængnum er Landspítalinn (LSH), en í umsögn hans er breytingunni fagnað. Ákvæði um samkeppnismat hafi hamlað möguleikum LSH við að ná fram hagkvæmari innkaupum á lyfjum. Á Norðurlöndum nái heilbrigðisstofnanir fram afslætti frá skráðu verði lyfja, en hér skili fyrirtæki, sem séu í eiginlegri einokunaraðstöðu, í síauknum mæli tilboðum með engum afslætti. „Enda vita þau sem er að hér er um að ræða lyf sem LSH er nauðsynlegt að kaupa vegna þeirra sjúklinga sem til meðferðar eru, ekki eru til önnur lyf sem komið geti í staðinn, og/eða ekki er unnt að skipta um lyf í miðri meðferð.“

Í umsögn velferðarráðuneytisins eru sögð nýleg dæmi um að norsk sjúkrahús hafi náð að kaupa inn lyf á um 72 prósentum lægra verði í útboðum en boðist hafi hér á landi. „Um er að ræða lyf sem keypt eru fyrir um einn milljarð króna á ári.“ Nýja frumvarpið taki af allan vafa um heimildir undirstofnana ráðuneytisins til innkaupa á aðföngum í sameiginlegum útboðum erlendis.

**olikr@frettabladid.is**



**Samkeppniseftirlitið hefur bent á að fái hið opinbera ótakmarkaða heimild til að færa viðskipti til útlanda komi mörg lítil og meðalstór fyrirtæki sem tekið hafi þátt í opinberum útboðum til með eð eiga mjög erfitt uppdráttar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ríkiskaup vilja vera til ráðgjafar

Eftirlitsstofnanir ríkisins, utan Samkeppniseftirlitsins, taka ekki afstöðu til ágætis ákvæðis um samkeppnismat í lögum um opinber innkaup. Lyfjastofnun áréttar að ákvæði lyfjalaga gildi hér, burtséð frá þátttöku í útboðum innan EES. Ríkiskaup leggja til að óánægju með brottfall ákvæðis um samkeppnismat verði mætt með því að gera aðstoð Ríkiskaupa að skyldu taki stofnanir þátt í útboðum í öðru ríki EES.

Samkeppniseftirlitið segist í umsögn 19. maí þurfa að móta verklag tengt nýju lögunum, enda hafi stofnunin í þeim engar heimildir til íhlutunar. Í umsögn í janúarlok varar Samkeppniseftirlitið hins vegar við ráðgerðum breytingum. Ákvæði um samkeppnismat var tekið inn í lögin að beiðni stofnunarinnar, því innkaup í öðru landi gætu í einhverjum tilvikum raskað samkeppni hér. Smæð íslenskra fyrirtækja geti útilokað þau frá viðskiptunum, vegna umfangs þeirra þegar þau ná til fleiri ríkja.

**140** milljarðar króna eru heildarinnkaup ríkisins á ári.






# PLUG-IN HYBRID sýning í dag

## Bensín og rafmagn sameina kraftana

Með PLUG-IN HYBRID tengiltvinntækninni sameinast umhverfismild sparneytni hleðslurafbílsins og kraftur bensínvélarinnar á tæknilega fullkominn hátt.

Nú þegar eru fjórar gerðir Mercedes-Benz bíla í boði í PLUG-IN HYBRID útfærslum: **GLE, GLC, C-Class** og **S-Class**. Í lok árs 2017 verða tíu gerðir fáanlegar PLUG-IN HYBRID.

Komdu í Öskju í dag, laugardag, kl. 12–16 og skoðaðu PLUG-IN HYBRID línuna frá Mercedes-Benz. Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# 3X SPORT FRUMSÝNING



## FORD **FOCUS RS**

FRÁ **6.990.000** KR.

Sjáðu bílinn sem **Ken Block**, einn frægasti ökuþór heims, hannaði í samstarfi við Ford.

Bílablaðamenn hafa hlaðið Ford Focus RS lofi enda búinn einstöku fjórhjóladrifi með driftpakka og launch control búnaði.

Það sem meira er þá skilar 2,3 lítra EcoBoost vélin **350 hestöflum** og **440 Nm** togkrafti. Hröðunin er **4,7 sek.** frá 0-100 km/klst.







## FORD **FOCUS ST**

FRÁ **5.390.000** KR.

**250 hestafla** framhjóladrifið tryllitæki með **345 Nm** togkrafti.

Hann er búinn sportfjöðrun, Recaro framsætum með Windsor leðri, ST pedölum úr ryðfríu stáli, Bi-XENON framljósum og vindskeiðapakka allan hringinn.

## FORD **FIESTA RED&BLACK**

FRÁ **3.050.000** KR.

Eins og þrír espresso í morgunsárið. Grjótharður sportbíll. Vélin er heil **140 hestöfl** og skilar **210 Nm** togkrafti.

Skemmtilegir litamöguleikar á toppi og grilli. Kastarar að framan, sportstuðarar og vindskeiðapakki.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

# BÍLA-



## Við frumsýnum þrjá sportbíla frá Ford í dag milli kl. 12 og 16

Í dag gefst einstakt tækifæri til að skoða nýjustu sportbílana frá Ford. Við frumsýnum Ford Focus RS, Ford Focus ST og Ford Fiesta Red&Black. Einnig verður nýjasta kynslóð Ford Mustang á staðnum.

**Þessu viltu ekki missa af!**
**Sjáðu allt það heitasta frá Ford. Komdu á þrefalda Ford sportbíla-frumsýningu í dag.**




FORD **MUSTANG**
FRÁ **6.890.000** KR.

Nýjasta kynslóð goðsagnarinnar sem vekur hvarvetna eftirtekt og fær hjartað til að slá örar.

Sýningarbíllinn er mikið breyttur Ford Mustang GT Premium búinn V8 vél sem er **435 hestöfl** og skilar **542 Nm** togkrafti.

Ford

ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn myndum í auglýsingu.

# Vonir um Borgarlínu innan fimm til tíu ára

**Borgarlína með léttlestum eða hraðvögnum getur tengt saman helstu hverfi höfuðborgarsvæðisins. Sambærileg kerfi hafa verið byggð upp víðsvegar um Evrópu fyrir minni borgir. Uppbygging kerfisins þarf ekki að taka langan tíma.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Vonir eru um að Borgarlína sem tengi saman helstu svæði höfuðborgarsvæðisins verði tekin í notkun eftir fimm ár, eða að minnsta kosti innan næstu tíu ára. Þetta kom fram í máli Þorsteins R. Hermannssonar, samgöngustjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, á málþingi um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í gær.

„Við erum ekki að hugsa fjörutíu ár fram í tímann með þetta,“ sagði hann. Borgarlína verður annaðhvort léttlesta- eða hraðvagnakerfi, ekki er búið að ákveða hvaða tækni á að nota. Verið er að skoða möguleikann á að tengja frá Keflavíkurflugvelli við Borgarlínuna, þó nokkrar útfærslur séu á borðinu.

Borgarlínan er hryggjarstykkið í Höfuðborgarsvæðinu 2040, nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og samgönguáherslum þess. Fram kom á fundinum að árið 2040 gæti 40 kílómetra Borgarlína verið komin í gagnið. Heildarstofnkostnaðar væri 70 til 150 milljarðar króna. Hægt væri að ljúka fyrsta áfanga fyrir árið 2022 með 18 kílómetra línu, sú fjárfesting myndi nema 30 til 65 milljörðum króna.

> **Í Viva-kerfinu liðu 36 mánuðir milli þess sem undirbúningur verkefnisins hófst og þangað til fyrstu vagnarnir hófu akstur.**
>
> Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Þorsteinn rökstuddi uppbyggingu Borgarlínu í Reykjavík með því að vísa til þess að sambærileg kerfi hefðu verið byggð upp víðsvegar um Evrópu fyrir borgir með innan við 300 þúsund íbúa og jafnvel 200 þúsund íbúa. Í Frakklandi hefur verið byggt upp léttlestarkerfi í 33 borgum frá árinu 1985, þar af í 25 borgum með færri en 250 þúsund íbúa.

Akstursleiðirnar eru ekki endanlegar en greining og samanburður hefur verið gerður á mögulegum akstursleiðum eftir tólf leggjum milli kjarna. Þær akstursleiðir sem eru meðal annars til áframhaldandi skoðunar eru Fjörður í Hafnarfirði, Garðabær, Hamraborg, Kringlan, Miðbær, BSÍ, Ártún og Eiðistorg. Innan við fjögur hundruð metra frá akstursleiðum á korti eru 80 þúsund íbúar, 68 prósent af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og 51 prósent af atvinnuhúsnæði.

„Við gerð Borgarlínu er skoðaður hver sé þéttleiki byggðar í dag, en ekki síður hvar uppbyggingin verður,“ sagði Þorsteinn á fundinum. „Kerfið er ekki bara fjárfesting heldur leiðir líka af sér fjárfestingu. Áætlanir um uppbyggingu húsnæðis og Borgarlínu eru samtvinnaðar til að hægt sé að uppfylla ferðaþarfir sem flestra íbúa og ferðamanna með kerfinu.“ Þorsteinn bætti við að höfð væri í huga fjölgun um næstu sjötíu þúsund íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Þorsteinn vék að fjármögnun Borgarlínu á fundinum og benti á dæmi frá Danmörku og Frakklandi. Þar hefur fjármögnunin skipst milli sveitarfélaga, ríkisstjórna og hverfa.

Í Frakklandi hefur ríkið fjármagnað stofnkostnað með skattheimtu, til dæmis frá bílastæðagjöldum og fyrirtækjum í grenndinni.

Fjölbreyttar fjármögnunarleiðir eru því í boði, meðal annars samstarf við einkamarkaði um framkvæmdir, fjármögnun og rekstur, svokölluð PPP-leið. Opinber fjármögnun er ýmist í formi almennrar eða sértækrar skattheimtu. Sérstakur skattur er þá eyrnamerktur almenningssamgöngum, til dæmis vegtollar, gjaldtaka af bílastæðum og fleira.



Heimild: Reykjavíkurborg

Í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu hefur PPP-kerfið gengið vel í uppbyggingu og rekstri hágæða almenningssamgöngukerfa, en þeim hefur stöðugt fjölgað þar síðustu 24 ár. Í York fyrir utan Toronto er Viva- kerfi við lýði, þar sáu samgönguyfirvöld um stærstan hluta fjármögnunar, en einkaaðilar sáu um hönnun, uppbyggingu, innkaup og rekstur að hluta.

Þorsteinn benti á að uppbygging léttlestarkerfis tæki ekki langan tíma þegar ákveðið væri að taka af skarið. „Í Viva-kerfinu liðu 36 mánuðir milli þess sem undirbúningur verkefnisins hófst og þangað til fyrstu vagnarnir hófu akstur,“ sagði Þorsteinn.




**Sumarsýning Porsche í dag**

Mögnuðustu sportbílar landsins eru komnir í sumarbúning!

Morgunsólin dansar á glansandi húddinu og þú upplifir sanna ökugleði. Það er ekkert sem jafnast á við ferðalag í Porsche á fallegum sumardegi á Íslandi.

Við ætlum að framkalla þá tilfinningu á Sumarsýningu Porshe í dag og höfum flutt inn sérstaklega nokkra glænýja ofurjeppa og sportbíla frá Porsche af því tilefni.



# Þróunarfélag stofnað vegna lestar frá Keflavíkurflugvelli

**SAMGÖNGUR** „Lest milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins er orðin raunhæf og möguleg. Til þess að gera hana að veruleika þarf þróun og samstarf.“

Þetta sagði Runólfur Ágústsson, verkefnastjóri Fluglestarinnar þróunarfélags, á málþinginu í gær. Hann kynnti stöðu mála varðandi fluglestina og gerði grein fyrir mögulegri samvinnu með Borgarlínunni.

Borgarráð hefur samþykkt að Reykjavíkurborg verði stofnaðili og hlutafjáreigandi í hlutafélagi um þróun og uppbyggingu mögulegrar hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur eignast þriggja prósenta hlut í félaginu með því að leggja inn sem stofnfé þegar framlagðan kostnað við frumskoðun verkefnisins. Eftir stofnfund verður breyting á hlutafjáreign Reykjavíkurborgar vegna innkomu aukins hlutafjár í verkefnið og verður eignin þá tvö prósent.

Gert er ráð fyrir að fluglestin kosti 730 milljónir evra, jafnvirði 101,8 milljarða króna.

Frá því í nóvember hafa staðið yfir samningaviðræður við sveitarfélögin um málið og liggur nú fyrir til afgreiðslu samstarfssamningur við þau um skipulagsmál. Meðal hluthafa í þróunarfélaginu eru Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Með samstarfssamningi verður tryggt að þróunarfélagið geti framkvæmt og fjármagnað nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings framkvæmdinni næstu þrjú árin, það mun kosta 1,5 milljarða króna. Fram kom í máli Runólfs að þróunarfélagið hefur fimm ár frá undirritun, eða þrjú ár frá því að skipulagsvinnu af hálfu sveitarfélagsins lýkur, til að nýta til hönnunar og fjármögnunar verkefnisins.

„Það eru margir möguleikar á tengslum Borgarlínu og Fluglestar. Engin tenging, möguleg tenging til framtíðar litið eða mikil tenging þannig að þau eigi að vinna saman,“ sagði Runólfur. „Kostnaðurinn af samnýtingu væri óviss, en skýr samlegðaráhrif væru til lækkunar á stofnkostnaði,“ sagði hann.

Runólfur telur að fluglestin muni koma til með að hafa jákvæð áhrif á losun CO2. Heildarmagn CO2 ígildis frá bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 var um 800 þúsund tonn. Fluglestin myndi minnka losun um Reykjanesbraut um 19 prósent, en um 36 prósent árið 2040 (inni í þeim tölum er ekki reiknað með fjölgun rafbíla).

Runólfur telur einnig að fluglestin muni draga úr umferðarþunga. „Reykjanesbraut verður með 17 þúsund bíla á dag árið 2025. Sú umferð myndi minnka um 21 prósent, eða um 3.600 bíla með fluglest. Áætluð umferð árið 2040 myndi minnka um 27 prósent,“ sagði Runólfur.

Samstarfssamningur vegna fluglestarinnar hefur verið samþykktur hjá öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum, í Reykjavíkurborg og verið afgreiddur í Garðabæ. Hann bíður enn afgreiðslu í Hafnarfirði og Kópavogi. Í sumar og haust fer svo fram umfangsmikil rannsóknarvinna á jarðfræði höfuðborgarsvæðisins, markaðsgreining og ráðgjöf við leiðaval, og undirbúningur mats á umhverfisáhrifum.

**102**

**milljarðar króna væri kostnaðurinn við gerð fluglestarinnar.**

**» Reykjavíkurborg mun koma til með að eiga tvö prósent í þróunarfélaginu í kringum fluglestina.**




Ferðamenn gætu komist beint frá Keflavíkurflugvelli að BSÍ með fluglestinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Kostnaðurinn af samnýtingu væri óviss, en skýr samlegðaráhrif.**



Runólfur Ágústsson, verkefnastjóri




**Nú eru nýkomnir til landsins:**
- Glæsilegir Porsche 911 S
- Porsche Cayenne S E-Hybrid í sportútgáfu
- Sportjeppinn Macan í nýrri mynd

**Komdu á magnaða Sumarsýningu Porsche í dag.**
**Opið frá kl. 12:00 til 16:00.**

PORSCHE

Bílabúð Benna

**Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna:**
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000
www.benni.is | www.porsche.is

# Guðni í höfn?



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fyrstu kappræður forsetaframbjóðendanna fóru fram á Stöð 2 á fimmtudagskvöld. Kannanir hafa sýnt yfirburðastöðu Guðna Th. Jóhannessonar, sem nýtur fylgis allt að ⅔ kjósenda. Markmið hinna frambjóðendanna í sjónvarpssal hlýtur því að hafa verið að reka Guðna á gat og snúa taflinu sér í hag.

Keppinautarnir eru varla ánægðir með niðurstöðuna. Guðni sigldi lygnan sjó, tók litla áhættu og komst vel frá sínu, þótt honum hafi vafist tunga um tönn þegar talið barst að Evrópusambandinu.

Davíð Oddsson, skæðasti keppinauturinn hingað til, reyndi að klóra í Guðna. Meðölin voru gamalkunn úr smiðju Davíðs. Hann bendlaði Guðna við Samfylkinguna, nokkuð sem Davíð telur ekki líklegt til pólitískra vinsælda miðað við stöðu þess ágæta flokks. Guðni hristi ávirðingar Davíðs léttilega af sér.

Davíð virtist kominn í annan ham en áður í kosningabaráttunni. Landsföðurlegi og auðmjúki grínistinn var á bak og burt. Í hans stað var kominn gamli pólitíski vígamaðurinn sem stærði sig af eigin afrekum og snupraði fréttamann sem honum þótti andsnúinn sér. Sjáum hvernig hamskiptin ganga í kjósendur.

Andri Snær Magnason fjallaði af eldmóði um sínar hugsjónir. Andri var með sviðsskrekk. Hann sveiflaði höndunum ótt og títt til að leggja áherslu á mál sitt, en tókst samt ágætlega upp. Andri Snær er sá frambjóðendanna sem er með skýrasta sýn. Hann hefur í mörg ár barist fyrir náttúruvernd. Í þættinum bætti hann launajafnrétti kynjanna og læsi skólabarna á listann.

Halla Tómasdóttir var mögulega sá frambjóðenda sem best komst frá sínu. Hún virtist full sjálfstrausts, var ákveðin og talaði af röggsemi. Kannski á hún mest inni. Spennandi verður að sjá hvort hún tekur kipp í könnunum.

Áherslur frambjóðendanna eru kannski ekki svo ólíkar. Enginn þeirra virtist fylgjandi inngöngu Íslands í Evrópusambandið, þótt Andri Snær kæmist þar næst. Allir nema Davíð lýstu þó þeirri skoðun að eðlilegast væri að þjóðin kysi um málið.

Ekki var mikill áherslumunur þegar talið barst að stjórnarmyndun. Öll virtust á því að forseta bæri við eðlilegar aðstæður að halda sig að mestu til hlés en styðja að því að í landinu sæti traust stjórn.

Um málskotsrétt forseta voru tvö sjónarmið. Guðni og Davíð telja að undirskriftir einar eigi ekki að duga til að knýja fram þjóðaratkvæði. Sannfæring forseta eigi að spila stóra rullu. Halla og Andri aðhyllast frekar hugmyndir um beint lýðræði. Þau myndu vilja setja sér vinnureglur um slíkt þótt ekki kæmi til stjórnarskrárbreytinga. Andri skipar sér með skýrum hætti í sveit þeirra, er vilja staðfesta stjórnarskrárdrögin, sem vefst fyrir Alþingi, en þjóðin hefur þegar samþykkt í kosningum.

Hvað sem þessum vangaveltum líður getur niðurstaðan varla verið önnur en sú að Guðni hafi komið standandi frá sínu fyrsta stóra prófi. Nú reynir á hina frambjóðendurna að saxa á forskotið sem eins og sakir standa virðist allt að því óyfirstíganlegt.

**Davíð virtist kominn í annan ham en áður í kosningabaráttunni. Landsföðurlegi og auðmjúki grínistinn var á bak og burt. Í hans stað var kominn gamli pólitíski vígamaðurinn.**




## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Aðeins um sameiningartákn

Aths. Ég er ekki með forsetakosningar á heilanum og til að gæta hlutleysis verða frambjóðendur ekki nafngreindir.

Ég fór í sund um daginn og hitti þar kunningja minn. Við þekkjumst alveg ágætlega en eigum kannski frekar fátt sameiginlegt. En hann er mjög skemmtilegur og ég er eiginlega alveg viss um að honum finnist ég mjög fínn gaur. Þannig að við fórum að ræða um hluti sem skipta engu máli. Eins og forsetakjörið. Og þá fór minn maður í gang.

Hann sagði að hann væri eins og rasisti. Hann liti í raun ekki á fólkið sem ætlaði að kjósa D sem hluta af sinni þjóð. Það væri svo fáránleg hugmynd að það tæki ekki tali. Ég leyfði honum að tala (hann er mælskur og með frekar fallega rödd) og hann gat bara ekki hætt. Miðað við mann sem átti ekki orð yfir þennan frambjóðanda, þá notaði hann rosalega mörg orð. Og flest ekkert sérstaklega falleg.

Frambjóðandi A var hins vegar (að hans mati) algjörlega sjúklega meiriháttar. Hann væri allra manna líklegastur til að koma öllu hér á réttan kjöl og gera alla glaða og hamingjusama.

Svo hitti ég annan, sem ég þekki ágætlega og veit að er alveg í lagi, sem sagði að frambjóðandi D væri eini maðurinn með viti og sá eini sem kynni þetta, svona eins og við værum að ræða um að fá múrara til að skella upp tröppum. Og hann bætti við að frambjóðandi G væri stórhættulegur. Hann vildi jafnvel ganga í Evrópusambandið. Og það væri svakalegt.

Nú á ég ennþá eftir að skila BA-ritgerðinni minni í stjórnmálafræði. En hvernig ætli þetta gangi fyrir sig:

G: *Já, hæ! Er þetta hjá Evrópusambandinu?*
E: *Já.*
G: *Ég var að hugsa um að ganga í sambandið?*
E: *Einmitt. Og einhverjir fleiri með þér?*
G: *Já. Allir á Íslandi.*
E: *Ok … Geturðu hinkrað smástund? Ég ætla að athuga hvort það er laust …*

Eigum við að vera öll á sömu blaðsíðu? Við erum að velja forseta. Jújú. Hann gerir alveg helling en mest er hann í svona einhverju skaðlausu dundi. Hann er á einhverjum frumsýningum og í boðum og ferðalögum og heimsóknum.

### Að sameina þjóðina

Við erum ekki að velja mann með ofurkrafta. (Reyndar er ég nokkuð viss um að einn frambjóðandi (Á) getur fært hluti með þessu augnaráði.) Og höfum það alveg í huga að við erum ekki að fara að velja sameiningartákn. Veit einhver hvaðan sá brandari er kominn?

Forsetar eru ekki sameiningartákn. Nema kannski vinur minn í Túrkmenistan, Gurbanguly Mälikgulyýewiç Berdimuhamedow. Við erum ekki að kjósa forseta til að lesa okkur í svefn eða sjá til þess að allir séu vinir. Þetta eru kosningar. Það mun einn vinna og hann verður forseti. Og við þurfum bara að sætta okkur við það. Þeir sem segjast ætla að flýja land ef einhver verður forseti eru eins og fýlugjarnir unglingar sem hóta að flytja að heiman ef foreldrar slökkva á routernum. Þeir þurfa bara knús.

### Veljum okkur vin

Sjálfur ætla ég að mæta á kjörstað. Það er alltaf ákveðin stemning sem fylgir því. Og mér er alveg sama hvað aðrir kjósa. Mér kemur það bara ekki við. En ég held að það sé ágætis pæling að kjósa þann sem þú gætir helst hugsað þér að fara í bíó með. Eða á djammið, eða húsdýragarðinn eða IKEA. Eða bara hvað sem þér finnst skemmtilegt að gera. Ef við erum ekki með ákveðnar skoðanir á þessu, þá held ég að við ættum að hugsa þannig um forsetann; sem félaga sem gæti verið gaman að hanga með.

Það hvarflar hins vegar ekki að mér að gefa öðru fólki ráð um hvað það eigi að kjósa. Hver myndi svo sem taka mark á ráðum frá manni sem ákvað að fá sér hvítar flísar á eldhúsgólfið hjá sér?

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




# EM HÁTÍÐ HYUNDAI

## Misstu ekki af reynsluakstursleik Hyundai í dag frá 12–16

Grillaðar pylsur og gos handa gestum



### VEGLEGIR EM VINNINGAR OG GLÆSILEG TILBOÐ!

Nú er þátttaka í reynsluakstursleik Hyundai á lokasprettinum. Allir sem reynsluaka eiga möguleika á að vinna VIP ferð fyrir tvo til Marseille, hátíðarkvöldverð þann 17. júní og miða á Ísland–Ungverjaland 18. júní.

**Veglegur EM afsláttur fylgir öllum nýjum Hyundai bílum og sérstakur EM aukahlutapakki er í boði með öllum nýjum Hyundai Tucson og Santa Fe að verðmæti allt að 600.000 kr.**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

ENNEMM / SÍA / NM75503

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# Sýnum í verki



**Helgi Hjörvar**
alþingismaður Samfylkingar og formaður umhverfisnefndar Alþingis

Þegar þrír af fjórum kjósendum flokks hætta að styðja hann snýst það ekki um umbúðir heldur innihald, um stefnu og trúverðugleika. Til að snúa vörn í sókn dugar ekki að tala. Samfylkingin þarf að gera.

Við þurfum að skapa traust með því að segja afdráttarlaust að við munum ekki mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum bak kosningum. Hann er ósamstarfshæfur vegna spillingarmála og hefur heitið því að standa gegn öllum kerfisbreytingum. Það er þess vegna sjálfsagt að eyða efasemdunum sem urðu til 2007 með því að ákveða strax að kjósi fólk okkur fær það ekki Sjálfstæðisflokkinn.

Stjórnarskrármálið er líka stórt trúverðugleikamál. Við eigum strax að semja við aðra stjórnarandstöðuflokka um hvernig það verði klárað að kosningum loknum. Svo við getum með sanni sagt að við höfum fylgt þessu lykilmáli í baráttunni gegn spillingu og fyrir lýðræði alla leið. Það sé þegar umsamið og lýst því með hvaða hætti því verði lokið.

Þá eigum við að ná stjórnarandstöðunni saman um fá en skýr sameiginleg loforð sem verði að veruleika fáum við til þess meirihluta. Fá en skýr – til að skapa traust á því að þeim megi ná.

Við þurfum líka að henda ýmsum áherslum sem urðu til í bólunni. Sækja nýjan kraft í grunngildi jafnaðarstefnunnar. Almennt opinbert heilsugæslukerfi og opinber spítali sem ekki sligar fólk með gjöldum. Félagslegar lausnir í húsnæðismálum eins og við byggðum upp á síðustu öld, svo sem verkamannabústaðir, kaupleiga og húsnæðissamvinnufélög. Evran er besta langtímalausnin en við verðum að horfast í augu við að hún er ekki jafn nærtæk og áður var. Þess vegna þurfum við að kynna miklu eindregnari stefnu gegn óhóflegum bankakostnaði og okurvöxtum þangað til evran fæst.

Við eigum að sæta lagi og ná árangri þegar á þessu kjörtímabili. Nýta þá samstöðu sem fyrir hendi er í landinu og lögfesta rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnhliða getum við bannað hið endalausa málþóf, aukið með því traust á stjórnmálum og gert Alþingi starfhæft á ný.

Með reynslu mína af myndun Reykjavíkurlistans hef ég boðið mig fram til formanns Samfylkingarinnar til að freista þess að ná svipuðum árangri á landsvísu og við náðum þá í borginni. Nái ég kjöri hyggst ég ekki sækjast eftir efsta sæti í Reykjavík í komandi kosningum. Með því vil ég sýna í verki að þó mikilvægt sé að formaður sé reyndur er líka mikilvægt að hann skapi með fordæmi sínu tækifæri til endurnýjunar í forystusveitinni. Látum verkin tala.

# Illa staðið að rétti barns til sameiginlegrar forsjár foreldra á Íslandi



**François Scheefer,**
fv. formaður félags um vináttu og nemendaskipti Frakklands og Íslands

Í velflestum þróuðum, vestrænum ríkjum er sameiginleg forsjá barna nánast heilög regla samkvæmt alþjóðlegum samþykktum er varða réttindi barna. Þessar samþykktir sjá til þess að grundvallarréttindi barns til þess að þekkja og umgangast báða foreldra og fjölskyldur þeirra séu virt þó svo að leiðir foreldra hafi skilið. Þannig hafa foreldrar jafnan rétt til þess að hlutast til um vöxt og viðgang barns síns til fullorðinsára þó svo að barnið hafi lögheimili hjá öðru hvoru foreldrinu.

### Sameiginlegur og jafn íhlutunarréttur foreldra

Að sjálfsögðu er því foreldri sem barn býr hjá heimilt að taka ákvarðanir um daglegar nauðþurftir barnsins, til dæmis fatakaup, tannlæknisþjónustu o.s.frv.; en þegar að meiriháttar ákvörðunum kemur, þá þurfa báðir foreldrar að koma þar að, svo sem eins og þegar að vali á trúarbrögðum kemur, vali á skólum, tómstundaiðju og sumarfríum svo nokkuð sé nefnt; þá skulu foreldrar standa sameiginlega að ákvörðunum um meiriháttar læknisaðgerðir á barni, brottförum úr landi o.s.frv. Þannig þurfa foreldrar, þótt fráskildir séu, sífellt að standa sameiginlega vörð um rétt og velferð barns síns, án allrar íhlutunar um einkalíf hvor annars.

Á Íslandi búa börn fráskilinna foreldra í meira en 90% tilfella hjá móður og þegar íslensk barnalög eru skoðuð kemur í ljós hve úrelt þau eru í allri framkvæmd, hvernig þau stuðla að mismunun varðandi jafnan íhlutunarrétt foreldra, stuðla beinlínis að því að skapa skilyrði fyrir „aðalforeldri“ og „aukaforeldri“, það er forsjár- og umgengnisforeldri. Á Íslandi viðgengst það sem sé að svokallað forsjárforeldri, það er það foreldri sem barn býr hjá, oftast móðirin, taki einhliða allar ákvarðanir um barnið eða börnin og útiloki þau jafnvel frá öllum samskiptum við föður og föðurfjölskyldu, allt í skjóli barnalaga.

Það sem fylgir svo í kjölfar sífelldra hindrana og jafnvel algerrar útilokunar umgengnisforeldris, oftar en ekki fylgt eftir með illmælgi og tilhæfulausum rógi, er svokölluð foreldrafirring. Barn sem heyrir ekki annað en neikvæðar athugasemdir um umgengnisforeldri forðast smátt og smátt öll samskipti við það. Umgengnisforeldri, sem borgar fullt meðlag og er oftar en ekki fullfært til íhlutunar um uppeldi barns síns, án nokkurs saknæms í fari sínu né umhverfi, fær hvergi rönd við reist.

### Íslenskt samfélag þarf að athuga sinn gang

Hér er nú komið að því að Íslendingar, sem vilja telja sig til siðaðra þjóða, taki á þessu ófremdarástandi og virði grundvallarréttindi barns til að þekkja og umgangast báða foreldra jafnt. Það að svipta barn þessum rétti telst nú orðið grafalvarlegt og saknæmt athæfi. Spurning er hve lengi duttlungum forsjárforeldra á að líðast að fótum troða grundvallarréttindi barna sinna viðurlagalaust. Athuga ber að nú munu vera vel á annað þúsund börn hér á landi er búa við sífelldar hindranir og eða algera höfnun á samskiptum við umgengnisforeldri og þar með allan þann frændgarð sinn.

Við megum ekki gleyma bréfinu frá Félaginu um foreldrajafnrétti sem heitir „Óhreinu börnin hennar Evu“, sem sent var í maí 2013 til Sigmundar og Bjarna: „Á Íslandi eru um 33.000 börn og um 14.000 foreldrar sem kerfisbundið er horft framhjá.“

Er þetta framtíðin á Íslandi, án foreldrajafnréttis, án sameiginlegs og jafns íhlutunarréttar foreldra þúsunda föðurlausra barna eða stundum móðurlausra?



# Grill, vorþrif og gaman saman!

MÚRBÚÐARVERÐ

**Furukrossviður**
9-12-15-18mm þykkur
Gæðavara. Gott verð

**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
**29.990**
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti og aukaspíssar.

**Lavor One Plus 130 háþrýstidæla**
**14.990**
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.

Made by Lavor

**Kailber KG-1503 Gasgrill**
3 x 3KW brennarar, grillflötur 2520 cm², 9KW
**43.900**

**Kaliber KG-1301 gasgrill**
3+1 brennarar/hliðarhella grillflötur 2520 cm², 11,5KW
**47.900**

DOMAX byggingarvinklar. Mikið úrval

Deka Hrað 5 kg
**1.890**

Landora tréolía, 3 lítrar
**2.690**

ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
**4.390**

Bio Kleen pallahreinsir 1 líter
**895**
5 lítrar kr. **3.295**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**18.990**

15 metra rafmagnssnúra
**3.190**

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar
**6.590**
1 líter kr.
**1.790**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
**1.890**

Weber Rep 980 5kg
**1.650**

Meister jarðvegsdúkur 9961360 5x1,5 meter
**795**

Truper 10574
**1.895**

Hlúaajárn Buf PGH316
**1.890**

Strákústur 30cm breiður
**795**

MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM OG TRÖPPUM

Öflugar hjólbörur, 90 lítra
**8.590**

**Steypugljái á stéttina – þessi sem endist**

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.790**

MIKIÐ ÚRVAL
Verð frá
**2.190**

**1.790**

**2.390**

Truper 24" greinaklippur
**2.295**

Trup hekkklippur 23060
**1.245**

Pretul greinaklippur
**875**

**995**
25 stk. 110 lítra ruslapokar
Einnig 200lítra 10 stk. kr. **795** (65my)

Proflex Nitril vinnuhanskar
**395**

Gróðurmold 40 l
**890**

Gróðurmold 20 l
**490**

Blákorn 5 kg
**1.290**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*




## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hæri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

149.990 kr. ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**33%** AFSLÁTTUR

## KENYA
Hægindastóll. Grábrúnt slitsterkt áklæði.

39.990 kr. ~~59.990 kr.~~



## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart bonded leður. Hnakkapúði seldur sér.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**23%** AFSLÁTTUR

129.990 kr. ~~169.990 kr.~~

## PASADENA
Borðstofuborð 6-12 manna. Spónlagt með villtri eik.
Stærð: 100 × 200 × 74 cm

skovby Excellent Dining Rooms



Stækkanlegt í 300 cm. með stækkunum sem fylgja.



**20%** AFSLÁTTUR

269.990 kr. ~~339.990 kr.~~

## AVELINO
Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár. Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm



**33%** AFSLÁTTUR





59.990 kr. ~~89.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** **Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** **Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



## LEVANTO

Danskir hægindastólar. Til í leðri og áklæði. Hallanlegir með snúningi. Fáanlegir í mörgun litum í leðri.
Stærð: 77 × 75 × 109 cm

Leðurstóll með skemli
**119.800 kr.** ~~149.980 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

# HELGAR SPRENGJA



**37%** AFSLÁTTUR

## MARCUS

Borðstofustóll.
Svartur, hvítur eða grár.
**4.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## DIMA

Borðstofustóll. Hvítur og svartur.
Með viðarlitum og svörtum löppum.
**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## BELINA

Stækkanlegt eldhúsborð, viður/hvítt.
Stærð: 110 x 110/160 H: 74 cm
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## MARCUS

Eldhúsborð. 90 x 90 cm H: 75 cm
**14.990 kr.** ~~24.990 kr.~~

## VESTA

Tungusófi. Hægri og vinsti tunga. Miriam grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 295 × 94/160 × 74 cm

**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR

## BELINA

Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.
**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN





# 13 dagar í EM 2016

Tvær Norðurlandaþjóðir eru nú á EM í Frakklandi 2016 (Ísland og Svíþjóð) alveg eins og á þremur öðrum Evrópumótum (1992, 2004, 2012) en mest voru þær þrjár á EM 2000. Norðurlandaþjóð hefur ekki komist upp úr riðlakeppninni á undanförnum tveimur Evrópumótum og ekki í gegnum átta liða úrslitin í 24 ár. Besta Evrópumót Norðurlandaþjóða var eina mótið á Norðurlöndum en Danir unnu EM í Svíþjóð 1992 og gestgjafarnir, Svíar, komust þá í undanúrslit.





Meistaradeildarbikarinn er að sjálfsögðu löngu kominn til Mílanó og hér sjást lögreglumenn bera bikarinn á milli sín í miðbæ Mílanóborgar í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fellir Atlético enn einn risann?

**Madrídarliðin Atlético og Real mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu á San Siro í Mílanó í kvöld. Þetta er í annað sinn á þremur árum sem liðin mætast í úrslitum Meistaradeildarinnar en Real hafði betur síðast.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er ekki hefnd, þetta er nýtt tækifæri,“ sagði Diego Simeone, knattspyrnustjóri Atlético Madrid, eftir að það lá fyrir að hans menn myndu mæta Real Madrid í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í annað sinn á síðustu þremur árum.

Þann 24. maí 2014 var Atlético Madrid aðeins 90 sekúndum frá því að vinna Meistaradeildina í fyrsta skipti en skalli Sergio Ramos kramdi hjörtu Atlético-manna. Eftir að hafa gefið allt í leikinn áttu þeir ekki meira eftir í framlengingunni þar sem Real Madrid skoraði þrjú mörk og tryggði sér sinn tíunda Meistaradeildartitil. Þeir kalla hann „La Decima“.

Nú tveimur árum og þremur dögum síðar fá strákarnir hans Simeone tækifæri til að leiðrétta það sem fór úrskeiðis á Ljósvangi í Lissabon. Þetta verður reyndar ekki sömu strákar og síðast, nema að litlum hluta. Lið Atlético Madrid hefur tekið miklum breytingum á þessum tveimur árum og líklega verða bara fimm leikmenn sem byrjuðu leikinn 2014 í byrjunarliðinu í kvöld.

En þrátt fyrir mannabreytingar eru það sömu þættirnir sem einkenna Atlético-liðið; barátta, dugnaður, ákefð, gott skipulag, beittar skyndisóknir og mikil samstaða. Og þessir þættir munu einkenna liðið svo lengi sem Diego Simeone er við stjórnvölinn hjá því. Argentínumaðurinn er slagæðin í félaginu.

Kollegi hans hjá Real Madrid, Zinedine Zidane, á misjafnar minningar frá úrslitaleikjum Meistaradeildarinnar. Flestir muna eftir undramarki hans sem tryggði Real Madrid sigur á Bayer Leverkusen í úrslitaleiknum 2002 en áður hafði hann tapað tvisvar í úrslitaleik sem leikmaður Juventus.

Zidane tók við Madrídarliðinu af Rafa Benítez í janúar og hefur gert fína hluti á Santíago Bernabeu. Real Madrid er með 80,8% sigurhlutfall í 26 leikjum undir hans stjórn. Aðeins tveir leikir hafa tapast, annar þeirra gegn Atlético Madrid sem hefur aðeins tapað einum af síðustu 10 leikjum gegn nágrönnum sínum.

> **Þeir hafa unnið hin tvö bestu liðin í Evrópu svo þetta verður mjög erfiður leikur.**
>
> Zinedine Zidane, þjálfari Real Madrid

„Atlético eru sérstakir mótherjar. Þeir hafa unnið hin tvö bestu liðin í Evrópu svo þetta verður mjög erfiður leikur,“ sagði Zidane í aðdraganda úrslitaleiksins. Frakkinn benti einnig réttilega á að Atlético Madrid væri meira en bara varnarlið. Atlético býr yfir gæðum, ekki jafn miklum og Real Madrid, en nógu miklum til að gera út um jafna leiki gegn sterkum liðum. Stórkostlegt einleiksmark Saúls Niguez í fyrri leiknum gegn Bayern er besta dæmið um það.

Aðalhausverkur Zidane verður að finna glufur á varnarleik Atlético sem hefur þegar haldið Barcelona og Bayern í skefjum. Varnarleikur Real Madrid hefur sömuleiðis verið góður í Meistaradeildinni þótt mótherjarnir hafi ekki verið jafn sterkir og þeir sem Atlético hefur þurft að mæta.

Zidane hefur tekist að finna jafnvægi í Madrídarliðinu og Luka Modric hefur blómstrað undir hans stjórn. Cristiano Ronaldo og Gareth Bale hafa sömuleiðis verið iðnir við kolann en sá fyrrnefndi er kominn með 16 mörk í Meistaradeildinni í ár og vantar aðeins eitt mark til að jafna markamet sitt frá því fyrir tveimur árum.




Ronaldo vill eflaust bæta fleiri titlum á ferilskrána en þrátt fyrir að hafa skorað 364 mörk í 347 leikjum fyrir Real hefur liðið „aðeins“ unnið spænska titilinn og Meistaradeildina einu sinni með honum.

Í Meistaradeildinni er sagan alltaf á bandi Real Madrid en félagið skilgreinir sig að stórum hluta út frá titlunum tíu. En sagan spilar ekki leikina og síðan Simeone tók við Atlético Madrid hefur liðið verið í fullri vinnu við að fella risa. Tveir eru þegar fallnir og það kemur svo í ljós í kvöld hvort sá þriðji fellur.

ingvithor@365.is

## NÁ FH-STELPUR AÐ VERA MEÐ HREINT MARK Í EM-FRÍINU?

Fjórða umferð Pepsi-deildar kvenna fer fram í dag og verður leikur Fylkis og ÍA sýndur beint á Stöð 2 Sport klukkan 14.00 en bæði liðin eru að bíða eftir sínum fyrsta sigri. Nýliðar FH eru við hlið Stjörnunnar á toppi deildarinnar og hafa enn ekki fengið á sig mark. Þær heimsækja Val á Hlíðarenda klukkan 14.00 í dag og takist Jeannette J. Williams að halda marki Hafnarfjarðarliðsins hreinu fjórða leikinn í röð þá verða FH-stelpurnar með hreint mark allt EM-fríið. Eftir þessa fimm leiki í dag verður nefnilega ekki spilað aftur í deildinni fyrr en 24. júní næstkomandi en það er bæði vegna leikja kvennalandsliðsins og EM karla í Frakklandi.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 11.50 | F1: Tímataka, Mónakó | Sport |
| 13.00 | BMW PGA | Golfstöðin |
| 13.10 | Fylkir - ÍA | Sport 4 |
| 13.50 | F4: Kielce - PSG | Sport 2 |
| 13.50 | Leiknir R. - Fjarðarb. | Sport 3 |
| 15.50 | F4: Kiel - Veszprém | Sport |
| 15.50 | Hull - Sheff. Wed. | Sport 2 |
| 17.00 | Dean & Deluca | Golfstöðin |
| 18.15 | Real Madrid - Atletico | Sport |
| 20.00 | Demantamótaröðin | Sport 2 |

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | Þór/KA - KR | Þórsvöllur |
| 14.00 | Fylkir - ÍA | Fylkisvöllur |
| 14.00 | Valur - FH | Valsvöllur |
| 14.00 | ÍBV - Stjarnan | Eyjar |
| 14.00 | Selfoss - Breiðablik | Selfoss |
| 14.00 | Keflavík - Grindavík | Keflavík |
| 14.00 | Leiknir R. - Fjarðarb. | Leiknisv. |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | F1: Mónakókappakstur | Sport |
| 13.00 | BMW PGA | Golfstöðin |
| 13.05 | F4: Þriðja sætið | Sport 2 |
| 15.50 | F4: Úrslitaleikur | Sport 2 |
| 16.50 | Þróttur R. - ÍBV | Sport |
| 17.00 | Dean & Deluca | Golfstöðin |
| 19.00 | LPGA Volvik, golf | Sport 4 |
| 19.50 | KR - Valur | Sport |

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Þór - Haukar | Þórsvöllur |
| 14.00 | Huginn - Fram | Fellavöllur |
| 16.00 | HK - Selfoss | Kórinn |
| 16.00 | Leiknir F. - KA | Fjarðabyggð.h. |
| 17.00 | Þróttur R. - ÍBV | Þróttarav. |
| 19.15 | Víkingur R. - ÍA | Víkin |
| 20.00 | KR - Valur | KR-völlur |

# SÓL Á ALGJÖRUM SPOTTPRÍS

Frá kr. **49.995**

Allt að **54.500 kr.** afsláttur á mann

Bókaðu sól

## STÓRTILBOÐ Í SÓLINA!

### EKKI MISSA AF SÓLARFERÐ Á ALGJÖRUM SPOTTPRÍS

## KRÍT




**Stökktu** ☺☺+

**Frá kr. 69.995**

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 í herbergi/ íbúð/stúdíó.

6. júní í 10 nætur.




**Omega Platanias** ☺☺☺

**Frá kr. 97.895**

Netverð á mann frá kr. 97.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 114.495 m.v. 2 í stúdíó.

6. júní í 10 nætur.




**Helios Apartments** ☺☺☺

**Frá kr. 103.845**

Netverð á mann frá kr. 103.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 123.295 m.v. 2 í stúdíó.

16. júní í 10 nætur.




**Porto Platanias Village** ☺☺☺☺

**Frá kr. 124.095 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 124.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 169.995 m.v. 2 í stúdíó.

27. júní í 10 nætur.

## SALOU




**Hotel Oasis Park** ☺☺☺

**Frá kr. 91.970 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 91.970 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli.
Netverð á mann frá kr. 124.095 m.v. 2 í tvíbýli.

2. júní í 11 nætur.

## COSTA DEL SOL




**Aguamarina Aparthotel** ☺☺☺

**Frá kr. 89.895 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 89.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 119.895 m.v. 2 í stúdíó.

9. júní í 11 nætur.

## MALLORCA




**Stökktu** ☺☺+

**Frá kr. 49.995**

Netverð á mann frá kr. 49.995 m.v. 2 í herbergi/ íbúð/stúdíó.

7. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA




**Hotel Zoraida Beach Resort** ☺☺☺☺

**Frá kr. 91.970 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 91.970 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli.
Netverð á mann frá kr. 124.095 m.v. 2 í tvíbýli.

2. júní í 11 nætur.

ENNEMM / SIA • NM75571 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

FRÉTTABLAÐIÐ
# HELGIN




**Kórinn Múltíkúlti kemur fram í Hörpu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjölmenningunni fagnað

Fjölmenningardagurinn er haldinn í áttunda sinn í Reykjavík í dag. 15 þúsund manns létu til sín taka í fyrra og var þá talað um metþátttöku. Brotið er blað í sögu dagsins en honum verður fagnað í sjálfri Hörpu í fyrsta skipti.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Fjölmenningu verður fagnað í Reykjavík í dag þegar Fjölmenningardagurinn verður haldinn hátíðlegur.

Þetta er í áttunda sinn sem dagurinn er haldinn og fjölmargir listamenn taka þátt í honum. „Í fyrra var metþátttaka, yfir 15 þúsund manns komu og tóku þátt á einn eða annan hátt,“ segir Jóna Vigdís Kristinsdóttir, verkefnastjóri hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur sem stendur fyrir Fjölmenningardeginum.

Deginum verður fagnað í fyrsta skipti í Hörpu í ár. „Við höfum verið í Ráðhúsinu og Iðnó en það var orðið of þröngt svo að við fengum Hörpuna í ár þannig að allir geta tekið þátt.“

Dagskráin hefst með skrúðgöngu frá Hallgrímskirkju sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fer fyrir og setur daginn svo formlega klukkan 13.

Burtséð frá veðri og vindum má búast við miklu fjöri í göngunni en fjölmargar hljómsveitir, danshópar og aðrir listahópar taka þátt.

**Í FYRRA VAR METÞÁTTTAKA, YFIR 15 ÞÚSUND MANNS KOMU OG TÓKU ÞÁTT Á EINN EÐA ANNAN HÁTT.**

Skrúðgangan endar svo í Hörpu þar sem markaður hefst klukkan 14. Þar verður fjölþjóðlegur markaður þar sem kynnt verður handverk, matur, hönnun og menning frá yfir 60 sýningaraðilum.

Skemmtidagskrá hefst svo í Hörpu klukkan 14.30. Þar verður meðal annars á boðstólum japanskur trommuhópur, HopTrop Balkandans, kínversk tónlistaratriði, taílensk dansatriði. Bollywood-kennsla, taekwondo-sýningar, dans og stórbrotin gleði. Þá munu þjóðþekktir skemmtikraftar láta til sín taka á sviði Kaldalóns, krakkarnir í Amabadama, Jóhanna Ruth sigurvegari Ísland Got Talent og söngkonan Hildur. Gunnar Sigurðsson Hraðfréttamaður tekur sér stöðu kynnis og má vissulega gera ráð fyrir að gestir muni skemmta sér konunglega.

Þar verður líka hægt að hlusta á kórinn Múltíkúlti sem er skipaður meðlimum úr mörgum ólíkum menningarheimum, svo eitthvað sé nefnt.



**Amabadama**

Jóna segir að búast megi við mikilli stemmingu. „Það myndast alltaf skemmtileg stemming og mikil gleði á þessum degi.“



# GÓMSÆT TILBOÐ

*Þú færð allt sem þú þarfnast í Iceland, á frábæru verði!*




**5 Fyrir 4**

af öllum pizzum
- þú velur




**249** kr. stk.

ROCKSTAR ORKUDRYKKUR
500 ml.

Verð frá: **899** kr. stk.

BEN & JERRY´S ÍS - 500 ML
FRÁBÆRT ÚRVAL






**1199** kr. kg

VERÐ ÁÐUR: 1498 KR.

1. FLOKKS SS LAMBALÆRI
FROSIÐ. 2,1–2,6 KG

SS fremstir fyrir bragðið

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



# Hef alltaf viljað vera sólarmegin í lífinu



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Edda Heiðrún Backman** segir það auðvitað hafa verið mikið áfall að greinast með ólæknandi hrörnunarsjúkdóm. Hún hafi hins vegar alltaf haft jákvæðnina að vopni og veikindin hafi kennt henni þolinmæði og þrautseigju.

Það eru auðvitað allir búnir að fá leið á því að heyra mína sjúkrasögu. Það er skemmst frá því að segja að mér líður vel og það eru allir góðir við mig. Ég vil koma á framfæri þökkum til allra, hvar í sveit sem þeir eru settir," segir Edda Heiðrún Backman brosandi er hún tekur á móti blaðamanni á heimili sínu á Vatnsstíg.

Það er fallegt um að litast á heimili Eddu. Málverk prýða veggina og mörg þeirra eftir húsfreyjuna sjálfa sem málar svo snilldarlega með munni sínum, tækni sem hún lærði eftir að hún greindist með hrörnunarsjúkdóminn MND. Aðstoðarkona Eddu býður upp á kaffi og við hefjum spjallið.

Eddu Heiðrúnu þarf ekki að kynna, hún á að baki glæstan feril sem leik- og söngkona, leikstjóri og einnig sem myndlistarkona síðustu ár. Hún hefur líka verið öflug í baráttunni fyrir auknum rannsóknum á taugakerfinu undanfarin ár enda þekkir hún baráttuna vel, hefur kynnst henni bæði sem sjúklingur og aðstandandi.

**Sólarmegin í lífinu**

Fyrir tæpum fjórtán árum fékk hún þau tíðindi að hún væri með ólæknandi hrörnunarsjúkdóm sem myndi hægt og rólega valda því að hún missti allan mátt í líkamanum. Sjúkdóminn þekkti hún vel þar sem bróðir hennar lést úr honum. Hún segir það auðvitað hafa verið töluvert áfall að fá þessa greiningu. Meðallíftími þeirra sem greinast eru fimm ár. „Manni bregður rosalega fyrst en svo einhvern veginn venst þetta. Maður fer að hugsa: Hvað get ég gert, hvernig á að ég að vera, hvernig sjúklingur verð ég? Ég var alveg viss um að ég yrði vondur sjúklingur," segir hún kímin en aðstoðarkona hennar segir það vera langt í frá. „Ég hef aldrei hitt þessa konu í vondu skapi," segir aðstoðarkonan og Edda brosir til hennar.

Enda segir Edda jákvæðnina koma manni langt í lífinu, hún sé sterkt afl. „Ég hef alltaf viljað ganga sólarmegin í lífinu. Það er best fyrir mann sjálfan og best fyrir fólkið manns."

Hún segir það líklega vera í eðli sínu að vera jákvæð og gefast ekki upp. „Ég er fædd til lífsins og ljóssins, ég er bara þannig gerð. Ég veit ekki hvað hitt er. Ég á rosalega erfitt með að skilja það."

Þrátt fyrir að vera í hjólastól og háð öðrum um aðstoð að öllu leyti dettur Eddu ekki í hug að sóa lífinu í það að láta sér leiðast. „Það geta allir látið sér leiðast, það væri mjög auðvelt fyrir mig en samt hef ég nóg að gera. Mér leiðist ekki eitt andartak. Þá fer ég að reyna að hugsa, skoða náttúruna, blómin, fugla eða íhuga. Það er alltaf eitthvað að gera," segir hún.

> HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ HLÆJA OG SYNGJA. OG FAÐMA OG KYSSA. ÞAÐ ERU HLUTIR SEM ÉG GET EKKI GERT LENGUR. ÉG BARA ÞARF AÐ ÍMYNDA MÉR ÞETTA.

Þegar Edda fær hugmyndir þá kemur hún þeim í framkvæmd strax og gefst ekki heldur svo auðveldlega upp. Aðstoðarkona hennar bendir á að í fyrra hafi Edda verið lögð inn á spítala eftir að botnlanginn í henni sprakk. „Ég fór upp á spítala og læknirinn sagði ég færi ekkert aftur heim. Þá sagði vinkona mín: Þá þekkirðu ekki hana Eddu Heiðrúnu! Ég fór heim eftir viku," segir hún og brosir út í annað.

Vinir Eddu og systir hennar hafa staðið þétt við bakið á henni allt frá því hún fékk greininguna. „Fyrir mér eru vinir eitthvað það dýrmætasta sem maður á. Vináttubönd getur maður hnýtt alla ævi. Hjónaband getur fúnað ef það er ekki vináttuband sem fléttast um það. Það að eignast vin, það er eitthvað sem maður velur sjálfur og ég hvet alla til að rækta vinum, sem búa yfir einhverjum góðum eiginleikum, í kringum sig eins og perlufesti."

**Missti áhuga á að leika**

Fljótlega eftir að Edda greindist hætti hún að leika. „Ég var svo heppin að ég missti áhugann á því að leika þegar ég veiktist. Þegar þú ert leikari þá finnst þér bara allt snúast um leiklist. Svo uppgötvar maður að það er líka líf fyrir utan leikhúsið og maður er ekki starfið manns og heldur ekki nafnið manns, maður er bara maður sjálfur. Þegar manni er allt í einu kippt út, sér maður að það gerist ekkert. Lífið bara heldur áfram. Svona hefur þetta alltaf verið. Það er svo skrýtið, það eru margar góðar og skemmtilegar manneskjur sem eru dánar," segir hún.

**Aðalmálið að standa saman**

Það geta líklega allir foreldrar gert sér í hugarlund að það sé erfitt að segja börnunum sínum frá því að þeir séu með ólæknandi sjúkdóm. Börn Eddu voru ung að árum þegar hún greindist. „Ég valdi góðan tíma til þess að segja þeim frá, jólafrí. Það komu upp alls konar tilfinningar. Það var faðmast og líka hlaupið

# SUMARBÆKURNAR!




## Sögurnar í nýju ljósi

Í þessari bók fjallar Óttar Guðmundsson um kynlíf Íslendinga á söguöld með augum geðlæknisins. Meðal efnis:

- Kynlíf í heimi goðanna
- Staða kvenna
- Staða samkynhneigðra
- Framhjáhald
- Nauðganir
- Galdrar og kynlíf

**„Mögnuð bók sem enginn má missa af.“**

*Guðni Ágústsson*

**„Erum að lesa bókina upphátt til skiptis hvort fyrir annað – hlæjum, fræðumst og skemmtum okkur konunglega.“**

*Bjarni Sigurbjörnsson*




„Morðgátan er hæfilega dularfull og lausnin fremur óvænt. Bókin ætti því ekki að valda glæpasagnalesendum vonbrigðum. Þeir væru örugglega flestir til í að lesa fleiri bækur eftir finnsku glæpasagnadrottninguna.“

*Kolbrún Bergþórsdóttir, DV*




Nýr spennutryllir eftir Þórarin Freysson. Þessari bók sleppir enginn fyrr en á síðustu blaðsíðu.




Klassískt verk – talin með merkustu skáldsögum Frakka á 20. öld. Ómissandi bók fyrir áhugafólk um bókmenntir.

**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

í burtu. Það er mjög misjafnt hvernig fólk bregst við. Aðalmálið er að standa saman, að þau finni það.“

Edda segir mikilvægt að vera góð fyrirmynd. „Foreldrar taka ábyrgð á uppeldi barna sinna og það skiptir máli að vera góð fyrirmynd. Uppeldi er hlaðið gildum. Það þýðir ekki að segja „þú skalt aldrei reykja“ með kveikt í sígarettunni. Ef þú vilt að barnið þitt lesi þá lestu fyrir það. Það eru alls konar hugmyndir og hugmyndafræði fólgin í því sem barnið andar að sér, það nemur ósagðar hugsanir. Þess vegna skiptir máli að vera jákvæður. Þú ert alltaf fyrirmynd. Svo kemur að því vandasama hlutverki þegar barnið fer að vera ósammála manni að maður hefur ekki alltaf rétt fyrir sér. Þá er hægt að notast við fyrirgefninguna og trúnað. Þetta er svokölluð framþróun: sjálfbær framþróun.

Að sama skapi skiptir félagsleg hegðun okkar máli, í því samhengi erum við líka fyrirmyndir – hvernig getur nokkur tekið út úr þeim sjóði sem hann borgar ekki í?“ spyr Edda og heldur áfram:

„Ég vil taka það fram að mér finnst ekkert ljótt að græða peninga. Sá sem græðir hefur vissan hæfileika sem gerir honum kleift að skapa verðmæti úr auðlindum jarðar, jafnt á láði sem legi. Það sem gerist þegar þessi verðmæti verða til er að viðkomandi manneskja verður rík af peningum eða auðæfum, nærfjölskyldan nýtur góðs af því, vonandi samfélagið svo og þjóðfélagið. Það sem hefur hins vegar gerst á undanförnum 30 til 40 árum er að þessi gróðavon hefur breyst í græðgisvon, fólk tímir ekki að borga til þjóðfélagsins skatta,“ segir hún og þykir miður. „Hugtakið „græða“ hefur marga merkingu og ekki að ástæðulausu. Til dæmis að græða sár, svörð, samfélag og svo framvegis. Græðari er til dæmis maður sem notar óhefðbundnar aðferðir til þess að lækna, í flestum tilfellum manneskjur. Peningar eru einhvers konar afl, einhvers konar orka, ef við eigum of mikið af þeim og pössum okkur ekki að deila þeim réttlátlega niður, þá leitar þetta afl eins og vatnið í sprungurnar, gallana – svo frostspringur allt.“

### Rödd náttúrunnar

Náttúruverndarmál eru Eddu hugleikin. Á dögunum stofnaði hún náttúruverndarsamtökin Rödd náttúrunnar ásamt góðum hópi fólks. Formaður félagsins er náttúran sjálf. „Höfuðáherslan er verndun hálendisins. Við ætlum að veita náttúrunni rödd og réttindi,“ segir hún.

„Mér finnst við vanþakklát. Okkar brýnasta verkefni er að bjarga jörðinni. Allt sem við búum til kemur frá þessari jörð. Þess vegna er hún kölluð Móðir Jörð. Það er tími til kominn að við förum að vernda hana og passa. Jörðin er ekki dauður hlutur. Hún er lifandi hnöttur með æðakerfið utan á sér, það er árnar, fljótin og höfin. Lungun eru líka úthverf, Amazon-regnskógarnir – þeir binda kolefni og framleiða súrefni, sem fer út í loftið og aðeins örþunnt lag, ósonlagið, heldur þessu öllu saman eins og líknarbelgur utan um barn,“ segir Edda.

„Ég vil að minn forseti verði rödd náttúrunnar og sendiherra hennar. Jörðin er full af auðlindum sem sumir hafa ókeypis aðgang að og njóta góðs af því. Sumir erfa auðæfi í formi auðlinda, en fullt af auðlindum eigum við sameiginlega. Því miður virðast sumir misskilja þetta og stunda rányrkju og drepa dýr til þess eins að græða. Við stöndum frammi fyrir útrýmingu dýrategunda af mannavöldum sem er svo víðtæk að önnur eins útrýming hefur ekki átt sér stað síðan risaeðlurnar dóu út fyrir 65 milljónum ára. Þegar tegund deyr út þá á hún aldrei afturkvæmt á þessa jörð.“

Edda segir Íslendinga eiga að huga betur að náttúruauðlindunum og bera virðingu fyrir þeim. Þetta séu okkar raunverulegu verðmæti. „Við eigum svo margt; vatn, fallegt land, víðáttumikla náttúru, heitt vatn, hreina orku og nóg pláss og öryggi. Við erum fær um að rækta og framleiða fæðuna okkar. Þetta eru náttúruauðlindir og lífskostir sem verða æ sjaldgæfari og verðmætari í heiminum. Það er alveg ljóst að við þurfum að skipta um gír. Við erum búin að einkavæða lofthelgina. Við erum búin að einkavæða sjávarauðlindirnar. Við erum á fullu að klára að einkavæða landið. Þetta hefur ekki leitt til neins annars en að breikka bilið milli ríkra og fátækra, svo ég tali nú ekki um gróðurhúsaáhrifin sem eru langt umfram spár og þegar farin að valda loftslagsbreytingum. Jörðin er farin að hósta og nær stundum ekki andanum.“



Leikfélag Reykjavíkur stóð fyrir sýningum á Djöflaeyjan rís og hér sjást Edda Heiðrún og Guðmundur Björnsson í hlutverkum sínum í sýningunni í janúar 1987.



Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Edda Heiðrún æfa Villiöndina sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu.



Hér má sjá Eddu Heiðrúnu við vinnuborðið sitt þar sem listaverkin verða til.





### Þarf átak í umhverfismálum

Hún tekur fram að mannfólkið hafi margoft breytt um stefnu og lagað það sem ekki var í lagi. Nú þurfi slíkt átak í umhverfismálum.

„Það er mikilvægt að standa alltaf með réttindum þeirra sem eiga undir högg að sækja. Mannréttindi virðast augljós, samanber afnám þrælahalds og afnám kynþáttastefnu, kvenréttindi og réttindi til kynhneigðar. Það hefur aldrei verið pólitískur vilji til að réttindi handa öllum næðu fram að ganga. Eitthvað sem var óhugsandi fyrir 100 árum er sjálfsagt í dag.

Það þarf að skipta um kúrs. Við höfum oft gert það og nú þurfum við að gera það í umhverfismálum. Við stofnuðum Sameinuðu þjóðirnar til að koma á friði í heiminum – nú höfum við áttað okkur á því að til að koma á friði í heiminum þurfum við að lækna ýmis önnur vandamál. Ólæsi, fá hreint drykkjarvatn og að þjóðir heims fái notið auðlinda sinna í staðinn fyrir að stórfyrirtæki taki þær til að græða á þeim í þágu örfárra ríkra eigenda sinna. Einn mikilvægur þáttur í starfi Sameinuðu þjóðanna er umhverfismálin.“

### Óréttlætið svíður

Edda segist ekki beint vera pólitísk en hafa þó sterkar skoðanir og helst sé það óréttlætið í heiminum sem svíði. „Ég er félagshyggjumanneskja svo fremi sem það lamar ekki einstaklingsfrumkvæðið og frjóa hugsun einstaklingsins, þess vegna er ég listamaður. Ég hef verið þjónn listarinnar, nú langar mig að vera þjónn náttúrunar. Betra er seint en aldrei.“

Hún hefur líka kynnst ýmsum hliðum samfélagsins eftir að hún veiktist, hliðum sem oft eru ekki sýnilegar. „Við verðum alltaf að hjálpa minnimáttar. Ef mér finnst eitthvað óréttlátt eða brotið á einhverjum þá verð ég aum. Ég get alveg reddað mér en sumir geta það ekki. Sumir hafa ekki döngun í sér og sumir hafa ekki sjálfstraustið í það. Það er auðvitað erfitt að horfa upp á það.“

Edda hefur vakið athygli á lélegu aðgengi fyrir fatlaða víða sem hún segir að sé til skammar og beri vott um virðingarleysi. „Eftir að ég veiktist þá kynntist ég annarri hlið á mannlífinu sem hefur verið mér svo lærdómsríkt. Öryrkjar eru líka fólk, fólk sem þarf hjálp. Það óskar sér enginn að vera í þessari stöðu. Þjóðfélagið er sett saman úr mörgum hlutum og þetta er einn fylgifiskur.“

> SEM BETUR FER HLÚÐI ÉG STRAX VEL AÐ SAMBANDINU VIÐ VINI MÍNA OG SJÁLFA MIG. MINN SJÚKDÓMUR HEFUR KENNT MÉR ÞOLINMÆÐI OG ÞRAUTSEIGJU. ÞEGAR REYNIR Á ÞÁ KEMUR FYRST Í LJÓS ÚR HVERJU MAÐUR ER GERÐUR.

### Lífið er dýrmætt

Hún segir veikindin hafa kennt sér margt. Hvað lífið sé dýrmætt og mikilvægt að njóta þess. „Sem betur fer hlúði ég strax vel að sambandinu við vini mína og sjálfa mig. Minn sjúkdómur hefur kennt mér þolinmæði og þrautseigju. Þegar reynir á þá kemur fyrst í ljós úr hverju maður er gerður.“

Aðspurð hver sé stærsti lærdómurinn af veikindunum þá er hún ekki í vafa. „Hvað það er gaman að hlæja og syngja. Og faðma og kyssa. Það eru hlutir sem ég get ekki gert lengur. Ég bara þarf að ímynda mér þetta.“

Edda segist þó aldrei vera reið yfir því að hafa veikst og hún hafi aldrei hugsað af hverju það hafi þurft að koma fyrir hana. „Nei, ég hugsaði: Af hverju ekki ég? Ég er mjög góður kandídat í að vera sjúklingur.“

Edda heldur ótrauð áfram að mála og stefnir á að halda sýningar í sumar. Hún segir það hafa hjálpað sér mikið við að takast á við lífið í breyttum aðstæðum að geta málað, nokkuð sem hún hafði ekki gert áður en hún veiktist. „Þetta byrjaði þannig að ég þurfti að hafa eitthvað fyrir stafni. Ég ætlaði varla að þora í tíma, ég hélt það myndu allir horfa á mig,“ segir hún. Sú var ekki raunin. Nú hefur hún málað hundruð málverka sem eru eftirsótt.

Sumarið fram undan er ekki bara annasamt þegar kemur að listinni heldur standa hin nýstofnuðu samtök, Rödd náttúrunnar, fyrir tveimur viðburðum þann 5. og 11. júní næstkomandi. Þar verður slegið upp heljarinnar veislum. Viðburðurinn þann 5. júní er listaverkauppboð og þann 11. júní verða rapptónleikar, fatamarkaður, tískusýning og uppboð. Það er henni ljúft og skylt að standa fyrir þessum viðburðum enda það sem brennur á henni. „Við verðum að láta til okkar taka áður en það verður of seint að bjarga jörðinni.“


STÆRSTA
VARAHLUTAVERSLUN
LANDSINS
Bíllinn heldur ábyrgðinni með vottuðum varahlut frá okkur!
LÆGRA VERÐ
VOTTUÐ GÆÐI
3 ÁRA ÁBYRGÐ
Samkvæmt reglugerð frá Evrópuráðinu eru vottaðir varahlutir:
▪ Varahlutir sem eru framleiddir af ökutækjaframleiðendum sjálfum.
▪ Varahlutir sem eru framleiddir af sjálfstæðum varahlutaframleiðendum að beiðni ökutækjaframleiðanda. Nú getur varahlutaframleiðandinn merkt þessa varahluti með sínu vörumerki ásamt vörumerki ökutækjaframleiðandans.
▪ Varahlutir sem eru framleiddir af viðurkenndum varahlutaframleiðendum (óháð því hvort þeir eru birgjar upprunalegs búnaðar eða ekki) sem eru tæknilega eins og þeir varahlutir sem eru notaðir upphaflega í ökutækinu.
Í SÓL OG SUMARYL!
Á kagginn það allra besta skilið
FÖRCH
SHIELD
VERIÐ VELKOMIN AÐ DVERGSHÖFÐA 2
Bílanaust
Continental
Gæði, reynsla og gott verð!
SJÖ VERSLANIR UM LAND ALLT
REYKJAVÍK, Dvergshöfða 2, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata, HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17, REYKJANESBÆR, Krossmóum 4, SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngási 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000
Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

# Ís-ís-ískalt eða ekki?

Því miður kannast margir við það hversu leiðinlegt er að henda mat og það er enn þá leiðinlegra ef við mann sjálfan er að sakast. Að geyma grænmeti og ávexti er ekki alveg eins einfalt og margir gætu haldið og ýmsar leiðir eru til þess að lengja líftímann.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is



Öllum er illa við matarsóun, eða ætti í það minnsta að vera það miðað við hvað við hendum miklu af mat en ef marka má niðurstöður forrannsóknar, sem Landvernd gerði á matarsóun heimila í borginni fyrir styrk frá Reykjavíkurborg á síðasta ári, þá er matvælum fyrir 4,5 milljarða króna hent árlega á reykvískum heimilum.

Rannsóknin benti til þess að að minnsta kosti 5.800 tonnum af matvælum væri hent á reykvískum heimilum árlega.

Til þess að í það minnsta að reyna að minnka matarsóun getum við gert ýmislegt og hefur geymsla matvæla til dæmis töluverð áhrif á líftíma þeirra. Það getur hins vegar stundum verið dálítið flókið að vita hvernig best er að geyma hinar ýmsu tegundir af grænmeti og ávöxtum svo endingin sé sem best.

Inn í það spilar til dæmis etýlen, meinlaus gastegund sem ávextir og grænmeti gefa frá sér í mismiklu magni. Þrátt fyrir að vera meinlaust getur það flýtt fyrir þroskun og þar með stytt líftíma ákveðinna tegunda. Sem dæmi má nefna að epli gefa frá sér mikið magn af gastegundinni og ágætt er að hafa það í huga þegar þeim er stillt upp í ávaxtakörfuna.

Hér má því sjá einfalda skýringarmynd en með henni er hægt að glöggva sig á því hvaða ávextir og grænmeti geymast best hvar. Kannski er eitthvað sem kemur ykkur á óvart – eins og til dæmis það að gúrkur geymast best við stofuhita og kjörið er að skella kryddjurtum í blómavasa og geyma þannig í ísskápnum.




GRAFÍK INGÓ




# LANDSFUNDUR OG FORMANNSKJÖR

Frambjóðendurnir fjórir
og helstu áherslumál

LANDSFUNDUR 3.–4. JÚNÍ 2016 · XS.IS

Samfylkingin

**FORMANNSFRAMBJÓÐENDUR SAMFYLKINGARINNAR**

# HVER ERU ÞAU?

Tónlistarmaðurinn Valdimar Guðmundsson, Inga Björk Bjarnadóttir listfræðingur, Anna Svava leikkona og Haukur Hólmsteinsson heimspekingur tóku formannsframbjóðendur Samfylkingarinnar tali og kynntust þeim betur, hvert með sínum hætti. Þau komust að því hver Oddný, Helgi Hjörvar, Magnús Orri og Guðmundur Ari eru og hvers vegna þau bjóða sig fram til formennsku í Samfylkingunni.



# Eitt samfélag fyrir alla!

Samfylkingin stendur í stórræðum. Við köllum á fólkið okkar sem býr um allt land og höldum saman landsfund á Grand Hótel um næstu helgi.

Á sama tíma taka allir flokksfélagar þátt í að velja nýjan formann í kosningu sem hefst í dag. Úrslitin liggja fyrir klukkan 18 á föstudaginn.

Á landsfundinum kjósum við nýja forystusveit til að vinna með nýjum formanni að sókn Samfylkingarinnar, stillum saman strengi og mótum áherslur flokksins til framtíðar.

Allir landsfundarfulltrúar taka í sameiningu þátt í að semja ályktanir fundarins og leggja þannig línurnar fyrir kosningar í haust.

Yfirskriftin á landsfundinum var valin í könnun meðal flokksfólks: Eitt samfélag fyrir alla.

Það táknar að enginn skuli skilinn eftir í samfélaginu en líka að enginn eigi að komast undan þátttöku í sameiginlegum verkefnum okkar allra, með því að koma fjármunum sínum í skattaskjól.

Yfirskriftin merkir að allir séu velkomnir í okkar samfélag, við séum opin fyrir alþjóðlegum straumum, tökum sameiginlega ábyrgð á stórum viðfangsefnum og ætlum að mæta framtíðinni saman.



**Kristján Guy Burgess, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar og Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar, vilja eitt samfélag fyrir alla.**

Verkefni þjóðmálanna eru ærin og á landsfundinum leitum við leiða til að byggja upp fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu, finnum svörin við því hvernig allir geti komið sér upp þaki yfir höfuðið, hvernig nýrri stjórnarskrá verði komið á og hvernig fjármálakerfið verði miðað að þörfum fólks en ekki fárra útvalinna.

Við leitum svara við því hvernig hægt sé að rétta hag yngri kynslóðarinnar og að gera Ísland að góðu landi til að eldast í. Hvernig styðjum við fjölskyldur sem þurfa að ná endum saman og lifa góðu lífi.

Við verðum svo að vinna saman við að minnka ójöfnuðinn í þjóðfélaginu þannig að á Íslandi verði raunverulega til eitt samfélag fyrir alla.

Sjáumst glöð á góðum landsfundi!

## TAKTU ÞÁTT Í FORMANNSKJÖRI 28. MAÍ - 3. JÚNÍ

**RAFRÆN SKILRÍKI**
Allir sem skráðir voru félagar í Samfylkingunni 7. maí geta kosið í formannskjöri, en til þess að kjósa þarf að hafa Íslykil eða rafræn skilríki. Ef þú átt ekki þegar Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um Íslykil á heimasíðunni islykill.is, en rafræn skilríki sækir þú um í viðskiptabankanum þínum. Við hvetjum þig til að sækja um rétt skilríki með góðum fyrirvara.

**VEFSLÓÐ**
Þegar kosningin hefst á hádegi, laugardaginn 28. maí verður hægt að fara inn á kosningavefinn í gegnum heimasíðu Samfylkingarinnar, www.xs.is.

**KJÖRSEÐILLINN**
Þegar þú hefur auðkennt þig með Íslykli eða rafrænum skilríkjum kemur upp kjörseðill þar sem þú kýst þá eða þann sem þú vilt sem formann Samfylkingarinnar. Þú hefur val um að velja aðeins einn frambjóðanda eða að raða frambjóðendum, þar sem þú merkir fyrst við þá eða þann sem þú kýst sem formann, næst við þá eða þann sem þú kýst sem næstbesta kostinn og svo framvegis.

**KJÖRSEÐILL Í PÓSTI**
Aðstoð er veitt á aðalskrifstofu Samfylkingarinnar í síma 414-2200. Eigir þú engan kost á að kjósa rafrænt er hægt að óska eftir að fá sendan kjörseðil sem þú berð sjálf/ur ábyrgð á að berist til skrifstofu flokksins fyrir lok kosningar 3. júní kl. 12. Beiðnina ber að senda á **samfylking@samfylking.is** og vinsamlegast athugaðu að pósturinn getur tekið 3 virka daga að berast.

**AÐSTOÐ**
Kjörstaður verður opinn á skrifstofu flokksins, Hallveigarstíg 1 í Reykjavík, mánudaginn 30. maí – fimmtudagsins 2. júní frá kl. 13 – 19 þar sem verður veitt aðstoð við rafræna kosningu.

ÚTGEFANDI
Samfylkingin Hallveigarstíg 1 s. 414-2200
VEFFANG
Samfylking@samfylking.is
ÁBYRGÐAMAÐUR
Kristján Guy Burgess






Óskar K. Guðmundsson er ánægður með Bionette. „Ég tel að þeir sem heyja þá baráttu sem fylgir því að kljást við þessa árvissu óværu ættu óhikað að ganga til liðs við þau okkar sem böðum okkur í ljósi Bionette,“ segir Óskar.

# LAUS VIÐ HNERRANN MEÐ OFNÆMISLJÓSI

Williams & Halls
bionette

**Williams & Halls kynnir** Bólgueyðandi ljósameðferð gegn einkennum ofnæmiskvefs er nú möguleg með Bionette ofnæmisljósinu.

Bionette ofnæmisljós er byltingarkennd vara sem notar ljósameðferð (phototherapy) til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs (heymæði) af völdum frjókorna, dýra, myglu og rykmaura. Meðferðin er án þekktra aukaverkana og algjörlega lyfjalaus. Bionette tækið er klínískt prófað og styður fjöldi rannsókna við árangurinn af notkun ljóssins. Með því að nota ljóstækni (narrow band light 630 nm-LED ljós) dregur tækið úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, kláða, nefrennsli, nefstíflu, höfuðverk og tárvotum augum.

## (OFNÆMIS)LJÓSIÐ Í LÍFI MÍNU

Óskar K. Guðmundsson, fisksali hjá fiskbúðinni Hafbergi, hefur þjáðst af frjókorna- og dýraofnæmi í langan tíma. Hann prófaði Bionette og fann um leið hvernig létti á önduninni. „Nokkur undanfarin ár hef ég leitast við að finna mér hentugan bandamann í baráttu minni við frjókornaofnæmi og önnur óþægindi því tengd. Það er óhætt að fullyrða að leit minni að þessu ljósi hafi lokið þegar ég fann Bionette ofnæmisljósið. Óveðursský á himni tilheyra nú fortíðinni og ótölusettur fjöldi ofurhnerra er minningar einar. Ég tel að þeir sem heyja þá baráttu sem fylgir því að kljást við þessa árvissu óværu ættu óhikað að ganga til liðs við þau okkar sem böðum okkur í ljósi Bionette,“ segir Óskar.

> Ótölusettur fjöldi ofurhnerra eru minningar einar. Ég tel að þeir sem heyja þá baráttu sem fylgir því að kljást við þessa árvissu óværu ættu óhikað að ganga til liðs við þau okkar sem böðum okkur í ljósi Bionette.
>
> Óskar K. Guðmundsson

## EN HVERNIG VIRKAR TÆKIÐ?

Eosinophilar, ein gerð af hvítum blóðkornum, finnst í auknum mæli í nefslímhúð hjá þeim sem fá ofnæmiskvef. Ljósstyrkurinn í Bionette dregur úr ofnæmisviðbragði í nefinu með því að hafa áhrif á myndun þessara hvítu blóðkorna og dregur þannig úr bólguviðbragði.

Ljósinu er stungið upp í nasirnar, kveikt á því og haft þangað til það slokknar. Meðferðin tekur um fjórar mínútur. Tækið á að nota tvisvar til þrisvar á dag við upphaf einkenna en síðan eftir þörfum. Bionette hentar öllum sex ára og eldri.

**Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Bionette Ísland en þar er hægt að sjá hvaða apótek eru með tækið til sölu. Umboðsaðili Bionette á Íslandi er Williams & Halls.**

NÝTT
LÍFRÆNT OFURFÆÐI

Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum






„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig bæði við hand- og fótkuldann.“

*Kristbjörg Jónsdóttir, zumbakennari og hlaupari*



„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum. Auk þess hef ég minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka þau inn.“

*Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri*

natures aid

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# EIGIN FORDÓMAR ERU VERSTIR

**Tara Ösp Tjörvadóttir** hlaut hvatningarverðlaunin Framúrskarandi ungir Íslendingar á þriðjudag. Tara hlaut verðlaunin fyrir samfélagsbyltinguna #égerekkitabú og baráttu á móti fordómum gegn andlegum sjúkdómum.



Tara Ösp Tjörvadóttir er framúrskarandi ungur Íslendingur. MYND/ANTON BRINK

Tara Ösp hefur sjálf barist við þunglyndi frá 15 ára aldri. Hún segir að eigin fordómar hafi verið verstir. Tara Ösp vakti mikla athygli fyrir andlitsmyndir sínar af fólki sem glímt hefur við þunglyndi. Á síðasta ári var hún valin Austfirðingur ársins en Tara Ösp ólst upp fyrir austan þar sem ekki voru í boði mörg úrræði fyrir andlega veikt fólk. Það er JCI Ísland sem heiðrar framúrskarandi Íslendinga. Um 200 ábendingar bárust JCI og voru tíu einstaklingar valdir úr þeim hópi. Tara Ösp var síðan valin úr þeim hópi. Þetta er í fimmtánda skiptið sem verðlaunin eru veitt og það er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhendir þau.

„Það voru margir frábærir einstaklingar sem voru tilnefndir og það kom mér virkilega á óvart að ég skyldi hljóta verðlaunin. Mjög skemmtilegt,“ segir Tara Ösp sem stofnaði auk annars Facebook-hópinn Geðsjúk sem hefur fengið frábærar viðtökur. Hún hefur sannarlega opnað umræðuna um andleg veikindi. „Ég er að vinna að fræðslu- og heimildarmynd um fordóma og andleg veikindi sem verður tilbúin fljótlega á næsta ári. Myndin mun segja frá hvaða áhrif fordómar hafa á andlegu heilsu. Eigin fordómar vega oft þyngst. Ég vil hjálpa fólki að takast á við þessa eigin fordóma. Ljósmyndaverkefnið mitt var liður í því,“ segir Tara Ösp. „Myndirnar voru á heimasíðu minni en hún var því miður hökkuð nýlega og ég er ekki búin að koma henni upp aftur. Myndirnar má líka sjá á Facebook.“

## BARA AUMINGI

Tara hefur glímt við þunglyndi í tólf ár. „Ég greindist fimmtán ára og fann þá strax fyrir fordómum og skorti á stuðningi frá samfélaginu. Það gerði að verkum að ég fór að fela veikindin í stað þess að takast á við þau. Mikið þekkingarleysi var á þessum sjúkdómi hjá fólki sem stóð mér næst. Ég heyrði gjarnan sagt: „Það er ekkert að þér nema leti.“ Fólk sá þetta ekki sem sjúkdóm heldur var ég bara einhver aumingi. Það hafði þau áhrif að mér fór að finnast það sjálfri. Batinn var því enginn,“ segir hún. „Þegar ég var greind flæktist ég á milli sérfræðinga. Fór til sálfræðings sem sagðist ekkert geta gert fyrir mig þar sem ég væri of veik. Það hafði ekki hvetjandi áhrif til að leita frekari aðstoðar.“

> Tölvupósti rigndi yfir mig frá fólki. Þá áttaði ég mig á að þarna væri gríðarlegt samfélagslegt vandamál sem þyrfti að vinna með.

## OPNAÐI MIG MEÐ BRÉFI

Tara Ösp stundaði nám í margmiðlunarhönnun í Kaupmannahöfn en er nýflutt heim. „Það var ekki fyrr en árið 2014 sem ég horfðist í augu við sjúkdóminn og byrjaði að taka lyf við honum. Þá fyrst áttaði ég mig á hversu veik ég hafði verið og gat farið að lifa eðlilegu lífi. Á þessum tíma hætti ég með barnsföður mínum og fór úr ákveðnu óryggi í það að standa á eigin fótum með dóttur mína. Líf mitt breyttist mjög mikið eftir að ég fór að taka lyfin. Það varð allt í einu auðvelt að takast á við dagleg verkefni. Neikvæðar raddir í höfðinu á mér hurfu. Áður fór gríðarleg orka í að bægja þessum röddum frá og reyna að hugsa jákvætt,“ segir hún.

„Um svipað leyti sýndi náinn ættingi minn öll merki um þunglyndi. Mér fannst mjög erfitt að horfa upp á hann þjást. Hann viðurkenndi ekki fyrir sjálfum sér að hann væri veikur. Ég tók mig því til um miðnætti einn daginn og skrifaði veikindasögu mína. Ég opnaði mig í fyrsta skipti og sendi honum bréfið. Daginn eftir fékk ég símtal. Hann viðurkenndi að bréfið hefði opnað augu sín og hann væri búinn að panta tíma hjá lækni. Í framhaldinu velti ég því fyrir mér að ef bréfið hjálpaði honum gæti það kannski haft áhrif á fleiri. Ég birti þess vegna bréfið á netinu og fékk ótrúleg viðbrögð. Tölvupósti rigndi yfir mig frá alls konar fólki sem var í þessari sömu stöðu. Þá áttaði ég mig á að þarna væri gríðarlegt samfélagslegt vandamál sem þyrfti að vinna með,“ segir Tara Ösp.

## NAKIN Á SVIÐI

Tara Ösp segir að það hafi verið gríðarlegur léttir að fá öll þessi viðbrögð. „Eftir að ég setti bréfið á netið leið mér eins og ég stæði nakin á sviði. Ég er mjög lokuð persóna svo það var undarlegt að opna sig fyrir alþjóð með þennan sjúkdóm sem ég hafði aldrei rætt um. Það var því ótrúlega gott að fá öll þessu jákvæðu viðbrögð. Virkileg hvatning til að halda áfram á sömu braut. Í dag verð ég með fyrirlestur á ráðstefnu TedxReykjavík í Austurbæ um hvernig samfélagsmiðlar geta bætt andlega heilsu okkar. Þangað eru allir velkomnir,“ segir Tara Ösp sem segist hafa lært að lifa með sjúkdómnum. „Vonandi á ég eftir að vera með fleiri fyrirlestra. Ég vil gera allt sem ég get til að leggja þessu málefni lið. Að vera valin framúrskarandi ungur Íslendingur er mikil viðurkenning og hvatning til að halda áfram á sömu braut.“ **elin@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Stutt, hagnýtt starfsnám

HEILSA OG MATUR

Matsveina-og matartæknanám er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa við matreiðslu og stjórnun í eldhúsum leik-, grunn- og framhaldsskóla, vinnustaða og heilbrigðisstofnana. Námið er einnig heppilegt fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í **ferðaþjónustu**.

Innritun stendur yfir á menntagatt.is



Uppsýsingar í síma 594-4000



Fluconazol ratiopharm fæst án lyfseðils í apótekum. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum.

# SVEPPASÝKING Í LEGGÖNGUM

**LYFIS KYNNIR** Fluconazol ratiopharm 150 mg hylki fást án lyfseðils í næsta apóteki. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum. Einföld meðferð við algengum kvilla.

„Fluconazol ratiopharm er nú fáanlegt án lyfseðils í apótekum en lyfið hafði áður fyrr einungis verið fáanlegt út á lyfseðil," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS, og bendir á að það sem Fluconazol ratiopharm sé nú selt án lyfseðils geti konur nálgast það strax og á þarf að halda en áður þurfti að fara til læknis og fá lyfseðil.




Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum sem áður hafa verið greindar hjá lækni með slíka sveppasýkingu og þekkja því einkennin. Eflaust þekkja margar konur það að fá reglulega sveppasýkingu, t.d. í tengslum við sýklalyfjatöku. Það er því mikill kostur fyrir þær að geta farið strax í apótek og keypt lyfið og hafið meðferðina. Einkenni sveppasýkingar eru mikill kláði á ytri kynfærum, eymsli, pirringur og sársauki við kynmök en einnig roði og tiltölulega lyktarlítil hvít útferð.

Meðferðin felst í því að konur sem hafa verið greindar með sveppasýkingu og þekkja einkennin taka einungis eitt hylki inn um munn. Hér er því um að ræða einfalda meðferð við algengum kvilla.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi.

**Fluconazol ratiopharm fæst án lyfseðils í apótekum.**

ratiopharm

LYFIS Traust í lyfjum

> Eflaust þekkja margar konur það að fá reglulega sveppasýkingu, t.d. í tengslum við sýklalyfjatöku. Það er því mikill kostur fyrir þær að geta farið strax í apótek og keypt lyfið og hafið meðferðina.

**Notkunarsvið:** Fluconazol ratiopharm inniheldur fluconazol. Án ávísunar frá lækni er Fluconazol ratiopharm notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir fluconazoli eða skyldum azól-lyfjum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Samhliða meðferð með cisapridi, astemizoli, terfenadini, pimozidi eða quinidini. **Gæta skal sérstakrar varúðar ef eftirfarandi á við:** Í mjög sjaldgæfum tilvikum getur Fluconazol ratiopharm valdið alvarlegum húðviðbrögðum með blöðrumyndun og húðlosi (Stevens-Johnson heilkenni). Ef húðútbrot koma fram á meðan á meðferð með Fluconazol ratiopharm stendur skal strax hafa samband við lækni, sem ákveður hvort nauðsynlegt sé að grípa til frekari aðgerða. Samhliða meðferð með halofantrini eða terfenadini. Meðfædd eða áunnin breyting á starfsemi hjartans (lenging QT-bils). Samhliða notkun lyfja sem einnig geta lengt QT-bilið á hjartalínuritinu, t.d. lyf við hjartsláttartruflunum í flokki IA eða III. Truflun í jafnvægi blóðsalta, einkum minnkuð þéttni kalíums og magnesíums. Hægur hjartsláttur sem þarfnast meðferðar, hjartsláttartruflanir eða alvarleg hjartabilun. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki skal nota Fluconazol ratiopharm á meðgöngu eða meðan barn er á brjósti. **Skömmtun:** Við Candidasýkingu í leggöngum: Eitt Fluconazol ratiopharm 150 mg hylki í stökum skammti. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur, húðútbrot, kviðverkur, uppköst, niðurgangur og ógleði, breyting á lifrargildum. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2015.

# GLINOR NEFÚÐI VIÐ OFNÆMI

**LYFIS kynnir** Glinor-nefúði við ofnæmisbólgu í nefi. Hefur fyrirbyggjandi verkun. Fæst á góðu verði án lyfseðils í næsta apóteki.



„Glinor-nefúði inniheldur virka efnið natriumcromoglicat, efni sem hindrar losun bólguvaldandi boðefna eins og histamíns," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar." Glinor er eini nefúðinn með þessu innihaldsefni sem fæst án lyfseðils á Íslandi en LYFIS hefur unnið markvisst að því að auðvelda aðgengi landsmanna að lyfjum sem áður hafa einungis fengist gegn lyfseðli. Glinor er notað við ofnæmisbólgu í nefi en algeng einkenni hennar eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla. Lyfið er ætlað fyrir fullorðna og börn, allt niður í fjögurra ára aldur. Skammtur fyrir fullorðna og börn er einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. Glinor-nefúðinn veldur ekki syfju. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi. Glinor nefúði fæst án lyfseðils í apótekum.

> Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.
>
> Hákon Steinsson

## Einkenni ofnæmisbólgu í nefi

- Hnerri
- Nefrennsli
- Kláði í nefi
- Nefstífla




**Glinor-nefúði við ofnæmi er ætlaður fyrir fullorðna og börn allt niður í 4 ára aldur.**

**Notkunarsvið:** Glinor nefúði inniheldur natríumcromoglicat og er ætlaður við ofnæmisbólgu í nefi. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir natríumcromoglicati, benzalkonklóríði eða einhverju hjálparefnanna. **Varúð:** Innihaldsefnið benzalkonklóríð getur valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin skaðleg áhrif á fóstur hafa komið fram við notkun natríumcromoglicats. Engu að síður skal forðast notkun á fyrsta þriðjungi meðgöngu og einungis skal nota lyfið á seinni stigum meðgöngu ef þörf er á. Natríumcromoglicat skilst í litlu magni út í brjóstamjólk. Þessi útskilnaður er sennilega skaðlaus en einungis skal nota lyfið hjá mæðrum með barn á brjósti ef þörf er á. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn, 4 ára og eldri: Einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. **Algengustu aukaverkanir:** Erting í nefslímhúð getur komið fram í upphafi meðferðar en þessi áhrif eru skaðlaus og tímabundin. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Desember 2015


Coldfri munnúði

- Vörn gegn sýklum
- Linar særindi í hálsi
- Flýtir bata á kvefi og endurnýjun slímhimnu í hálsi

fæst í apótekum

LYFIS Traust í lyfjum




Við kvefi og særindum í hálsi

W
WINSTON LIVING



Boule vasi frá Skultuna úr fægðu messing.
Hönnuður: Olivia Herms.
Verð: 30.800 kr.

Sígild gjöf fyrir einstakt tilefni

Tímalaus hönnun | Lífsstílsvörur | winstonliving.is
Nýbýlavegur 8 í Portinu | 200 Kópavogur




Ómótstæðileg marengskaka sem kemur á óvart. MYND/THELMA ÞÓRBERGSDÓTTIR

# PIPARKÚLUMARENGS TRYLLIR GESTINA

**Thelma Þórbergsdóttir** heldur úti hinu girnilega kökubloggi freistingarthelmu.blogspot.com. Hún segir marengstertur aldrei klikka þegar bjóða á gestum til veislu og lítið mál að búa þær til.

„Möguleikarnir eru endalausir svo lengi sem maður er með egg, sykur og rjóma við hönd," segir Thelma Þórbergsdóttir kökubloggari en hún gefur uppskrift að magnaðri marengsköku, með piparkúlum.

„Þessi kaka kemur skemmtilega á óvart. Hún er stökk, með súkkulaðipiparkúlum ofan á sem koma bragðlaukunum á óvart. Hún er tilvalin á veisluborðið ef við viljum bjóða upp á eitthvað nýtt og spennandi," segir Thelma.

## MARENGSTERTA MEÐ NUTELLA OG NÓA KROPPI MEÐ PIPARDUFTI

**3 eggjahvítur**
**200 g púðursykur**
**½ tsk. lyftiduft**
**Toppur**
**4 msk. Nutella, kúfaðar, eða meira ef þið viljið**
**½ lítri rjómi**
**2 msk. flórsykur**
**1 poki Nóa kropp með piparduft (180 g)**
**Súkkulaðisíróp**

Hitið ofninn í 150 gráðu hita og setjið smjörpappír á bökunarplötu. Hrærið eggjahvíturnar þar til þær verða að hálfgerðri froðu. Bætið púðursykrinum saman við, einni msk. í einu og hrærið vel á milli. Hrærið þar til marengsinn er orðinn stífur og stendur. Bætið lyftiduftinu saman við og hrærið vel. Setjið marengsinn á bökunarplötuna og myndið jafnan hring, gott er að móta hring með t.d. hringlaga kökuformi. Bakið í ca. 50 mín. eða þar til marengsinn er þurr viðkomu. Kælið marengsinn alveg og leyfið honum að jafna sig áður en þið takið hann af plötunni.

Setjið marengsinn á kökudisk og smyrjið Nutella yfir botninn. Þeytið rjóma þar til hann verður stífur, hrærið flórsykri saman við með sleif. Setjið rjómann á marengsinn, setjið Nóa kropp ofan á rjómann og sprautið súkkulaðisírópi yfir. Þeir sem vilja ekta súkkulaði geta brætt 100 g af dökku súkkulaði yfir vatnsbaði og slett yfir kökuna. Geymið í kæli þar til kakan er borin fram. Gott er að setja á marengsinn deginum áður.



**Bakið marengsinn í ca. 50 mín. og látið alveg kólna. Smyrjið Nutella yfir marengsinn og svo þeyttum rjóma, stráið síðan piparkúlunum ofan á rjómann og sprautið að endingu súkkulaðisírópi yfir.** MYND/THELMA ÞÓRBERGSDÓTTIR


MILT
MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA KL. 17:45 2




SPJALLÞÁTTADROTTNINGIN ELLEN
ER MÆTT Á STÖÐ 2

365.is | Sími 1817 365



20%
afsláttur af skóm frá
NeroGiardini
MADE IN ITALY
hjá
Hrafnhildi
Framúrskarandi fyrirtæki
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# SAGAN SÖGÐ MEÐ PÓSTKORTUM

Skynja má framþróun og breytingar íslensks samfélags á ýmsum sviðum gegnum gömul póstkort. Á sýningunni Með kveðju sem hefst í dag í Þjóðminjasafni Íslands má skoða rúmlega 1.000 íslensk póstkort frá árunum 1898-2015.

Póstkortið hefur fylgt manninum alla 20. öldina og verið vettvangur alls kyns sköpunar og skilaboða. Í dag verður opnuð í Þjóðminjasafninu sýningin Með kveðju, en henni er ætlað að veita innsýn í myndheim íslenska póstkortsins með völdum dæmum eða syrpum frá tilteknum útgefendum, ljósmyndurum og teiknurum en líka af einstökum efnisflokkum.

Að sögn Ingu Láru Baldvinsdóttur, sviðsstjóra Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni Íslands, er áætlað að rúmlega 20.000 póstkort hafi verið gefin út hér á landi en söfnun póstkorta hófst í Þjóðminjasafninu fljótlega eftir aldamótin 1900. „Á sýningunni verða um 1.000 póstkort sem spanna tímabilið frá 1898 til 2015. Þetta eru innrammaðar heildir sem raðað er í tímaröð. Við skynjum því framþróun á mörgum sviðum samfélagsins með því að skoða sýninguna, t.d. þegar kemur að tísku, prenttækni, ljósmyndun og fjölbreyttum myndskreytingum á póstkortum. Fyrir utan landafræðina, byggingarsöguna og hvernig menningarlandslagið hefur breyst. Póstkort eru alveg merkileg náma til að grafa í.“



Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands (t.v.) og Kristín Halla Baldvinsdóttir, sérfræðingur í myndasafni. MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR

### SPANNA LANGT TÍMABIL

Aðdragandi sýningarinnar var fremur skammur miðað við aðrar sýningar á safninu að sögn Ingu Láru. „Póstkortin urðu fyrir valinu vegna þess að í Ljósmyndasafni Íslands eru varðveitt þrjú póstkortasöfn með um 17.000 póstkortum. Tvö þeirra innihalda aðallega kort frá því fyrir 1950 en eitt eftir þann tíma þannig að þau mynda sterka heild og spanna alla 20. öldina. Á síðustu tveimur áratugum hefur líka verið safnað nokkru af kortum úr samtímanum og svo gerðum við átak í söfnun nýrri korta fyrir þessa sýningu. Þetta er safnkostur sem ekki hefur verið sýndur áður.“

Sýningin er þannig uppbyggð að sýnd eru saman póstkort frá einstökum útgefendum, teiknurum og ljósmyndurum. „Söfnin eru ekki skipulögð þannig að kort hvers framleiðanda séu saman í möppu. Frekar reynum við að setja þau upp eftir stöðum og myndefni og því söfnuðum við þeim saman héðan og þaðan úr póstkortasafninu. Í fáeinum tilvikum urðum við að leita til annarra með kort, eins og Landsbókasafns-Háskólabókasafns og einkasafnaranna Þórs Þorsteins og Guðrúnar Þ. Guðmundsdóttur.“

Einnig þurfti að leggjast í rannsóknir segir Inga Lára. „Við búum svo vel að Ragnheiður Viggósdóttir póstkortasafnari hafði tekið saman lista yfir útgefin póstkort á Íslandi fram undir 1950 sem létti mikið vinnuna. Einkasafnararnir búa yfir mikilli þekkingu á þessum efnivið og voru þau Þór og Guðrún tilbúin að miðla af visku sinni. Við erum sjálf margs fróðari um sögu póstkortsins og ég vona að það skili sér til gesta sýningarinnar.“



Póstkort frá Hannesi Hafstein sem hann sendi árið 1902 er til sýnis.

### ÝMSAR GERSEMAR

Inga Lára segir sum póstkortanna á sýningunni hluta af þeim myndheimi sem allir Íslendingar þekki. „Margir kannast við mynd Ingimundar Sveinssonar, bróður Kjarvals, af barni á hnísubaki, fjallkonan hefur birst á kortum og síðan eru merkileg sérstæð kort eins og kort Samúels Eggertssonar með íslandssögunni í sjónrænu formi.“

Ekki má gleyma því að póstkort voru gefin út til að á þau væri skrifað og þó að meirihluti kortanna í safninu sé nýr og ónotaður er þar fjöldi af kortum með alls kyns áritunum. „Þar má nefna kort frá Hannesi Hafstein frá 1902, frá Sigurði Nordal síðan 1921 og frá Braga Kristjónssyni í Bókinni frá 1980.“

En fyrst og fremst eru þetta kort með textum frá venjulegu fólki segir Inga Lára. „Þar má nefna kort frá krakka í Vindáshlíð til frænku sinnar, kort til móður sem var skrifað í Leifsstöð, svo að öruggt væri að eitthvert kort kæmi úr ferðinni, kort með kveðskap á tímamótum, lýsingu á fylleríi, boð um að mæta í vinnu að ógleymdum frásögnum af ferðalögum. Póstkortin gegndu því gríðarlega fjölbreyttu hlutverki og komu í stað alls þess sem við höfum við höndina í dag, t.d. símans, sms-skilaboða, tölvupóstsins og auðvitað allra samfélagsmiðlanna.“

Sýningin verður opnuð kl. 15 í dag, laugardag, og verður opin í allt sumar.

**Nánari upplýsingar má finna á www.thjodminjasafn.is og á Facebook.**






Um 1.000 póstkort verða til sýnis í Þjóðminjasafninu í sumar.




Þekkt mynd Ingimundar Sveinssonar prýðir þetta gamla póstkort.




Póstkort frá Sigurði Guðmundssyni frá um 1940.

Sveitarfélagið ÁRBORG

## UMSJÓNARMAÐUR GÁMASTÖÐVAR

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar óskar eftir að ráða umsjónarmann gámastöðvar. Starfsmaðurinn mun sinna umsjón gámastöðvar sveitarfélagsins við Víkurheiði 4 ásamt öðrum verkefnum sem verkstjóri þjónustumiðstöðvar felur honum.

**Ábyrgðar- og starfssvið**
Umsjónarmaður gámastöðvar hefur umsjón með faglegri starfsemi er fellur undir starfssvið gámastöðvar, sér um að farið sé eftir þeim reglugerðum sem gilda um meðferð og flokkun á þeim efnum sem berast. Umsjónarmaður sinnir verkstjórn með losun á gámasvæði og leiðbeinir íbúum við flokkun úrgangs og spilliefna. Hann sér um skráningu á magntölum og hefur umsjón með ýmsum tölfræðilegum upplýsingum er varða starfssemi gámastöðvar. Umsjónarmaður annast móttöku greiðslna og meðferð fjármuna og sér um daglegt uppgjör. Starfið heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar og mun starfsmaðurinn að auki sinna tilfallandi verkefnum í þjónustumiðstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Um er að ræða fullt starf. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Auður Guðmundsdóttir, deildarstjóri framkvæmda og þjónustu, í síma 480 1500 á skrifstofutíma. **Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 3.júní nk. á netfangið audurg@arborg.is**

Rio Tinto



## Óskum eftir sumar- og framtíðarstarfsmönnum

**Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða sumarstarfsmenn ásamt almennum starfsmönnum, bæði tímabundið og til framtíðar.**

Leitað er að almennum starfsmönnum í **þvottahús, mötuneyti, kerskála, steypuskála** og **skautsmiðju.**

» Störfin eru ýmist unnin í dagvinnu, á tvískiptum eða þrískiptum vöktum

» Starfsmenn í framleiðslu fara á lyftaranámskeið hafi þeir ekki þegar réttindi

**Allt nýtt starfsfólk:**
» Þarf að vera orðið 18 ára eða verða það á árinu
» Gengst undir læknisskoðun við ráðningu

Áhugasamir fylli út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, **riotinto.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2016.**

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

Vörumerking

Samhentir Kassagerð ehf er 20 ára á þessu ári. Starfsemin felst í innflutningi og sölu á umbúðum, rekstrarvörum og vélbúnaði til pökkunar. Viðskiptavinir eru í sjávarútvegi, iðnaði, kjötvinnslu og verslun tengdri matvöru. Fjöldi starfsmanna í dag er um 37.

Vörumerking ehf er að fullu í eigu Samhentra Kassagerð ehf. Starfsemin felst í framleiðslu á límmiðum, állokum, lyfjaáli, dósa- og flöskumiðum, plastkortum og ýmsu fleiru. Félagið er stofnað 1962, en Samhentir Kassagerð ehf kaupa félagið 2012. Fjöldi starfsmanna er um 38.

Starfsemi beggja félaga er í Suðurhrauni 4 Garðabæ og söluskrifstofa að Furuvöllum 3 Akureyri.

# Fjármálastjóri

Samhentir Kassagerð ehf og Vörumerking ehf óska eftir að ráða til sín öflugan fjármálastjóra til að starfa í hröðu og krefjandi umhverfi hjá ört vaxandi fyrirtækjum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Umsjón með uppgjörum félaganna
- Umsjón með bókhaldi, innheimtu og greiðslu reikninga
- Áætlanagerð og greiningar
- Samskipti við viðskiptabanka og endurskoðendur
- Umsjón með gerð ársreiknings
- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra og stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræðum
- Haldbær reynsla af sambærilegu starfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, framsýni og mikill metnaður
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

**Upplýsingar veitir:**
**Elísabet Sverrisdóttir**
elisabet@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Vilt þú vera?

# Verkefnastjóri

Staðlaráð óskar eftir því að ráða verkefnastjóra í fjölbreytt og áhugavert starf á sviði raftækni og upplýsingatækni. Viðkomandi gefst tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með helstu nýjungum á þessu sviði í gegnum erlent samstarf.

Umsóknarfrestur
**5. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2963**

Starfssvið
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði raftækni, upplýsingatækni og véltækni og kynningu á því starfi.
- Umsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi á vegum CENELEC og IEC.
- Ritari Rafstaðlaráðs, Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og Fagstjórnar í véltækni.
- Þátttaka í erlendu samstarfi er tengist stöðlum.
- Umsjón með tölvukerfi Staðlaráðs.
- Þátttaka í öðrum stöðlunarverkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði, tæknifræði, eða sambærileg menntun.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking og áhugi á stöðlum.
- Þekking á upplýsingatækni og rekstri tölvukerfa er æskileg.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Nánar um fyrirtækið
www.stadlar.is

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Vilt þú vera?

# Framkvæmdastjóri

Búmenn óska eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Umsóknarfrestur
**5. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2962**

Starfssvið:
- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Gerð og eftirfylgni áætlana sem og ábyrgð og umsjón með bókhaldi og uppgjörum.
- Stefnumótunarvinna og markmiðasetning.
- Ábyrgð og umsjón með markaðsmálum.
- Samskipti við félagsmenn og búseturétthafa.
- Undirbúningur stjórnarfunda.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, menntun á sviði viðskiptafræði kostur.
- Reynsla af rekstri, fjármálum og stjórnun.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og breytingastjórnun.
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Drifkraftur, frumkvæði, útsjónarsemi og hugmyndaauðgi.
- Leiðtogahæfileikar, jákvætt viðmót og færni í samskiptum.

Félagið Búmenn var stofnað með það að markmiði að byggja og reka búseturéttaríbúðir fyrir félagsmenn sína. Félagssvæðið nær til landsins alls og hefur félagið lokið byggingum íbúða í 13 sveitarfélögum víðsvegar um land. Félagið er opið öllum, bæði einstaklingum og samtökum. Sérstakt félagsnúmer veitir félagsmanni, sem náð hefur 50 ára aldri, rétt til kaupa á búmannaíbúð án tillits til núverandi búsetu. Búmenn leggja áherslu á vandaðar fullbúnar íbúðir á hagkvæmu verði. Lögð er áhersla á gott aðgengi þannig að fólk geti búið í íbúðunum eins lengi og kostur er og á hentugt skipulag í nálægð við þjónustu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# VILTU VERA MEÐ Í GLAMOUR TEYMINU?

**Glamour leitar að öflugum einstaklingi í stöðu auglýsinga- og markaðsstjóra hjá tímaritinu. Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Reynsla í auglýsingasölu og markaðsmálum er æskileg.**



**Viðkomandi þarf að hafa**
- Menntun og reynslu á sviði markaðssmála og í sölustörfum
- Frumkvæði og metnað
- Vinna vel í teymi
- Vera ábyrgðarfullur
- Góða tölvukunnáttu

Starfið felur í sér að halda utan um auglýsingasölu í blaðið og á vefinn, hafa yfirumsjón með markaðsetningu Glamour og sjá um dreifingarmál og áskriftir ásamt ritstjóra.

**Frekari upplýsingar veitir ritstjóri Glamour *Álfrún Pálsdóttir:* alfrun@glamour.is *Áhugasömum er bent á að senda umsóknir á* glamour@glamour.is.**

Glamour er íslenskt tímarit gefið út af Condé Nast og 365 en tímaritið heldur einnig úti vefsíðunni Glamour.is.

GLAMOUR

Vilt þú vera?

# Viðskiptastjóri

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Endurmenntun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða viðskiptastjóra til starfa.

Viðskiptastjóri vinnur í teymi með öðrum starfsmönnum Endurmenntunar og heyrir undir markaðs- og kynningarstjóra. Leitað er að samstarfsaðila sem býr yfir mikilli samstarfshæfni, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í síbreytilegu og spennandi umhverfi og er tilbúinn að takast á við krefjandi starf.

Umsóknarfrestur
**13. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2965**

Starfssvið
- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila.
- Sala og þarfagreining.
- Viðhalda viðskiptatengslum.
- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Ýmis sérverkefni.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu nauðsynleg.
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í teymi.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.

Endurmenntun Háskóla Íslands er í afgerandi forystuhlutverki á sviði sí- og endurmenntunar á Íslandi. Þar starfar samhentur hópur fólks að því að efla hæfni og getu viðskiptavina í starfi og einkalífi. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Hagfræðingur
## á skrifstofu efnahagsmála

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir eftir hagfræðingi á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar.

Skrifstofa efnahagsmála hefur umsjón með undirbúningi og eftirfylgni efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, samhæfingu opinberrar hagstjórnar og kynningu á efnahags- og fjármálamarkaðsmálum innanlands og utan.
Skrifstofan annast mat á þróun og horfum í efnahagsmálum, gerð hagfræðilegra athugana, vöktun hagstærða og á í samskiptum við erlend matsfyrirtæki og ýmsar alþjóðlegar stofnanir á sviði efnahagsmála. Önnur verkefni skrifstofunnar varða peningamál, gjaldeyrismál og mál er lúta að fjármálastöðugleika, fjármálamörkuðum og vátryggingastarfsemi.

Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

Umsóknarfrestur
**13. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2967**

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Stefnumörkun í efnahagsmálum og opinberri hagstjórn.
- Samþætting stefnu í efnahagsmálum við ríkisfjármálastefnu.
- Upplýsingaöflun og greiningarvinna á sviði efnahagsmála.
- Miðlun í ræðu og riti um stöðu efnahagsmála.
- Ráðgjöf og stuðningur innan ráðuneytis vegna efnahagsmála almennt.
- Þátttaka í alþjóðastarfi og samskipti við erlendar stofnanir og aðila á fjármálamarkaði.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistaranám í hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu.
- Marktæk þekking á efnahagsmálum í þjóðhagslegu samhengi og opinberri hagstjórn.
- Reynsla af greiningarvinnu sem nýtist í starfi.
- Greinandi, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði og góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Góð samskiptahæfni, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að leiða teymisvinnu.

Á skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaðar starfa 12 starfsmenn en í ráðuneytinu eru alls um 85 starfsmenn.

Innleiðing nýrra laga um opinber fjármál stendur yfir, sem felur í sér mörg tækifæri fyrir verðandi starfsmann.

Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## Hringrás óskar eftir starfsfólki:

### Bókari

**Hringrás óskar eftir að ráða bókara til starfa.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Þekking á Navision
- Viðurkenndur bókari/viðskiptafræðingur

**Helstu verkefni:**
- Bókun reikninga og eftirfylgni með samþykktarkerfi
- Afstemmingar á lánardrottnum
- Bókun og afstemmingar á bankareikningum

**Umsóknum skal skilað á starf@hringras.is fyrir 1.júní nk.**

**Nánari upplýsingar veitir Rut Hreinsdóttir fjármálastjóri á rut@hringras.is**

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

### COMMERCIAL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Commercial Assistant lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til **3 júní, 2016.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Commercial Assistant. The closing date for this position is **June 3, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Stuðningsfjölskyldur óskast

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir traustum og jákvæðum einstaklingum og fjölskyldum sem hafa áhuga á að taka að sér að vera stuðningsfjölskyldur fyrir börn í 2 til 5 sólarhringa í mánuði.**

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn eða barn sem býr við félagslega erfiðleika í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að veita barni tilbreytingu, létta álagi af fjölskyldu þess og styrkja félagslegt tengslanet.
Gerð er krafa um sveigjanleika, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og heiðarleika.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru samkvæmt verktakasamningi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynja Bergmann Halldórsdóttir í síma 411-1500 eða með því að senda fyrirspurn á brynja.bergmann.halldorsdottir@reykjavik.is

## Spennandi störf í stuðningsþjónustu

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir til umsóknar störf í stuðningsþjónustu.** Um er að ræða, 35-80% störf innan teyma sem veitir einstaklingum, börnum og fullorðnum þjónustu sem þurfa stuðning vegna fötlunar, félagslegra aðstæðna, uppeldis barna, aðstæðna í daglegu lífi ofl. Vinnutími er dag, kvöld og/eða helgar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Hvatning, ráðgjöf og stuðningur við einstaklinga og fjölskyldur
- Aðstoð við athafnir daglegs lífs
- Stuðningur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni
- Eftirfylgd einstaklings- og þjónustuáætlana
- Virkt notendasamráð og samvinna við aðstandendur
- Þróun og þátttaka í þverfaglegu starfi og faglegri uppbyggingu

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Góð almenn menntun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þróun og uppbyggingu faglegs starfs
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Katrín Harpa Ásgeirsdóttir í síma 411-1500 eða með því að senda fyrirspurnir á katrin.harpa.asgeirsdottir@reykjavik.is

**Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf**
**Umsóknarfrestur er til 11. júní nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

## Verkefnastjóri

Viðhald óskar eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf. Hlutverk verkefnastjóra er að halda utan um heildar verkefnaáætlun fyrirtækisins og verkáætlanir stærri verkefna. Í því felst meðal annars að skilgreina einstök atriði verkefna, gera áætlanir um mannafla og aðföng auk þess að fylgjast með framvindu verka. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og sýna frumkvæði í starfi.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar (MPM) er kostur.
- Kunnátta í MS Project eða sambærilegum hugbúnaði.
- Reynsla af störfum í byggingariðnaði.
- Stjórnunarhæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hermann Guðmundsson í síma 567 6699.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist með tölvupósti á hermann@vidhald.is. **Umsóknarfrestur er til og með 6. júní.**

*Hjá Viðhaldi starfa um 50 manns. Fyrirtækið sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna, ýmist sem aðal- eða undirverktaki. Meðal viðskiptavina eru stærstu fasteignafélög landsins ásamt húsfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum.*



## Lyfjafræðingur og lyfjatæknir

**Reykjavíkur Apótek óskar eftir að ráða lyfjafræðing og lyfjatækni.**

Við leitum að áreiðanlegum og metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund.
Um fullt starf er að ræða og þurfa viðkomandi helst að geta hafið störf í lok sumars.
Starfsreynsla úr apóteki æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Birgisdóttir, lyfsali.

**Umsóknir óskast sendar á margret@reyap.is eða Reykjavíkur Apóteki, Seljavegi 2, 101 Reykjavík.**

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt og óháð apótek, sem leggur mikla áherslu á góða og persónulega þjónustu.*

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Reykjavíkur Apótek

## Smiðir óskast

Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði í fullt starf sem fyrst við smíðar og uppsetningar. Vinsamlega sendið inn umsókn á gluggar@solskalar.is

GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími 554 4300 • www.solskalar.is

## Óskum eftir 3-4 herbergja íbúðum í miðbæ Reykjavíkur í langtímaleigu (3-5 ár).

Fyrirtækið býður: Öruggar leigutekjur, smærra tilfallandi viðhald, minna slit á íbúð, meðmæli.
Hafið samband: leiga@icelandsummer.com

ICELANDSUMMER.IS

HEILSUGÆSLAN SALAHVERFI

## Sálfræðingur

Heilsugæslan í Salahverfi auglýsir eftir sálfræðingi til starfa á heilsugæslustöðinni. Um er að ræða hálfa stöðu til að byrja með og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. október n.k. Gert er ráð fyrir að sálfræðingurinn sinni fyrst og fremst börnum og unglingum. Einnig foreldrum á meðgöngu og í kjölfar fæðinga. Laun samkvæmt samkomulagi.

Umsóknir sendist Böðvari Erni Sigurjónssyni yfirlækni Heilsugæslunnar í Salahverfi, Salavegi 2, 201 Kópavogi, **fyrir 10. júní n.k.** Hann veitir nánari upplýsingar um stöðuna í síma 590-3900 eða í gegnum netfangið, **salus@salus.is.**

EinarÁ. EINAR ÁGÚSTSSON & CO

Einar Ágústsson & Co ehf er fyrirtæki með langa og farsæla sögu. Í dag sérhæfir fyrirtækið sig fyrst og fremst í vörum tengdum byggariðnaðinum og selur til endursöluaðila og verktaka.

# Sölu- og markaðsstjóri

EinarÁ, Dalvegi 16d, óskar eftir að ráða sölu- og markaðsstjóra.

**Starfssvið**
- Sala á fyrirtækjamarkaði
- Tilboðs- og samningagerð
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við birgja
- Umsjón með markaðsefni og heimasíðu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tækni- og/eða iðnmenntun
- Þekking á byggingariðnaði
- Reynsla af sölumennsku
- Reynsla af markaðsmálum og vefumsjón
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Metnaður og jákvæðni

**Upplýsingar veitir:**
**Rannveig J. Haraldsdóttir**
rannveig@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

FASTUS

Fastus er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði og í rekstri tengdum matvælum, ferðaþjónustu og iðnaði fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum.

Hlutverk Fastus er að láta viðskiptavinum í té lausnir sem auka á gæði og hagkvæmni í þeirra rekstri og stuðla að heilbrigði og vellíðan í samfélaginu. Gildi Fastus eru: **Árvekni – Kunnátta – Virðing – Gleði – Metnaður**

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016

# Framkvæmdastjóri

Fastus leitar að framkvæmdastjóra til uppbyggingar á lifandi forystufyrirtæki sem skarar fram úr á síkvikum og krefjandi markaði. Horft verður á mælanlegan árangur í fyrra starfi, samskiptafærni og breiða rekstrarþekkingu.

Starfssvið hans er að stjórna daglegum rekstri, tryggja og viðhalda öflugum samskiptum við birgja og viðskiptavini og leiða sóknina með metnaðarfullu starfsfólki.

Krafist er háskólamenntunar, reynslu af stjórnun og rekstri, stefnumótun, áætlanagerð, erlendum samskiptum og forystuhugsun.

Eigendur og starfsfólk leggja áherslu á að fyrirtækið sé góður þegn í samfélaginu og leitist við að bjóða úrvals vörur og veita afburða þjónustu.

Ef þú vilt kynna þér þetta nánar erum við fús að ræða við þig.

**Upplýsingar veita:**
**Katrín. S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní nk.**
Umsókn er trúnaðarmál

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

PORSCHE | OPEL | CHEVROLET | SSANGYONG

BEIN LEIÐ | 40 ÁR
1975 | Bílabúð Benna | 2015

# FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra Þjónustusviðs. Leitað er að einstaklingi sem hefur menntun og reynslu af sambærilegu starfi og á auðvelt með að leiða sitt fólk í margs konar verkefnum. Undir framkvæmdastjóra heyrir daglegur rekstur þjónustuverkstæðis og varahlutaverslunar. Framkvæmdastjóri Þjónustusviðs situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyrir undir forstjóra Bílabúðar Benna.

**Helstu verkefni og ábyrgðasvið:**

- Ábyrgð á afkomu og rekstri, ásamt áætlanagerð fyrir Þjónustusvið.
- Ábyrgð á starfsmannamálum Þjónustusviðs.
- Ábyrgð á þjónustustefnu, þjónustustigi, nýtingu mannauðs og reglubundnum þjónustumælingum.
- Samskipti sem snúa að tækni- og þjónustumálum gagnvart erlendum framleiðendum.
- Ábyrgð á tækni- , innköllunar- og ábyrgðarferlum í samræmi við kröfur erlendra framleiðenda.
- Vinna að markaðsmálum Þjónustusviðs í samvinnu við markaðsstjóra.

**Hæfniskröfur:**

- Leiðtogahæfileikar og færni í mannauðsmálum.
- Háskólamenntun, sem nýtist í starfi, kostur.
- Haldbær reynsla af sambærilegu starfi.
- Reynsla af gerð áætlana og eftirfylgni.
- Stjórnunarreynsla og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði og skipulagning í vinnubrögðum.

**Upplýsingar veitir:**

Björn Ragnarsson í netfangið bjorn@benni.is
Umsóknin sendist á netfangið atvinna@benni.is fyrir mánudaginn 06. júní.

Bílabúð Benna var stofnað 1975 og er þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Bílabúð Benna er umboðsaðili bílaframleiðendanna Porsche, Opel, Chevrolet og SsangYong ásamt dekkja vöru-merkjanna Toyo Tires, BFGoodrich og Pirelli. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða og rekur bílaleiguna Sixt og Nesdekk. Fyrirtækið er starfrækt í Reykjavík og í Reykjanesbæ og er með þjónustusamninga við verkstæði um allt land.

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

# Ræstingar

## - á höfuðborgarsvæðinu.

Við leitum að ábyrgðarfullum starfsmanni í ræstingar og umsjón með fasteignum fyrirtækisins á Reykjavíkursvæðinu. Um er að ræða 100% stöðu en möguleiki er á að skipta starfinu í tvö hlutastörf.

**Hæfniskröfur**

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Vandvirkni
- Áræðanleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni, kurteisi og jákvæðni
- Viðkomandi þarf að hafa bílpróf

**Við hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um starfið.**

Upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg Sigurðardóttir, í síma 461-6115 eða sigurbjorg@holdur.is

Umsóknir sendist á netfangið: atvinna@holdur.is merkt „Ræstingar“

Mikilvægt er að ferilskrá og mynd fylgi umsóknum.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní n.k.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 4000 bíla í rekstri í sumar og tuttugu afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 230 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.



Landsvirkjun

# Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með áhuga á krefjandi **verkefnisstjórnun**

Landsvirkjun leitar að einstaklingi með mikla skipulags- og samskiptahæfni til að starfa með teymi verkefnisstjóra sem ber ábyrgð á þróun virkjunarkosta. Í starfinu felst aðstoð við gerð og eftirfylgni, verkefnis- og viðskiptaáætlana. Viðkomandi mun einnig vera í samstarfi við verkefnastofu og hafa umsjón með rekstri og þróun verkefnaskrár. Við leitum að faglegum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði í starfi og er sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Háskólamenntun og menntun í verkefnastjórnun, t.d. MPM nám
- Reynsla af verkefnisstjórnun, IPMA vottun er æskileg
- Þekking og reynsla við gerð, framkvæmd og eftirfylgni samskiptaáætlana
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is. Nánari upplýsingar veita Sturla Jóhann Hreinsson *(sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is)* og Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2016.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.






# *Móttökuritari hjá Kviku*

***Kvika leitar eftir öflugum og skipulögðum einstaklingi til starfa í móttöku bankans. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf þar sem viðkomandi mun sinna móttöku viðskiptavina, umsjón með símsvörun, fundaumsjón og aðstoð við forstjóra bankans.***

**Helstu verkefni:**

- Móttaka viðskiptavina og símsvörun
- Fundaumsjón
- Aðstoð við forstjóra
- Almenn skrifstofustörf, s.s. skjölun og bréfaskriftir
- Ferðabókanir og innkaup
- Ýmis tilfallandi verkefni og stuðningur við önnur svið bankans

**Hæfni og þekking:**

- Mjög gott vald á íslensku og ensku bæði í rituðu og töluðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Fagleg og fáguð framkoma
- Framúrskarandi skipulagshæfni
- Þjónustulund og sveigjanleiki

Kvika er sérhæfður fjárfestingabanki sem sinnir þörfum viðskiptavina á afmörkuðum syllum með fagþekkingu og sérhæfðu vöruframboði. Burðarás Kviku er öflug eignastýring og bankinn veitir sparifjár- og innlánseigendum alhliða þjónustu. Hjá Kviku starfar samhentur hópur 85 sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu. Eignarhald Kviku er gagnsætt og er hann eini bankinn sem er að fullu í eigu einkaaðila s.s. lífeyrissjóða, fyrirtækja og einstaklinga. Nánar á: ***www.kvika.is***.

***Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2016.***

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu ***Kviku www.kvika.is/starfsumsokn*** eða senda umsóknir á netfangið ***starf@kvika.is***.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir markaðs- og mannauðsstjóri Kviku, ***hildur.thorisdottir@kvika.is***.

Kvika banki hf. Borgartúni 25 105 Reykjavík kvika@kvika.is **kvika.is**

ráðum
ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



# Verkís leitar að öflugum liðsmönnum

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku, ensku og Norðurlandamál er kostur.

### Rafmagnsverkfræðingur, -tæknifræðingur eða -iðnfræðingur

Okkur vantar öflugan starfsmann í rafkerfa- og lýsingarhóp Byggingasviðs. Reynsla af vinnu við rafkerfi, stjórnkerfi og lýsingu í ýmsum gerðum mannvirkja er kostur. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu í Autocad, Revit, Word og Excel. Hópurinn býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í margvíslegum verkefnum við frumathuganir, forhönnun og fullnaðarhönnun mannvirkja.

### Byggingarverkfræðingur, -tæknifræðingur eða byggingafræðingur

Við leitum að öflugum starfsmanni í framkvæmda- og viðhaldshóp Byggingasviðs í gerð kostnaðar-, tíma-, framkvæmda- og viðhaldsáætlana fyrir ýmsar gerðir framkvæmda innanlands og erlendis. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa starfsreynslu úr byggingariðnaðinum. Einnig er mikilvægt að viðkomandi hafi reynslu í notkun áætlanaforrita, Autocad, Revit, Word og Excel.

### Tækniteiknari - Revit

Tækniteiknara vantar á Byggingasvið. Þekking og reynsla af notkun á Revit er nauðsynleg. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í Word og Excel.

### Rafmagnsverkfræðingur - Raforkukerfi

Við erum að leita að öflugum starfsmanni í rafbúnaðarhóp Orkusviðs á Akureyri eða í Reykjavík. Reynsla af vinnu við raforkukerfi er kostur. Hópurinn, sem býr yfir mikill þekkingu og reynslu, vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði framleiðslu og flutnings á raforku. Verkefnin felast m.a. í kerfisathugunum, greiningum í raforkukerfum og hönnun virkjana, tengivirkja og jarðstrengja.

### Rafmagnsverk- eða tæknifræðingur - Stjórnbúnaður

Nýjan starfsmann vantar í stjórnkerfahóp Orkusviðs. Við erum að leita að verk- eða tæknifræðingi með iðnmenntun eða reynslu í vinnu við stjórnkerfi. Vinnan felst einkum í gerð teikninga og forritun stýrivéla í virkjunum og tengivirkjum. Prófanir og gangsetningar kerfa á verkstað eru einnig hluti af verkefnum hópsins.

### Tækniteiknari - Teiknun vélbúnaðar

Tækniteiknara vantar í vélahóp Orkusviðs. Starfið felst í teiknivinnu í Autocad, CadWorks og Inventor í fjölbreyttum verkefnum í jarðvarma og vatnsafli.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís **(umsokn.verkis.is)** fyrir 6. júní n.k.

**Nánari upplýsingar veitir** Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Hjá Verkís starfa yfir 300 starfsmenn að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA
Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | verkis@verkis.is | 422 8000

# FORSTÖÐUMAÐUR SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN LEIÐTOGA Í STARF FORSTÖÐUMANNS SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS.**

Forstöðumaður ber ábyrgð á öllum rekstri sviðsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Undir sölu- og markaðssvið falla öll sölu- og markaðsmál innanlands sem utan, stöðvarekstur á fjórum stöðum innanlands, vefmál, fríhöfn, þjónustuver og markaðsdeild ásamt áætlunar- og tekjustýringardeild. Samtals eru starfsmenn sviðsins um 80 talsins.



### STARFIÐ

- Daglegur rekstur sölu- og markaðssviðs
- Yfirumsjón með starfsmannamálum sviðsins og upplýsingamiðlun
- Yfirumsjón með auglýsingamálum og kynningarstarfsemi
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Vöruþróun
- Samningagerð
- Fargjaldaútreikningar og verðlagning
- Stefnumótun og áætlunargerð

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða
- Marktæk reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á sölu- og markaðsmálum
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Jákvætt hugarfar og leikni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, norðurlandamál er kostur

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. JÚNÍ 2016**

- Umsókn, ásamt ferilskrá, óskast fyllt út á vef félagsins www.flugfelag.is/upplysingar/mannauður, fyrir 1. júní 2016.

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Þórðardóttir mannauðsstjóri, ingig@flugfelag.is

**FLUGFELAG.IS**

ÍSLENSKA SÍA / FLU 79902 05/16



# Tónmenntakennari við Naustaskóla Akureyri

Við Naustaskóla er laust til umsóknar starf tónmenntakennara frá 1. ágúst 2016.

Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á vellíðan og árangur nemenda í samstarfi við aðra starfsmenn og stjórnendur skólans.

**Menntunarkröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Sérhæfing í tónlist / tónmenntakennslu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2016**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

# Fjármálastjóri í Þjóðskjalasafni

Laust er til umsóknar starf fjármálastjóra Þjóðskjalasafns Íslands.

**Ábyrgð og verksvið**
Starfið felst í fjármálastjórn, launavinnslu og starfsmannastjórn. Þá eru á hendi fjármálastjóra yfirumsjón með rekstri tölvu- og upplýsingakerfa, yfirumsjón með skjalavörslu stofnunarinnar og umsjón með verkbókhaldi. Jafnframt er umsjón með rekstri skrifstofu, afgreiðslu og símsvörun hluti verkefnanna. Viðkomandi tekur þátt í ýmsum öðrum verkum. Fjármálastjóri situr í framkvæmdastjórn safnsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Gerð er krafa um háskólapróf í viðskipta- eða rekstrarfræðum.
- Reynsla af fjármálastjórn, bókhaldi og áætlanagerð er nauðsynleg.
- Reynsla af starfsmannahaldi og þekking á starfsmannamálum ríkisins er æskileg.
- Krafist er þekkingar og reynslu af Oracle kerfi ríkisins.
- Þá er krafist þekkingar í upplýsingatækni og skjalastjórn.
- Mjög gott vald á íslensku er áskilið.
- Góð kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum starfsmanni, með góða samskiptahæfni og frumkvæði í starfi.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júní 2016.**

**Sótt er um starfið rafrænt á; www.skjalasafn.is undir „laus störf".**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem greinir frá ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Afrit prófskírteina fylgi. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar veitir**
Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður – **eirikur@skjalasafn.is** - 820-3330.

*Þjóðskjalasafn Íslands starfar skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Hlutverk safnsins er að varðveita og veita aðgang að opinberum skjölum, einkum íslenska ríkisins, og einkaskjalasöfnum með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.*

# Spennandi störf hjá Samgöngustofu



## FAGSTJÓRI Í FJÁRMÁLADEILD

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða fagstjóra í fjármáladeild stofnunarinnar.** Starfið hentar öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum og krefjandi bókhaldsverkefnum, s.s. uppgjörsvinnu, greiningum og úrvinnslu tölulegra upplýsinga o.fl. verkefnum innan fjármáladeildar. Nýr starfsmaður mun taka þátt í stefnumótun og innleiðingu nýrra verkefna og verklags og vinna náið með stjórnendum rekstrarsviðs. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veita Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, deildarstjóri fjármáladeildar, í síma 480 6000.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- BS í viðskiptafræði eða sambærileg háskólamenntun
- Mikil reynsla og þekking af bókhaldsstörfum er skilyrði
- Mjög góð Excel kunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

## SKIPAEFTIRLITSMAÐUR

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða til starfa skipaeftirlitsmann á farsvið stofnunarinnar.** Starfið gæti t.a.m. hentað vel einstaklingi sem hefur starfað við sjómennsku eða hefur reynslu af störfum tengdum sjávarútvegi en langar til þess að breyta um starfsvettvang og starfa í landi án þess þó að missa öll tengsl við hafið. Starf skipaeftirlitsmanns felst í að sinna eftirliti með stærri skipum, gerð skoðunarhandbóka og verklagsreglna, útgáfu alþjóðlegra skipsskírteina og önnur verkefni sem til falla. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Geir Þór Geirsson, deildarstjóri skipaeftirlits og leyfisveitinga, í síma 480 6000.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Nám í skipa- eða véltæknifræði, skipa- eða vélaverkfræði eða vera handhafi skírteinis til fyllstu réttinda til vélstjórnar
- Reynsla af eftirliti með skipum er kostur
- Þekking á þeim reglum og lögum sem gilda um öryggi skipa og þeim öryggisbúnaði sem skip skulu búin er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

## EFTIRLITSMAÐUR FLUGVALLA

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann flugvalla á mannvirkja- og leiðsögusviði stofnunarinnar.** Starfið felst í vottun, úttektum og eftirliti með fyrirtækjum með starfsleyfi til reksturs flugvalla ásamt öðrum verkefnum tengdum öryggi í flugi og önnur sérfræðivinna í málaflokknum. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar veitir Reynir Sigurðsson, framkvæmdastjóri mannvirkja- og leiðsögusviðs, í síma 480 6000.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á tæknisviði sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tæknifræði eða reynsla af tæknimálum tengdum flugvallarrekstri eða reynsla af flugi
- Þekking á gæðakerfum og reynsla á því sviði er kostur
- Þekking á öryggisstjórnarkerfum (SMS) er kostur
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum kröfum til flugvalla er kostur
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Góð Word og Excel kunnátta
- Frumkvæði, skipulögð og nákvæm vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum

### Í boði eru fjölbreytt og spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi þar sem frumkvæði fær notið sín

Hjá Samgöngustofu hlakka um 140 öflugir starfsmenn til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mötuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála sem annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.

**Frekari upplýsingar** um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar **www.samgongustofa.is**

### Umsóknarfrestur er til 13. júní 2016

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöður.

Samgöngustofa

Samgöngustofa | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-1727

# Vilt þú vera á meðal stjarnanna?

Heildverslunin Satúrnus ehf. hefur frá áriðnu 1958 flutt inn hannyrðavörur frá þekktum framleiðendum. Við leitum að harðduglegum sölumanni frá og með 15. ágúst nk. Starfshlutfall er 50%

Satúrnus ehf
-Stofnað 1958-

**Starfssvið**
- Sala og afgreiðsla til viðskiptavina
- Símasala og heimsóknir til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Kynningar og annað tilfallandi

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum í amk 2 ár
- Þjónustulipurð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvuþekking
- Samviskusemi
- Vönduð vinnubrögð
- Stundvísi og jákvæðni

Áhugasamir sendi inn ferilsskrá á netfangið **sala@saturnus.is fyrir 3. júní nk.**
Fyrirspurnum verður ekki svarað í síma.



# Ríkisskattstjóri - hagsvið

Hagsvið er nýtt svið innan embættis ríkisskattstjóra. Verkefni þess eru að annast söfnun, greiningu og miðlun upplýsinga um efnahagsmál, greiningu á niðurstöðum álagningar opinberra gjalda, hagrannsóknir, annast gerð úrtaks við ákvörðun skatteftirlits og hafa umsjón með opinberri birtingu skattatölfræði ríkisskattstjóra, ásamt viðeigandi greiningu.

Starf sérfræðings á hagsviði er laust til umsóknar og mun hann koma að fjölbreyttum verkefnum er þar eru unnin fyrir innri og ytri viðskiptavini.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða sambærilegt.
- Mikil hæfni til að taka þátt í hópastarfi.
- Frumkvæði, metnaður, atorka, hugmyndaauðgi og lausnamiðuð nálgun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund, jákvæðni og góð framkoma.
- Þekking og reynsla af nýtingu upplýsingakerfa og gagnagrunna við úrvinnslu upplýsinga.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfileika til að vinna undir álagi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, góð íslenskuþekking og vandað málfar.
- Nákvæmni, hlutlægni, talnagleggni og hæfni til að greina aðalatriði við úrvinnslu upplýsinga.

Þekking á reikningshaldi er kostur, en ekki skilyrði.

Umsókn skal fylla út á vefslóðinni rsk.is/starf. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með í viðhengi. Frekari upplýsingar veitir Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri RSK í síma 442-1151 eða á ingahanna@rsk.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2016.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Ríkisskattstjóri annast álagningu opinberra gjalda og annarra skatta, skatteftirlit og heldur lögbundnar skrár. Að auki er embættinu falið að sinna ýmsum sérverkefnum til lengri eða skemmri tíma, nú síðast leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán.

Starfsmenn ríkisskattstjóra eru um þessar mundir 250 á níu starfsstöðvum, þar af um 160 í aðalstöðvum í Reykjavík. Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli og unnið er eftir gildunum fagmennska, jákvæðni og samvinna.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | STOFNUN ÁRSINS 2016

Nánari upplýsingar á *rsk.is*

## Rauði krossinn í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann í hálft starf á skrifstofu deildarinnar

Starfið felst í almennri skrifstofuvinnu, gagnavinnslu og stuðningi við forstöðumann og verkefnisstjóra í vinnu með jaðarsettum hópum, innflytjendum og fólki sem býr við þrengingar.

Starfsmaðurinn undirbýr fundi og margvíslega viðburði, annast gagnavinnslu í tengslum við umsýslu sjálfboðaliða og rekstur verkefna og tekur á annan hátt þátt í að veita bæði skjólstæðingum og sjálfboðaliðum úrvalsþjónustu.

Við leitum að reglusömum, drífandi og duglegum einstaklingi með ríka þjónustulund og jákvætt viðhorf til starfs og hugsjóna Rauða krossins. Starfsmaðurinn þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku og hafa bílpróf. Vinnutími getur verið sveigjanlegur.

Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið thorir@redcross.is og merkið með orðinu **starf2016** í heiti póstsins.

**Umsóknarfrestur er til 12. júní.**

Rauði krossinn
Reykjavík

# ÓSKUM EFTIR LAGER-STARFSMANNI

sem getur einnig tekið að sér sölustörf í verslunum

Hæfniskröfur: Góð almenn tölvukunnátta, bílpróf, skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð.

Vinsamlegast sendið umsóknina á **atvinna@forlagid.is** fyrir 9. júní nk.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# KENNARI

**Laus er til umsóknar 100% kennarastaða í Reykhólaskóla, Reykhólahreppi skólaárið 2016 - 2017.**

Um er að ræða umsjónarkennslu á miðstigi eða unglingastigi, meðal kennslugreina er íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði. Leitað er eftir fólki með góða skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og samkennslu og áhugi á þróunarstarfi er mikilvæg. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.

Reykhólaskóli á Reykhólum við Breiðafjörð er sameinaður grunnskóli og leikskóli með 72 nemendur á aldrinum 1 árs til 16 ára. Einkunnarorð skólans eru Vilji er vegur. Lögð er áhersla á skapandi starf og nám í gegnum leik.
Í Reykhólahreppi búa tæplega 280 manns, þar af 120 manns í þéttbýliskjarnanum á Reykhólum. Á staðnum er öll almenn þjónusta, verslun, glæsilegt íþróttahús og sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar og mikil náttúrufegurð.

Frekari upplýsingar gefur Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri í síma 849 8531 og 434 7731 eða í netfanginu skolastjori@reykholar.is. Umsóknum með ferilskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur skal skila í netfangið skolastjori@reykholar.is. Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2016.**

## Rafvirki óskast

**Rafvirkni ehf. Óskar eftir að ráða rafvirkja í fullt starf.**

**Hæfniskröfur**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla við nýlagnir og viðhald
- Tölvukunnátta
- Þjónustulund og snyrtimennska
- Reynsla við uppsteypu kostur
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Hreint sakavottorð skilyrði
- Gilt ökuskírteini
- Umsóknafrestur er til 6.maí 2016

Umsókn og ferilskrá sendist á rafvirkni@rafvirkni.is

Frekari upplýsingar í síma 564-0700 og á www.rafvirkni.is

RAFVIRKNI

---

BLIKKRÁS EHF
ÓSEYRI 16 • 603 AKUREYRI

**óskar eftir að ráða:**

## Tæknifræðing, viðskiptafræðing, eða rekstrarfræðing

**sem fyrst.**

Upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.blikkras.is, eða hjá Oddi Helga í síma 462-7770, 893-7241.

Starfið hentar báðum kynjum og hvetjum við konur, jafnt sem karla, að sækja um.

Umsóknum sé skilað í tölvupósti á oddurhelgi@blikkras.is fyrir 15. júní 2016.

Öllum umsóknum verður svarað.

---

# Grafískur hönnuður

**Við óskum eftir öflugum liðsmanni í fullt starf.**

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og reynslu á helstu forritum til grafískrar vinnslu.
Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki.

**Starfssvið:**

- Umbrot / hönnun fyrir prent og vefmiðla.
- Hugmyndavinna.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og starfsreynsla í grafískri hönnun.
- Mjög góð kunnátta í InDesign, Illustrator, Photoshop, Flash og HTML5.
- Frumkvæði og skapandi hugsun.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Fagleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til **3. júní 2016.**
Umsókn ásamt ferilskrá og sýnishornum af fyrri verkum sendist á **bjarkig@myndform.is** merkt **„Atvinna"**.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**MYNDFORM**
**Trönuhrauni 1**
**220 Hafnarfirði**
**Sími 534 0400**
**myndform.is**

---



## Samstæðuuppgjör Íslandsbanka

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í uppgjörsteymi Fjárhagsdeildar. Viðkomandi gegnir lykilhlutverki í uppgjörum samstæðu Íslandsbanka. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Fjárhagsdeildar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní**
Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á samstæðureikningsskilum Íslandsbanka
- Skil á mánaðarlegum rekstraryfirlitum og uppgjörum
- Samskipti og þjónusta við deildir og dótturfélög bankans sem og endurskoðanda
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Löggilding sem endurskoðandi er kostur
- Reynsla af samstæðureikningsskilum
- Góð enskukunnátta
- Samskipta- og greiningarhæfni

**Nánari upplýsingar:**

Ása K. Karlsdóttir, forstöðumaður sími 440 2776, asa.kristbjorg.karlsdottir@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Við bjóðum góða þjónustu.** Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavini bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. **Hvað segir fólkið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn

Íslandsbanki

## Starfsmaður í afgreiðslu á saumastofu og saumakona óskast!

Við leitum að reynslumikilli saumakonu í starf á rótgrónni saumastofu í Reykjavík.

Starfsmaður í afgreiðslu óskast einnig á sama stað.

Við leitum að hressum og kraftmiklum starfskrafti sem sýnir frumkvæði í starfi og hefur ríka þjónustulund.

**Áhugasamir sendi umsókn með tölvupósti á *listasaumur@gmail.com***

## Vélamenn - Verkamenn

Óskum eftir að ráða nú þegar vana vélamenn með vinnuvélaréttindi á beltagröfur og/eða jarðýtur. Aðeins vanir menn koma til greina. Meirapróf æskilegt en ekki skilyrði.

Einnig vantar okkur tvo röska menn í vinnu við lagningu jarðstrengja.

Vinsamlegast sendið inn helstu upplýsingar á tölvupóstfangið **grafan@grafan.is**

## Ísmar - Framtíðarstarf

**Við leitum að söluráðgjafa til starfa á sviði loftræsinga og rafstýringa.**

ÍSMAR
Við mælum með því besta
Síðumúla 28,108 Reykjavík
sími 5105100 - www.ismar.is

**Starfssvið:**

- Ráðgjöf til viðskiptavina og hönnuða um val á búnaði
- Tilboðsgerð og sala á búnaði
- Ráðgjöf við uppsetningu á búnaði
- Gangsetningar á kerfum
- Samskipti við erlenda birgja og viðskiptavini

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Menntun í loftræsingum og/eða rafstýringum
- Reynsla af vinnu með slík kerfi
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsókn um starfið ásamt ferilskrá með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu sendist á **jon@ismar.is** fyrir **10. Júní 2016.** Fyllsta trúnaðar verður gætt.

*Ísmar var stofnað 1982 og sérhæfir sig í sölu og þjónustu á margvíslegum hátæknibúnaði frá þekktum og viðurkenndum framleiðendum. Ísmar hefur lengi verið þekkt fyrir mælitæki til landmælinga og mannvirkjagerðar. Fyrirtækið býður hitamyndavélar til notkunar á sjó og landi auk fjarskiptabúnaðar. Þá eru hita og loftræsikerfi ásamt stýringum fyrir slíkan búnað snar þáttur í starfseminni. Hjá Ísmar starfa 12 starfsmenn og þar á meðal rafeindavirkjar, rafvirkjar, rafeindavirkjameistarar og verkfræðingar.*

## Steypustöðin óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi störf

### Sölumaður

Óskum eftir öflugum liðsmanni í sölu á vörum okkar með aðsetur á söluskrifstofu félagsins í Hafnarfirði.

Um framtíðarstarf er að ræða,
**umsóknarfrestur er til 5. júní n.k.**

Tekið er á móti umsóknum og nánari upplýsingar veittar á netfangið kjartan@steypustöðin.is

STEYPUSTÖÐIN

### Aðstoðarmaður á gæða- og rannsóknardeild

Starfið felst í sýnatökum, prófunum á rannsóknarstofu félagsins, skráningum o. fl.

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera samviskusamur og nákvæmur og hafa áhuga á að vinna með tölur.

Möguleiki er á bæði tímabundnu starfi sem og framtíðarstarfi.

**Umsóknarfrestur er til 5. júní n.k.**

Tekið er á móti umsóknum og nánari upplýsingar veittar á netfangið kai@steypustodin.is

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union. ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States. The Authority is based in Brussels. It currently employs 70 staff members of 15 nationalities.

## Internal Market Affairs Officer (Financial Services)

The legislative framework setting up the European Supervisory Authorities EBA, ESMA and EIOPA, will soon be incorporated into the EEA Agreement. The Authority will be given decision making powers under this legislation and the successful candidate will play a key role in developing an effective working relationship between the EFTA Surveillance Authority and the Financial Supervisory Authorities.

The Authority is recruiting an **Internal Market Affairs Officer** who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Financial Services in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway).

Other tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, and drafting of decisions, opinions and reports. Depending on workload and other developments, the responsibilities may be changed to cover other general or specific issues relating to EEA law.

**Deadline for applications:** 19 June 2016
**Start date:** Autumn 2016

### JOB REFERENCE 07/2016

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int.**

Lífogsál
SÁLFRÆÐISTOFA

## Sálfræðingur

Okkur vantar liðsauka!

Líf og sál sálfræðistofa hefur starfað í 16 ár og vinna þar nú 5 sálfræðingar auk bókara. Það segir þó ekki alla söguna því við erum í rekstrarlegu og faglegu samstarfi við hóp sálfræðinga og annars fagfólks innan vébanda Sálfræðinga Höfðabakka. Helstu verkefni okkar eru annars vegar á sviði vinnustaðasálfræði (höfum notið viðurkenningar Vinnueftirlitsins sem þjónustuaðili í vinnuvernd frá 2004) og hins vegar klínískrar vinnu með fullorðnum (innanborðs er áratuga reynsla á því sviði).

Við leitum að einstaklingi sem er með réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi, hefur áhuga á vinnustaðasálfræði og klínísk reynsla er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 13. júní n.k.** Fyrirspurnir og umsóknir berist til Áslaugar Kristinsdóttur, **aslaug@lifogsal.is**

**Gámaþjónusta Vestfjarða**
**Bætt umhverfi – Betri framtíð**

## Bílstjóri

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf óskar eftir meiraprófsbílstjóra til starfa hjá fyrirtækinu á Patreksfirði við akstur gámabíla og annarra bíla fyrirtækisins auk annarra verkefna sem til falla.

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf
- Vagnréttindi kostur
- Gott vald á íslenskri tungu.

Vinnutími er virka daga 08:00 – 19:00
Leitað er að heilsuhraustum einstaklingum sem eru ekki yngri en 20 ára. Um framtíðarstörf er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir gunnar@gamarvest.is

FÉLAG FRAMHALDSSKÓLA-KENNARA

## ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Félag framhaldsskólakennara auglýsir eftir þjónustufulltrúa í fullt starf á skrifstofu félagsins.

**Menntunarkröfur:** Háskólamenntun sem nýtist í starfi og er æskilegt að viðkomandi hafi leyfisbréf sem framhaldsskólakennari.

**Reynsla:** Kennslureynsla í framhaldsskóla kostur og þekking á opinberri stjórnsýslu.

**Verkefni:** Aðstoð við félagsmenn er varðar réttindamál og túlkun kjarasamninga félagsins. Undirbúningur funda, samskipti við félagsdeildir og aðstoð við kjarasamningagerð sem og annað sem til fellur á hverjum tíma.

**Hæfniskröfur:** Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulipurð og létt lund. Vinnutími getur verið óreglulegur en að meðaltali er miðað við 40 klst vinnuviku.

Félag framhaldsskólakennara er eitt aðildarfélaga Kennarasambands Íslands sem er til húsa í Kennarahúsinu að Laufásvegi 81.
Til að byrja með er ráðið í stöðuna til árs með möguleika á framhaldsráðningu. **Umsóknarfrestur er til 8. júní 2016** og skal senda ferilskrá á netfangið **gudridur@ki.is** þar sem koma fram upplýsingar um menntun, reynslu og önnur félagsstörf sem og umsagnaraðila.

**Viðkomandi þarf helst að hefja störf 1. ágúst nk.**

1955-2015
HALLDÓR JÓNSSON

## Starfsmaður óskast á lager.

Um er að ræða 100 % starfshlutfall.
Starfið felur í sér almenn lagerstörf, móttöku og afgreiðslu á vörum ofl.
Við leitum að einstaklingi sem er stundvís, duglegur,vandvirkur, samviskusamur, góður í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

***Umsóknum skal skila á hj@hj.is fyrir 3.júní. merkt: Lagerstarf***

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

## Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra hjá akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu

**Starfshlutfall:** fullt starf
**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst

**Hæfinskröfur:** Rútuéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1).
Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð

**HVETJUM KONUR JAFNT SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM**

Hægt er að senda inn umsóknir á palmar@hopbilar.is eða hafa samband við Ágúst í síma 8220073 eða Pálmar í síma 8220098.

# FAGSÖLUSVIÐ HÚSASMIÐJUNNAR LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

**Leitum að metnaðarfullum söluráðgjafa í krefjandi og spennandi starf á fagsöluviði í sölu glugga og hurða**

**Ábyrgðarsvið**
- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Samskipti við erlenda birgja

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta
- Reynsla af sölu byggingarvöru æskileg

Húsasmiðjan býður upp á mikið úrval og sérlausnir í gluggum og hurðum frá þekktum framleiðendum eins og JeldWen, Rationel, Idealcombi, Arlanga, Velux o.fl.

rationel idealcombi ARLANGA JELD-WEN VELUX

Umsóknir berist fyrir 5. júní
og sendast til atvinna@husa.is




Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Byggjum á betra verði

LS Retail



# Amazing Opportunities!

**Join an international award-winning team which has been developing market-leading software solutions for over two decades. Our systems are currently used by more than 55,000 stores and restaurants in over 120 countries.**

## Product Owner

We have an exciting opportunity for an experienced Product Owner. The Product Owner is responsible for managing one of LS Retail´s products, guaranteeing its success and making sure that the product creates value for its customers and users.

## Senior .Net Developers

We have opportunities for enthusiastic Senior .NET Developers in our teams. The main responsibility will be to maintain and develop new functionalities for LS Retail´s solutions. Senior team members have the responsibility of leading development, maintaining and improving the architecture of the system and participating in the design of new features.

## Digital Marketing and SEO Specialist

Do you live and breathe digital marketing? We are looking for a marketing specialist to develop, implement, track and optimize digital marketing campaigns and drive the creation and optimization of lead nurturing, lead scoring and automated marketing programs across all channels.

# Apply by June 12

Information & submissions at
**jobs.LSRetail.com**

## Reykjavíkurborg

### Umsjónarkennari í 4. bekk- Ölduselsskóli

**Ölduselsskóli auglýsir eftir umsjónarkennara í 4.bekk næsta skólaár.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur, aðra kennara og foreldra.
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Styðja að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Hæfniskröfur**

- Leyfisbréf grunnskólakennara.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Góð íslenskukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands Félags grunnskólakennara
Umsóknarfrestur er til og með 31.5.2016 og skal umsóknum skilað á vef Reykjavíkurborgar
**http://reykjavik.is/laus-storf**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Börkur Vígþórsson í síma 4117470 og tölvupósti **borkurv@rvkskolar.is**

*Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli með um 460 nemendur í 1. til 10. bekk. Einkunnarorð skólans eru færni, virðing og metnaður. Lögð er áhersla á að starfsmenn og nemendur leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín, leitist við að bæta færni sína á sem flestum sviðum og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Skólinn státar af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum. Vinna í skólanum byggir á mikilli samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti metnaðarfullu skólastarfi án aðgreiningar. Þá starfar skólinn eftir eineltisáætlun Olweusar.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

### SÁLFRÆÐINGUR ÓSKAST

Reykjanesbær óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa á fræðslusvið bæjarins. Sálfræðingur starfar í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, talmeinafræðinga, starfsfólk skóla, velferðarþjónustu og aðra sérfræðinga. Faglegt starfsumhverfi, þar sem lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð, klínískar leiðbeiningar og að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi.

**Starfssvið sálfræðings:**
- Sálfræðilegar athuganir á börnum í leik- og grunnskólum.
- Fræðsla til barna og fjölskyldna þeirra.
- Ráðgjöf við starfsfólk í skólum bæjarins.
- Vinnur í þverfaglegu teymi sérfræðiþjónustu við skóla.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Reynsla á sviði skólasálfræði og félagsþjónustu er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2016.**

Ráðning miðast við upphaf nýs skólaárs 2016-2017. Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Trausti Einarsson, yfirsálfræðingur, einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is.
Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.

## Stóll til leigu

**Á Hársnyrtistofunni Hár, Hjallahrauni 13 Hafnarfirði.**

**Nánari upplýsingar í s: 555-3955 og 662-6653**

## Austurbæjar Apótek

Austurbæjar Apótek í Ögurhvarfi 3, Kópavogi óskar eftir Lyfjafræðingi í 100% starf.

**Hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að vera jákvæður með hlýlega framkomu, sjálfstæður, sveigjanlegur og með þjónustulund.

Ferilskrá skal senda á bergljot.th@simnet.is fyrir 10. júní 2016.

## ÁLFTANESSKÓLI
### UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

**Garðabær óskar eftir að ráða umsjónarmann fasteigna til starfa m.a. í Álftanesskóla. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**EIKAR SÓFABORÐ**

Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 50þús. Uppl. í s. 663 3313



**RÝMINGARSALA**

Ítalskar gegnheilar granít flísar 30x60 cm. 4 litir. Gott verð Uppl. 820-5181




## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## skemmtanir




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**

Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Dýrahald



Whippet hvolpar til sölu , fallegir, kátir og ljúfir . Nánari upplýsingar gunnur@simnet.is , s:8603150 og www.whippet.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja og 4ja herbergja íbúðir til langtímaleigu í Seljahverfi, með bílastæði í bílakjallara. Uppl í síma: 8939777

3 herbergja íbúð og stúdíó íbúð til leigu. 105 Rvk. Uppl. í s. 8961356

## Húsnæði óskast

Óska eftir að kaupa bílskúr. Þarf að vera með hita og vatni. Notist sem geymsla fyrir trésmíðaverkfæri. S. 8959415

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**

12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 80fm iðnaðarhús á góðum stað í Hafnarfj. Innkeyrsludyr. s:8943755

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**SUMARTILBOÐ**

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN LÆKJARGÖTU**

Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf. Einnig vantar bílstjóra og fólk til afgreiðslu í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari uppl. gefur Kristinn S. 782-6600

Olíudreifing

**HÁSETI**

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða háseta í sumarafleysingar á olíuskipið Laugarnes. Almennt gildir að siglt er í tvær vikur og frí í tvær vikur.

Helstu verkefni Laugarnes er olíuafgreiðsla til skipa á Faxaflóasvæðinu og birgðaflutningur frá Reykjavík. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Umsóknir sendist á audunn@odr.is .

Nánari upplýsingar veitir: Auðunn Birgisson í síma 550-9928.

**FIRMA SSVERK.**

zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & 847 7663

**VÉLAVERKSTÆÐI - SUMARAFLEYSING**

Vanur maður eða lagtækur óskast við viðgerðir og smíðar.Góð laun í boði.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is ásamt símanúmeri og upplýsingar merkt:"Vélaverkstæði"**

**HANDYMAN**

Handlaginn óskast við að mála, gifsvinna samsetning húsgagna og fl. Upplýsingar í síma 6645900 og santon@mi.is

Óska eftir að ráða meiraprófsbílstjóra. Verktaka eða launamann í vörudreifingu. Nánari uppl. í s. 659 4465

Óska eftir vönum mönnum í málningavinnu. Uppl. í s. 820 3439

**VERKAMAÐUR - WORKER**

Óskum eftir starfsmönnum í byggingaviðhald, starfið felst í byggingarvinnu og fl. Áhugasamir sendið umsóknir á 4faktura@gmail.com

**SMIÐIR**

Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum og eða undirverktökum í fjölbreytt starf. Áhugasamir sendið umsóknir á 4faktura@gmail.com og s. 773 3376

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 775-7373**

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**

Erum með iðnaðarmenn, almenna verkamenn, málara og bifvélavirkja á skrá sem geta byrjað fljótlega.

Erum einnig með þjóna og barþjóna.

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000 e: vinna@verkleigan.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**FRÍMERKJASÝNING**

FRÍMERKI 2016 verður haldin í húsi KFUM og K Holtavegi 29 Reykjavík 28. og 29. maí opið: 1-5 báða dagana

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**

Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.



**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Vinnum saman að breytingum

Magnús Orri Schram og Inga Björk Bjarnadóttir

*Hver er Magnús Orri?*

Magnús Orri er 44 ára gamall Kópavogsbúi, giftur Herdísi Hallmarsdóttur lögmanni og við eigum tvö börn. Ég hef komið víða við, var í fjölmiðlum, rak mitt eigið fyrirtæki, kenndi í háskóla og fór svo á þing. Síðustu árin hef ég starfað við ráðgjöf, þá sérstaklega í ferðageiranum, en ætla nú að sjá hvort hreyfing jafnaðarmanna vilji njóta starfskrafta minna.

*Við skulum vona það. Hver eru helstu verkefni þeirrar ríkisstjórnar sem tekur við?*

Ég held að málefni ungs fólks verði mjög áberandi á næsta kjörtímabili. Við sjáum að það er verið að skerða framlög til framhaldsskólanna, háskólanna og LÍN. Við erum að missa ungt menntað fólk úr landi á meðan við erum að flytja inn vinnuafl í auðlindagreinarnar. Við erum í raun að tapa samkeppni um unga menntaða fólkið, því okkur er ekki að takast að búa til störf í hugvitsgeiranum. Þetta er stórt pólitískt mál.

*Já, og svo vilt þú verða formaður Samfylkingarinnar og fyrsta skrefið er að leggja niður flokkinn!*

Nei, alls ekki – flokkur jafnaðarmanna verður alltaf til. Hann þarf hins vegar að þróast. Fyrsta skrefið er kosningabandalag. Ég held að næstu kosningar snúist um val á milli íhaldsaflanna og umbótaaflanna. Þá sem vilja viðhalda gamla kerfinu og ekki breyta neinu, en svo ertu með stóran hóp af fólki sem virkilega vill breytingar, hvort sem það er í auðlindamálum, stjórnarskrá, velferðarmálum eða öðru. Og ef við vinnum þétt saman, myndum kosningabandalag um þessar lykilbreytingar sem við viljum gera, þá tel ég að okkur séu allir vegir færir og vonandi verður það niðurstaðan í kosningunum í haust.



Málefni ungs fólks brenna á Magnúsi Orra.



Haukur Hólmsteinsson og Guðmundur Ari Sigurjónsson. Hækkum persónuafsláttinn.

# Fleiri krónur í vasann

Guðmundur Ari Sigurjónsson og Haukur Hólmsteinsson

*Nei, ég meina. Áttu einhvern séns í alvörunni? Ert þú með einhverja hugmynd um hvernig Samfylkingin á að ná aftur fylgi?*

Að sjálfsögðu, ég er með tvöfalda nálgun. Hluti snýr að innra starfinu sem er gaman að tala um í hópi jafnaðarmanna. Þá helst að færa völd frá ábyrgðarstöðum til félagsmanna. Flokkurinn er kannski meiri stofnun í dag, en þyrfti að verða meiri vettvangur.

*Hvaða eitt eða tvö mál eru það sem þér þykir mikilvægast að ganga í strax og þú gætir séð að hafi áhrif á alla?*

Ein stærsta aðgerðin sem hefði áhrif á alla, hvort sem við erum að tala um barnafólk, öryrkja eða aldraða eða lágtekjufólk, er að hækka persónuafsláttinn. Það er góðæri í uppsiglingu og það er aukið svigrúm í tekjuskattskerfinu. Sumir tala um að einfalda skattkerfið en ég vil frekar að við hækkum persónuafsláttinn og aukum ráðstöfunartekjurnar hjá þeim sem hafa minnst milli handanna.

Ég gæti svo talið upp hundrað mál sem þyrfti að fara í en nítíu af þeim snúa að því að það er of stór hluti Íslendinga sem er með of lágar tekjur og hefur ekki efni á húsnæði, hefur ekki efni á heilbrigðisþjónustu og þar af leiðandi er ég mjög hlynntur því að fara í persónuafsláttinn og fjölga krónunum í vasa fólks. Það léttir strax byrðarnar í öllum hinum málunum.

Svo þarf auðvitað að fara að taka önnur mál fyrir eins og húsnæði ungs fólk og lengingu fæðingarorlofs.

*Hahaha! Það væri feitt!*

Já, vá! Ég er bara orðinn helmingi spenntari fyrir þessu dæmi núna … vá!

# Hrói höttur sameinar félagshyggjuöflin

Helgi Hjörvar og Anna Svava Knútsdóttir

*Mig langar að byrja á að spyrja um það sem ég veit að allir eru að hugsa: Ertu á lausu?*

Ég er giftur henni Þórhildi og þriggja barna faðir.

*Já, einmitt það. Jæja, það er svekkjandi en þá höfum við það. Hvernig fer maður úr því að vera Emil í Kattholti, sem er skemmtileg vinna og yfir í að vera pólitíkus sem er leiðinleg vinna?*

Ég var alltaf heillaður af Hróa hetti, af hugmyndinni um að reyna að skapa sem flestum tækifæri í lífinu. Þessu ofboðslega fallega verkefni, að skapa samfélag þar sem sem flestir hafa tækifæri – samfélag fyrir alla.

*Já, þetta er ofsalega göfugt sjónarmið. Er kannski ljótt að spyrja þig hvort þú hafir meira fram að færa en hinir?*

Ég held að það sé bara öðruvísi. Ég hef mjög mikla reynslu en staðan núna er ábyrgð okkar allra en ekki einhvers eins.

*Mér finnst gott að koma inn á heimili þitt af því að ég sé að þessi sófi er frekar gamall. Þú ættir flottari sófa ef þú værir að svíkja undan einhverju, en hvernig kýs maður?*

Maður gerir það bara á netinu í fartölvunni sinni, hvar sem maður er staddur.

*Einmitt. Ég mæli allavega með að allir kjósi Hróa hött.*

Takk fyrir það, því Hróa hött langar að fá tækifæri til að sameina félagshyggjuöflin í kosningunum sem eru í haust. Heilbrigðismálin, stjórnarskráin, kjaramál og þjóðaratkvæðagreiðslur eru fá en skýr mál sem ná má hreinum meirihluta saman um í haust.



Helgi heillaðist af Hróa hetti.

# Til í að semja baráttulag jafnaðarmanna

Oddný Harðardóttir og Valdimar Guðmundsson

Heyrðu Valdimar! Nú leita ég til þín í vandræðum mínum. Það er þannig að við í Samfylkingunni, við erum að fara að halda landsfund og ég er að vona að ég verði nýr formaður. Við erum að fara að skerpa á okkar stefnumálum en það eina sem okkur vantar er baráttulag. Gætir þú samið fyrir okkur baráttulag?

*Já, maður ætti nú alveg að geta gert það. Maður er nú kominn hérna í útilegugallann og með kassagítarinn og ætti nú að geta komið með eitthvað. Ég hef mikla reynslu af því að semja svona jafnaðarlög, lög sem kannski eru svona gegn auðvaldi, svo maður ætti nú að geta reddað því.*

Já, ég var að hugsa ef viðlagið gæti hugsanlega verið um gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu.

*(Syngur) Gjaldfrjálsa heilbrigðis … heilbrigðisþjónustu*

Og um menntun fyrir alla og að arðurinn af auðlindunum gangi til þjóðarinnar.

*(Syngur) Arðurinn af auðlindum þjóðarinnar*

Og við viljum nýja stjórnarskrá og svo verðum við auðvitað að einhvers staðar að koma fyrir húsnæðismálunum og málefnum ungs fólks. Það eru barnabætur og lengra fæðingarorlof.

*(Syngur) Barnabætur og fæðingarorlof, hvað með börnin? hvað með börnin?*

*Já, OK. Á ég að syngja eitthvað um Tortóla?*

Já, við berjumst gegn spillingu sko og við viljum uppræta fátækt. Það er mjög mikilvægt að það verði einhvers staðar, svona eins og undirtónninn. Og réttlætið og jafnréttið. En gætirðu haft þetta tilbúið núna um mánaðamótin?

*Já, ég er nú þegar kominn með helling eins og þú heyrir. Þannig að ég get reddað því.*



Valdimar tekur vel í að semja baráttulag fyrir Oddnýju og Samfylkinguna.

**Hægt er að horfa á viðtölin í heild sinni á Youtube. Qr-kóðinn er hér til hliðar.**

# Svona er Samfylkingin

## Meira fjármagn í heilbrigðisþjónustuna

Það sem skiptir okkur mestu máli er að setja meira fjármagn í heilbrigðisþjónustuna og þar á eftir að breyta stjórnarskránni í samræmi við tillögur stjórnlagaráðs samkvæmt nýlegri könnun meðal Samfylkingarfélaga.

**66%**

**styðja móttöku flóttafólks frá Sýrlandi.**
Við erum alþjóðasinnar, eins og flestir Íslendingar reyndar. Við viljum taka vel á móti nýju fólki og styðjum móttöku flóttafólks.

**80%** Við erum helstu stuðningsmenn **listamannalauna** en 80% líta jákvæðum augum á að ríkið greiði listamannalaun.

## Húsnæði og fæðingarorlof

Ef þú spyrð 35 ára og yngri um þeirra hjartans mál þá eru húsnæðismálin og fæðingarorlofið efst á lista ásamt heilbrigðisþjónustunni.

Við erum forvitin og mörg erum við andlega sinnuð, en

**60%**

trúa því að fólk geti haft **skyggni- og miðilsgáfu** og

**30%**

hafa sótt **miðilsfund**.

Við lesum tölvupóstinn okkar og

**70%**

vilja fá regluleg **fréttabréf frá Samfylkingunni.**

**35%**

okkar er með áskrift af Netflix



Eins og hjá nærri helmingi Íslendinga er **hamborgarhryggur** okkar uppáhald um jólin.

Við erum mestu Evrópusinnarnir en rúmlega

**70%**

styðja inngöngu í **Evrópusambandið.**



**73%**

eru **andvíg** nýjum búvörusamningi.

**Við viljum hafa áhrif!**

**70%**

vildu taka upp **rafrænar kosningar** um málefni Samfylkingarinnar milli kosninga.


# STÓR MÁL Á DAGSKRÁ

## LANDSFUNDUR 2016

**KYNNTU ÞÉR ALLA DAGSKRÁNA Á XS.IS**

### FÖSTUDAGURINN 3. JÚNÍ

**17.00 | Setningarathöfn**

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar setur formlega landsfund. Thomas Pitfield einn af aðalráðgjöfunum í kosningabaráttu Justin Trudeau ávarpar gesti.

**18.00 | Úrslit formannskosninga**

Í ljós kemur hver sigrar í formannskjöri Samfylkingarinnar. Nýr formaður er valinn af öllum flokksmönnum og rafræn kosning fer fram dagana 28. maí – 3. júní.

**19.00 | Eitt samfélag fyrir alla**

Stefna Samfylkingarinnar – málin okkar – verður í fyrsta sinn mótuð af öllum landsfundarfulltrúum með fyrirkomulagi þjóðfundar. Fjallað er um heilbrigðismál og opinbera þjónustu, stjórnarskrá og fjármálakerfi, lífskjör og jöfnuð. Aðeins opið landsfundarfulltrúum.

### LAUGARDAGURINN 4. JÚNÍ

**9.30 | Íslensk framtíð fyrir ungt fólk**

Kate Lyons er blaðakona á dagblaðinu Guardian og stýrði *Millennials* umfjöllun blaðsins um stöðu ungu kynslóðarinnar. Hún kynnir umfjöllun blaðsins og ræðir við unga Íslendinga.

**10.30 | Leyndardómar kosningabaráttu**

Nýjustu baráttuaðferðirnar í kosningum verða ræddar með Sasha Issenberg og Christian Scharf. Sasha er höfundur bókarinnar *The Victory Lab* og Christian er kosningasérfræðingur sænskra jafnaðarmanna.

Þetta eru bara nokkur skemmtileg atriði í landsfundardagskránni sem er að mestu opin öllum. **Skoðaðu dagskrána alla á xs.is.**

Samfylkingin

# RUGLIÐ HELDUR ÁFRAM?

# 40% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



**Outletið lokar innan skamms!**
Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



Hrafnhildur er Gaflari í húð og hár þó að annar fóturinn hafi alltaf verið í Bandaríkjunum þar sem hún býr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fínt að blómstra svolítið seint

**Hrafnhildur Lúthersdóttir** bókstaflega lifir og hrærist í sundlauginni og uppsker eftir því. Með glæsilegum árangri á EM afsannar hún að tuttugu og fimm sé gamalt í sportinu. Hún segist aldrei raunverulega komast frá lauginni.

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Mér finnst að við ættum að geta verið sundþjóð rétt eins og handboltaþjóð. Öll börn á Íslandi eru skyldug til að læra að synda í skólasundi. Hér kunna nánast allir að synda og við erum alltaf í vatninu. Ég myndi segja að við værum mikil sundþjóð.“ Þetta segir sunddrottningin Hrafnhildur Lúthersdóttir, nýkomin upp úr Ásvallalaug, hárið enn hálfblautt og hún töluvert ferskari en flestir um hádegisbil. Það liggur vel á henni enda skyldi ekki nokkurn mann undra, hún skráði sig jú í sögubækurnar í síðustu viku með vasklegri framgöngu sinni á Evrópumeistaramótinu í sundi sem fram fór í London.

Hrafnhildur náði sumsé besta árangri sem nokkur íslenskur bringusundsmaður hefur náð í fimmtíu metra laug. Hún lét sér ekki nægja eitt silfur í ferðinni heldur tók með sér annað fyrir hundrað metra bringusund og svo brons fyrir tvö hundruð metra í sama sundi í sömu keppnisferðinni.

**Þarf að vera best**

„Ég var dálítið sein, svona miðað við aðra afreksmenn í sundi. Flestir byrja á bilinu fimm til sex ára en ég var tíu ára þegar ég skráði mig fyrst í félag. Þá var ég búin að prófa allar aðrar íþróttir og var ekkert góð í þeim. Og mér fannst þær ekkert spes vegna þess að ég var ekki best í þeim,“ segir Hrafnhildur og skellir upp úr, spurð um upphaf sundferilsins.

„Ég er svo rosaleg keppnismanneskja. Ég var sett í byrjendahóp með krökkum sem voru yngri en ég til að byrja með. Jafnöldrum bróður míns, sem er tveimur árum yngri en ég. Mér fannst það agalegt. Það leið samt ekki á löngu þar til ég var færð upp um hóp og svo aftur og aftur. Á einu ári hafði ég verið færð tíu sinnum upp um hóp. Þá fann ég mig vel í sundinu.“

**Gallharður Gaflari**

Hrafnhildur er fædd í Hafnarfirði árið 1991. Hún hefur sterkar taugar til bæjarins og segist vera harðkjarna Gaflari þó að hún hafi alla tíð verið með annan fótinn í Bandaríkjunum. „Ég flutti til Bandaríkjanna þegar ég var nánast nýfædd vegna þess að pabbi fór þangað í nám í meltingarfræðum. Við bjuggum þar þangað til ég varð átta ára og fluttum þá aftur til Íslands. En ég var alltaf viss um að ég vildi flytja aftur út,“ segir hún og bætir við: „ Frá því að ég kom heim og fór að synda hef ég alltaf verið í Sundfélagi Hafnarfjarðar. Byrjaði í Suðurbæjarlauginni og gömlu Sundhöllinni. Við vorum ekki með fimmtíu metra laug svo við fórum yfir í Kópavog til að æfa. Það gat tekið á. Að vera mættur þangað klukkan sex á morgnana, ekki með bílpróf, svo foreldrarnir voru dregnir á fætur fyrir allar aldir,“ segir hún glottandi.

**Rúðustrikaður raunveruleiki**

Stíf dagskrá og þétt skipulag hefur verið raunveruleiki Hrafnhildar allar götur síðan hún var þrettán ára gömul og komst fyrst að í landsliðinu. „Dagurinn minn samanstóð af æfingu frá sex til átta á morgnana, skóla frá átta til fjögur og svo aftur æfingu milli sex og átta á kvöldin. Þetta er bara svona. Maður þarf að fórna miklu ef mann langar að standa sig vel og ná langt. Þegar ég lít til baka, þá er þetta þess virði. En á þeim tíma þegar maður var að missa af skólaböllum og svona, þá var það ferlega leiðinlegt,“ segir hún og viðurkennir að stundum hafi uppreisnarseggurinn skotið upp kollinum.

> Á EINU ÁRI HAFÐI ÉG VERIÐ FÆRÐ TÍU SINNUM UPP UM HÓP. ÞÁ FANN ÉG MIG VEL Í SUNDINU.

„Þá sagði ég að mér væri alveg sama um þetta allt og fór á ball. Það má alveg gera það öðru hvoru. Það hjálpaði mér þó mikið að flestir vinir mínir voru í sundi og deildu þannig skilningi á þessu. Enda hefur maður eiginlega engan tíma til að umgangast aðra en þá sem eru í sundinu. Maður kemst ekkert frá lauginni þó að maður sé kannski kominn upp úr henni. En þetta hefur alltaf verið stór partur af mínu og lífi er enn þá,“ bendir hún á. „Þegar ég og herbergisfélagi minn komum af æfingum, þá er haldið áfram að tala um æfinguna. Hvernig gekk, hvað var að gerast og dramað innan sundliðsins. Maður er bara alveg í þessum heimi.“

**Ísland kannski seinna**

Hrafnhildur lét sumsé verða af því að flytjast aftur til Bandaríkjanna þegar hún var nítján ára gömul er henni gafst færi á fullum skólastyrk við Flórídaháskóla. Hún útskrifaðist nýverið þaðan með gráðu í almannatengslum. Hrafnhildur gerir ráð fyrir að skjóta frekari rótum í Bandaríkjunum þar sem hún á þar kærasta og góða vini. Hún reiknar þó með að hún muni enda á Íslandi sé horft dálítið rúmlega inn í framtíðna. Eins og staðan er núna mun gráðan góða þó koma til með að safna ryki fyrst um sinn.

„Nú er ég á þeim stað að ég er búin að útskrifast og er bara að synda. Þá stend ég allt í einu frammi fyrir því að ég hef auka tíma sem ég hef ekki niðurnegldan í neitt. Og mér finnst þetta svo mikill tími. Ég velti mikið fyrir mér hvernig venjulegt fólk, sem ekki er afreksfólk í íþróttum, getur kvartað yfir að hafa ekki tíma til að gera hitt og þetta vegna þess að það sé svo mikið í skólanum. Ég næ þessu ekki. Ég var að gera þetta allt og svo nú þegar ég hef ekki skólann veit ég ekkert hvað ég á að gera,“ segir hún brosmild og bætir við að allur sá tími, sem hún hafi fengið aukalega eftir að náminu lauk, fari í að gera það sem hana hefur alltaf langað til. Að mæta á aukaæfingar og iðka jóga.

**Hætti ekki á meðan ég bæti mig**

„Það er full vinna að vera afrekskona í íþróttum. Ég veit ekki hvað ég geri við gráðuna. Mig langar alveg að fá vinnu á endanum. Ég hef reyndar aldrei haldið vinnu, sem er einmitt málið þegar maður er í svona dæmi. Ég hef nánast enga reynslu á vinnumarkaði. Hins vegar reyni ég að horfa á þetta þannig að ég verði að spila úr reynslunni sem ég hef fengið út úr sundinu. Þar hef ég þurft að nota mikla skipulagshæfni, ögun og markmiðasetningu sem margir fá ekki endilega frá vinnumarkaðinum. Sundið hefur kennt mér mikið og ég get notað ýmislegt úr því svona almennt í lífinu.“

Hrafnhildur er gríðarlega hjátrúarfull og hefur þurft að taka slaginn við frammistöðukvíða í sundinu. „Maður setur alltaf pressu á sig um að gera vel. Ég var þannig að ég hugsaði alltaf um alla aðra en mig. Hugsaði með mér að mamma og pabbi yrðu fyrir vonbrigðum. Amma og afi væru komin til að sjá mig, þau yrðu sennilega svekkt. Maður á ekki að gera það. Mamma og pabbi eru alltaf sátt sama hvernig fer. Ég fór til íþróttasálfræðings, og þó að ekkert væri í rauninni að, þá er gott að fá smá hjálp við að átta sig. Það er ekki allt búið þótt eitthvað gangi ekki alveg upp. Ég hef líka hugsað mikið hvað ég ætli að gera eftir Ólympíuleikana í Ríó í ágúst. Sundið hefur alltaf verið lífið mitt, hvað geri ég eftir það? Það er gott að fá smá aðstoð við að finna lausnirnar sjálf,“ segir hún og er einlæg. „Ég held að þetta hafi hjálpað mér og tel að það hafi verið aðalástæðan fyrir þeim árangri sem ég er að ná í sundinu núna. Hausinn skiptir svo miklu máli og ég held að íþróttamenn gætu verið duglegri við þetta.“

**Gott að blómstra seint**

Hrafnhildur er tuttugu og fimm ára, sem þykir nokkuð hár aldur í sportinu. „Undanfarið hafa það verið sextán ára stelpur sem eru að toppa. Ég tók einmitt eftir því í einum riðlinum á EM, að ég var sjö árum eldri en ein þeirra sem ég var að keppa við,“ segir hún og glennir upp augun áður en hún heldur áfram. „Ég hugsaði þetta einmitt þannig fyrir tveimur árum, að ég yrði búin eftir þessa Ólympíuleika. Yrði orðin of gömul og færi að vinna. Búa til líf. En á þessu ári hefur mér gengið svo vel. Margar þessara sextán ára stelpna sem toppa brenna fljótt út vegna álagsins. Þær höndla það ekki. Ég held að fyrir mig hafi því verið gott að vera sein í þessu. Sumir blómstra seinna en aðrir og það getur verið fínt. Ég get allavega ekki farið að hætta á meðan ég er enn að bæta mig. Það verður ekki fyrr en ég verð orðin langseinust og hætt að bæta mig sem ég get gert það. Eins og staðan er núna veit ég ekkert hvenær það verður. Mér finnst sundið, sérstaklega bringusundið, svolítið vera að breytast. Fólk á þrítugsaldri er enn að synda og gera góða hluti,“ segir hún og brosir enn og aftur breitt að lokum.

# EM TILBOÐ




## PHILIPS

**TILBOÐ**
**189.995**
VERÐ ÁÐUR 249.995

**Philips 55PUS7150**
55" 3D Android LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 bakljós. Cloud TV / Cloud Explorer / Dropbox. Multiroom TV. Android 5.0. Google Play store. Wi-Fi 2x2. NETFLIX - 4K. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 3 x USB. 4 x HDMI. Apple / Android síma- / spjaldtölvu app. Easy 3D - 4 gleraugu fylgja.

NETFLIX · ambi light 3 · ULTRA HD · 800Hz · Pixel Precise ULTRA HD




Digital CrystalClear · 200 PICTURE PERFORMANCE INDEX · HDMI x2 with easyLINK · USB

**Philips 40PFT4111**
40" FHD LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. Digital Crystal Clear myndvinnsla. 100 Hz Perfect Motion Rate. 16 W RMS Incredible Surround hljóðkerfi. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. USB tengi. USB upptökumöguleiki. 2 HDMI tengi, Scart, Component. Heyrnartólstengi, optical út & CI rauf. EasyLink.

**TILBOÐ**
**69.995**
VERÐ ÁÐUR 79.995




4K ULTRA HD TV · VIERA Direct · EASY MIRRORING · STUDIO MASTER COLOUR · QUAD-CORE PRO · NETFLIX

**Panasonic TX50CX670E**
50" Smart LED sjónvarp með 4K Ultra HD 3840x2160p upplausn og VIERA Direct. Quad Core Pro örgjörvi. 200 Hz BMR. Local Dimming. 4K Up-Scaling / 4K Smooth Motion. Studio Master Color DCI. Brilliant Contrast. Pro 24p Smooth Film/Play Back. Firefox OS netvafri. NETFLIX - 4K. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen. Wi-Fi. TV Anywhere. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB tengi. 3 x HDMI o.fl.iPhone eða Android síma- / spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**139.995**
VERÐ ÁÐUR 179.995




IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · 1000Hz PMI · DVB-T2 · NETFLIX

**LG 55UF680V**
55" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x USB 2.0. USB 3.0. 2x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995




NETFLIX · ambi light 3 · Natural MOTION · MICRO DIMMING PRO · 800Hz · VISIBLE Sound · ULTRA HD

**Philips 65PFT6520**
65" Smart Android LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080p upplausn og Perfect Pixel HD. DualCore örgjörvi. Ambilight 3 bakljós. Cloud TV og Cloud Explorer. Multiroom TV. 800 Hz PMR. Micro Dimming Pro. Perfect Natural Motion. Android 5.0 með Google. Play store. Wi-Fi. Spotify Connect. Ljósnemi. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB. USB upptaka. 4 x HDMI o.fl. MyRemote Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**269.995**
VERÐ ÁÐUR 369.995

12 MÁNAÐA
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Hugmyndir Donalds Trump um Bandaríkin



### Viðskipti

Lýsa því yfir að Kína hagræði gjaldeyrisviðskiptum í eigin þágu. Hann vill leggja refsitolla á útflutning frá Kína til að vega á móti ólöglegum útflutningsstyrkum Kínverja. Hann vill hætta við Fríverslunarsamning Kyrrahafsríkja (TPP) og semja upp á nýtt við Mexíkó og Kanada um fríverslun Norður-Ameríkuríkja.

### Skattar

**Fyrirtækjaskattur** Lækki úr 35% í 15%. Fyrirtækjum verði bannað að flytja sig til útlanda til að lækka skattbyrði sína.
**Tekjuskattur** Skattleysismörk verði 25.000 dalir á ári, en 1% skattur á tekjur upp að 30.000, 5% á tekjur upp að 100.000, 10% á tekjur upp að milljón og 15% á tekjur yfir milljón.

### Skotvopn

Hann vill útfæra reglur um að fimm ára óskilorðsbundið fangelsi liggi við því að nota skotvopn til að fremja glæp. Þá vill hann gera kennurum og öðrum skotvopnaeigendum, sem hlíta lögum, auðveldara að verja sig. Þá segir hann skotvopn ekki orsök fjöldamorða með skotvopn heldur „gríðarlegan vanda vegna geðsjúkdóma“.

### Innflytjendur

Hann vill reisa múr meðfram landamærum Mexíkós til að halda úti ólöglegum innflytjendum. Mexíkó eigi að greiða 10 til 12 milljarða dala kostnað eða „taka afleiðingunum“. Þá vill hann banna innflytjendum að senda peninga til Mexíkós nema þeir geti sannað að þeir séu með löglegum hætti í Bandaríkjunum.

### Varnarmál og hryðjuverk

**Bandaríkjaher** Efla eigi herinn svo hann verði það „sterkur og öflugur að enginn fari að standa uppi í hárinu á okkur“.
**Hryðjuverk** Taka aftur upp vatnsbrettapyntingar, sem bannaðar eru samkvæmt bandarískum lögum. Þá vill hann „höggva hausinn“ af hinu svonefnda Íslamska ríki og „taka af þeim olíuna“ í þágu Bandaríkjanna.

### Heilbrigðismál

Hann vill ógilda Obamacare, lögin um viðráðanlegt verð á heilbrigðisþjónustu. Í staðinn vill hann að einstaklingar geti fengið fullan skattafrádrátt á móti greiðslum í heilbrigðistryggingar. Þá vill hann spara 300 milljarða dala með því að semja við lyfjafyrirtæki um betra verð og veita neytendum aðgang að öruggum lyfjum frá útlöndum.
**Fóstureyðingar** Skipa dómara í hæstarétt sem vilja rísa gegn tímamótaúrskurði frá 1973 sem heimilaði fóstureyðingar.

### Efnahagsmál

Losna eigi við 19.000 milljarða dala fjárlagahalla með því að fjölga störfum og draga úr sóun stjórnvalda. Lækka eigi þjóðarskuldir með því að kaupa ríkisskuldabréf á afslætti, ef og þegar vextir hækka. Bandaríkin muni aldrei komast í greiðsluþrot vegna þess að ríkið prentar peninga eftir þörfum.

*Heimildir: donaldjtrump.com, ræður, kappræður, viðtöl, sjónvarpsauglýsingar*

# Varnaglar *gegn valdabrölti*

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Líkurnar á því að **Donald Trump** verði forseti Bandaríkjanna virðast aukast. Í bandarískri stjórnskipan eru samt innbyggðir ýmsir varnaglar gegn því að rugludallar noti völd sín að vild.

## Mjótt á mununum

**MÖGULEIKI Á SIGRI?**
Bandaríkjamönnum óar mörgum hverjum sú tilhugsun að Donald Trump verði forseti landsins. Sumir spá í að flytja úr landi. Þeir geti ekki hugsað sér að búa áfram í Bandaríkjunum verði þetta raunin.

Þrátt fyrir að fræðimenn og spekúlantar hafi frá fyrstu tíð gert lítið úr möguleikum hans á sigri, þá hefur hann engu að síður tryggt sér útnefningu Repúblikanaflokksins og virðist jafnvel eiga einhverja möguleika á að sigra Hillary Clinton í kosningunum í nóvember.

**CLINTON Í ÓVISSU**
Staða Clinton er að vísu líkleg til að styrkjast eitthvað eftir að hún tryggir sér útnefningu Demókrataflokksins, sem allt bendir til að verði innan fárra vikna. Heitir stuðningsmenn Bernie Sanders muni þá margir hverjir fylkja sér að baki henni gegn Trump, þannig að hann eigi þegar allt kemur til alls afar litla möguleika á sigri.

En engu að síður: Möguleikinn er fyrir hendi og vekur ugg í brjóstum margra, jafnt innan Bandaríkjanna sem utan.

**ALLT GETUR GERST**
Þrátt fyrir allt eru Bandaríkin því með innbyggða varnagla af ýmsu tagi gegn því að maður á borð við Trump komist til valda eða geti notað völd sín að vild.

Auðvitað getur svo sem allt gerst. Það eru ekki endilega miklar líkur á því, en heimsendir gæti vissulega orðið af ýmsum völdum á næstunni.



## Glappaskot og glapræði

**LEIÐTOGAR UGGANDI**
Barack Obama Bandaríkjaforseti hitti leiðtoga nokkurra helstu ríkja heims á fundi í Japan á fimmtudaginn. Hann sagði þá vissulega hafa verið uggandi yfir framgangi Trumps, og hann sagði þann ugg ekki ástæðulausan, „vegna þess að margar þær tillögur sem hann hefur komið með sýna annaðhvort vanþekkingu á heimsmálunum, yfirlætislega afstöðu eða áhuga á því að næla sér í Twitter-færslur og fyrirsagnir“.

Setjist Trump í forsetastól Bandaríkjanna virðist honum í raun vera treystandi til að gera hvers kyns glappaskot, jafnvel vísvitandi ef því er að skipta.

**HEIMSSTYRJÖLD?**
Hann gæti til dæmis hæglega farið í taugarnar á Vladimír Pútín Rússlandsforseta, sem gerst hefur æ yfirgangssamari síðustu misserin og léti kannski ekki segja sér það tvisvar að beita hörðu í viðskiptum sínum við Trump. Að vísu væri Pútín líka vel trúandi til að láta vaðalinn í Trump sem vind um eyrun þjóta, en í versta falli gæti kjarnorkusprengjum farið að rigna á báða bóga.

**HOLSKEFLA HRYÐJUVERKA?**
Einhverjir Bandaríkjamenn gætu óttast að Trump fái öfgamúslima upp á móti sér, til dæmis með því að missa út úr sér skelfilega niðrandi orð um spámanninn Múhameð. Holskefla hryðjuverka færi af stað og bandarískir hermenn þyrftu að standa í stórræðum víða um heim með ógurlegum afleiðingum. Að vísu hefur nákvæmlega þetta verið að gerast síðustu árin og jafnvel áratugina, en vel er hægt að hugsa sér að allt það versni um allan helming.

**EINANGRUN BANDARÍKJANNA**
Aðrir óttast að Trump muni einangra Bandaríkin frá alþjóðasamstarfi og milliríkjaviðskiptum. Hann hafi horn í síðu Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðabákna sem hann telji sliga Bandaríkin með óþörfum og íþyngjandi kröfum úr misgáfulegum alþjóðasáttmálum. Hann gæti dregið Bandaríkin út úr einhverjum lykilstofnunum eða hætt að sinna einhverjum þeim skuldbindingum, sem Bandaríkin hafa gengist undir. Afleiðingarnar gætu orðið erfiðar.

**BORGARASTYRJÖLD?**
Þá megi jafnvel búast við borgarastyrjöld innan Bandaríkjanna ætli Trump að gera alvöru úr því að reka milljónir óskráðra innflytjenda úr landi, láta jafnvel lögreglu og her elta uppi fjölskyldur og flytja þær nauðungarflutningum til annarra landa.

## Þrískipting valdsins

**VARNAGLAR**
Fari svo að bandarískur forseti gangi þvert gegn vilja þings og þjóðar í hverju málinu á fætur öðru, og reynist jafnvel beinlínis hættulegur í starfi, þá kemur til kasta þrískiptingar valdsins sem er ein helsta kjölfestan í stjórnskipan Bandaríkjanna.

**TAKMÖRKUÐ VÖLD**
Forseti Bandaríkjanna hefur í raun harla takmörkuð völd, hafi hann þingið á móti sér, eins og Barack Obama hefur heldur betur fengið að finna fyrir rétt eins og forverar hans margir hverjir í embættinu.

**GAGNKVÆMT AÐHALD**
Þrískiptingin gengur út á það að framkvæmdavald, löggjafarvald og dómsvald séu þrjár aðskildar greinar ríkisvaldsins. Hver grein takmarki völd hinna tveggja með mjög afgerandi hætti, þannig að engin ein þeirra geti fengið að valsa um þjóðfélagið eins og fíll í postulínsbúð.

**YFIRSTJÓRN HERSINS**
Forsetinn og ríkisstjórn hans fara með framkvæmdavaldið, og jafnvel þar er forsetinn ekki einráður. Hann velur sér ráðherra sem stjórna ráðuneytunum, og jafnvel ráðherrarnir geta ekki tekið upp á hverju sem er.

Þannig er varnarmálaráðuneytið til dæmis harla voldug stofnun með eigin vinnureglur og langa hefð að styðjast við. Yfirmenn hersins eru meira en bara ráðgjafar forsetans því í raun ræður þekking þeirra, reynsla og afstaða oft meiru en vilji forsetans um það, út í hvers konar aðgerðir herliði Bandaríkjanna er att hverju sinni.

Loks hefur þingið möguleika á því að svipta forsetann embætti, gangi hann fram af fólki með grófum hætti.




# ÁTT ÞÚ LJÓSIÐ?

**Takið vel á móti sölufólki dagana 26.–29. maí**

Blátt áfram

# VERTU UPPLÝSTUR!

# ... og jafnvel línudansara á kvöldin!

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um fíl, apa og ljón.


S.Í.B.S.-flugvélin er komin og varpar þessum flugmiða yfir bæinn.

Bæjarbúar hafa nú séð að flugvél S.Í.B.S. er eins og lofað var: sterkur, fagur og nytsamur farkostur.

Flugmaður sá, er fór til Ameríku til að kynna sér þessa gerð flugvéla, telur hana standa framar öllum einkaflugvélum að búnaði öryggistækja og smíðavöndun, enda er hún handunninn auglýsingargripur og fyrsta vélin sem verksmiðjan sendir utan.

Nokkur happdrættismerki eru enn óseld og verða þau á boðstólum til mánaðamóta á götum bæjarins og í skrifstofu Sambandsins á Hverfisgötu 78.

**Dregið verður um þenna glæsilegasta happdrættisvinning, SÍBS-flugvélina þann ... febrúar.**

Einkaumboð á Íslandi fyrir þessa tegund flugvéla hefur „Flugvirkinn" h.f., Reykjavíkurflugvelli. Box 1075.

**Athugið!**

*Nokkrir af flugmiðunum eru auðkenndir með stimpli S.Í.B.S. Handhafar framvísi þeim á skrifstofu Sambandsins til að fá vitneskju um óvænt happ, sem þeim hefur hlotnast.*

Árið 1918 stofnaði velski læknirinn Pendrill Varrier-Jones nýjan og byltingarkenndan spítala í tengslum við læknadeild Cambridge-háskóla. Meginviðfangsefni sjúkrahússins var í fyrstu að sinna fólki með lungnasjúkdóma, einkum berklasjúklingum, sem voru fjölmargir í Bretlandi líkt og annars staðar í Evrópu.

Að mati Varrier-Jones var ekki nóg að veita klíníska meðferð við sjúkdómnum sjálfum, heldur þyrftu sjúklingarnir líka aðlögun og endurhæfingu að dvölinni lokinni. Í tengslum við Papworth-spítalann reis því samnefnt þorp með íbúðum fyrir fjölda sjúklinga sem tryggð voru létt framleiðslustörf við ýmiss konar iðnað.

Nálgunin var byltingarkennd, enda hafði meðhöndlun berklasjúklinga fram að þessu fremur gengið út á að einangra þá frá ys og þys samfélagsins. Að meðferð lokinni biðu hins vegar fá tækifæri til eðlilegs lífs. Þessu vildi Varrier-Jones breyta með öflugri iðjuþjálfun. Þá var sjúklingum heimilað að hafa fjölskyldur sínar hjá sér í berklaþorpinu, en sú ráðstöfun varð afar umdeild meðal lækna.

Papworth-þorpið vakti athygli víða um lönd, þar á meðal á Íslandi. Talsverður áhugi var fyrir því að koma upp endurhæfingarmiðstöðvum í tengslum við sjúkrastofnanir á borð við Kópavogshæli, Kristsneshæli og hressingarhælið að Reykjum, en fjárskortur og fjöldi sjúklinga kom í veg fyrir að slíkt næði fram að ganga.

Það var ekki fyrr en með stofnun Reykjalundar í Mosfellssveit að draumurinn rættist. Samband íslenskra berklasjúklinga, sem stofnað var árið 1938, festi í stríðslok kaup á þrjátíu hekturum lands undir hið nýja vinnuheimili. Framkvæmdir hófust þegar og þann fyrsta febrúar 1945 var fyrsti áfanginn tekinn í notkun.

### Stórátak í Mosfellssveit

Bygging Reykjalundar var stórmerkur þáttur í sögu íslenskra heilbrigðismála og má segja að með framkvæmdunum hafi verið lyft grettistaki. Verkið var að mestu fjármagnað með almennum fjársöfnunum SÍBS og reyndi það mjög á hugkvæmni félagsmanna sem sífellt voru á höttunum eftir nýjum fjáröflunarleiðum.

Merkjasala var hin hefðbundna tekjulind samtakanna. Stjórnarráðið helgaði einn dag á ári berklavörnum, þar sem eitt og annað var gert til að vekja athygli á málstaðnum. Flutt voru útvarpserindi um berklasjúkdóminn og hornaflokkar léku á fjölförnum götuhornum í Reykjavík. Sjálfboðaliðar gengu svo hús úr húsi og seldu merki dagsins með fallegum silkiborða til að næla í barminn. Bestum árangri í merkjasölunni náðu þó hjúkrunarskólastúdínur sem þræddu skemmtistaði að næturlagi, íklæddar einkennisbúningi stéttarinnar.

Árið 1945 efndi SÍBS einnig til veglegs happdrættis til styrktar Reykjalundar. Smáhappdrætti hvers kyns félagasamtaka voru algeng fjáröflunaraðferð og voru eftirsóttustu vinningarnir hvers kyns innfluttur neysluvarningur, svo sem heimilistæki og bifreiðar.

SÍBS-happdrættið gekk skrefinu lengra. Meðal smærri vinninganna voru píanó, radíógrammófónar, Kjarvalsmálverk, golfáhöld og flugferð til New York, svo eitthvað sé nefnt. Þá var hægt að vinna skemmtibát og „héppa", sem var metnaðarfullt nýyrði fyrir Jeep-bifreið. Aðalvinningurinn var hins vegar lítil farþegaflugvél ásamt flugnámi.

Vélin, sem lent gat bæði á sjó og landi, var sögð einhver fullkomnasta einkaflugvél Bandaríkjanna. Var henni fjálglega lýst í dagblöðum og meðal annars talið til kosta að veiðifúsir flugmenn gætu lent henni á vötnum og notað sem hraðbát. Endurspeglar vinningurinn þá útbreiddu trú í lok fimmta áratugarins að einkaflugvélar yrðu almenningseign innan fárra ára og álíka hvunndagslegur ferðamáti og bifreiðar.

Landsmenn bitu á agnið og happdrættismiðarnir runnu út eins og heitar lummur. Svo fór að lokum að tvö ung systkini unnu flugvélina. Ekki gerðust börnin þó fluggarpar, heldur seldu vélina fyrirtæki sem stóð fyrir áætlunarflugi á milli Reykjavíkur og Akraness.

### Innfluttir skemmtikraftar

Flugvélarhappdrættið mikla 1945 varð undanfari flokkahappdrættis SÍBS sem enn í dag er einhver mikilvægasta peningauppspretta samtakanna. Frumlegri fjáraflanir áranna í kringum 1950 tengdust þó hvers kyns skemmtanahaldi og innflutningi erlendra listamanna.

Árið 1952 rann upp skringilegt og torskilið tónlistaræði í Svíþjóð. Ungur hrekkleysingi, Gösta Nordgren sem kallaður var Snoddas, sló í gegn fyrir hálfgamaldags vísnasöng og skringilega raddbeitingu. Snoddas, sem jafnframt bar viðurnefnið „gúmmíkarlinn" frá því að faðir hans drýgði tekjurnar með smokkasölu, naut fádæma vinsælda í heimalandinu um nokkurra mánaða skeið veturinn 1952-53, þótt óljóst væri hvort aðdáunin væri fölskvalaus eða hvort verið væri að skopast að listamanninum.

Ljúflingurinn Snoddas hafði hug á að heimsækja Ísland og var til í að koma hingað gegn því einu að fá greiddan ferðakostnað og uppihald. Snoddas tróð upp á tíu tónleikum og var uppselt á þá alla, enda þótti ekkert slor að fá hingað til lands vinsælasta tónlistarmann Svíþjóðar. Tvær grímur runnu þó á suma áhorfendur þegar Snoddas hóf upp raust sína og var frammistaða Svíans lengi á eftir rifjuð upp sem áminning um að erlendar vinsældir væru ekki endilega trygging fyrir gæðum.


**CIRKUS ZOO**

**Barnasýning kl. 5 í dag.**

Aðgöngumiðar seldir í skúrum í Veltusundi, við Sundhöllina og við innganginn, ef eitthvað verður óselt um það leyti er sýning hefst.

Verð aðgöngumiða 10 og 15 krónur. Fari fullorðnir með greiði þeir fullt gjald.

Fastar ferðir frá Búnaðarfélagshúsinu og Sunnutorgi og hefjast klukkutíma fyrir sýningu.

S. Í. B. S.

Reiður tónlistarunnandi skrifaði harðorða grein í Jazzblaðið í kjölfar tónleikaferðarinnar og vandaði ekki aðstandendum kveðjurnar. „Mergur málsins er einfaldlega sá að „Snoddas" er saklaus einfeldningur, sem útsmoginn „businessmaður" að nafni Adenby hefur „blöffað" hálfa Evrópu með undanfarið ár." Og áfram hélt greinarhöfundur: „Sólólög mannsins voru svo algjörlega fyrir neðan allar hellur, að fimmtán ára strákar, sem voru búnir að eiga harmoniku í tvo mánuði gengu út af hljómleikunum stórhneykslaðir."

Meiri og almennari ánægja var með aðra tónleika SÍBS á þessum árum. Síðla árs 1953 fluttu samtökin til að mynda inn sænsku söngkonuna og kvikmyndastjörnuna Alice Babs, sem gallhörðustu Júróvisjón-nirðir þekkja kannski sem fulltrúa Svíþjóðar á fyrstu Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva nokkrum árum síðar. Alice Babs kom fram tólf sinnum fyrir troðfullu Austurbæjarbíói og skilaði drjúgum tekjum í félagssjóðinn.

Ekki tókst þó alltaf jafn vel til með innflutning erlenda skemmtikrafta. Ferðakostnaðurinn var hár og lítið mátti út af að bera til að tap yrði á öllu saman. Ákváðu stjórnendur SÍBS því á seinni hluta sjötta áratugarins að hætta slíkum ævintýrum. Svanasöngurinn var tónleikahátíðin Tónaregn sem haldin var í Austurbæjarbíói vorið 1957. Þar léku annars vegar kunnir íslenskir tónlistarmenn dægurlög af vinsældalistum austan hafs og vestan. Því næst tók við enska rokkhljómsveitin Tony Crombie and his Rockets. Má telja þetta einhverja fyrstu íslensku rokktónleikana og fengu þeir þá umsögn tónlistargagnrýnanda að þar hefðu farið saman hávaði, æðisgengin öskur og algjör múgsefjun. Þrátt fyrir mikilsvert framlag sitt til útbreiðslu rokksins, hlýtur merkasta fjáröflun SÍBS á þessum tíma þó að teljast koma Cirkus Zoo árið 1951.

### Víðfrægur sirkus

Líkt og aðrir skemmtikraftar sem SÍBS flutti hingað til lands, var sirkus þessi sænskur. Stjórnandinn, Trolle Rhodin, var af kunnustu sirkusfjölskyldu Svíþjóðar. Faðir hans heillaðist af undraheimi fjölleikahússins þegar hann sá bandarísku goðsögnina Buffalo Bill ferðast um Evrópu í lok nítjándu aldar. Innblásinn af Vísunda-Billa varð hann sér út um kúrekaföt, barðastóran hatt, glæsilegt yfirvaraskegg og viðurefni sem minnti á vesturheim – Brazil Jack.

Sirkus Brazil Jack varð kunnur um öll Norðurlönd en sonurinn gekk skrefinu lengra og ferðaðist víða um lönd. Cirkus Zoo varð til að mynda fyrsta vestur-evrópska fjölleikahúsið til að heimsækja Sovétríkin og mun hafa haft mikil áhrif á rússneska sirkushefð.

Eins og nafnið gefur til kynna voru tamin dýr í veigamiklu hlutverki í Cirkus Zoo, sem raunar var kallaður dýragarður en ekki sirkus í fyrstu blaðafregnum hér á landi. Í fjölleikahúsinu var hálfvaxinn fíll sem gekk undir nafninu Baba. Ekki verður séð af auglýsingum eða blaðagreinum að fíllinn hafi sýnt neinar sérstakar kúnstir, en Reykvíkingum stóð á sama enda slík skepna nægilega framandi.

Meira líf var í hvítabjörnunum tíu sem átján ára tamningarmaður lét sýna listir sínar, þar á meðal að fara í rennibraut. Þrír skógarbirnir voru líka á sýningarskránni og hlupu meðal annars á hlaupahjóli. Pólskur dvergur var með trúðslæti og fjöldi fimleikamanna sýndi hvers kyns jafnvægislistir og glæfrafimleika – svo vitnað sé í fréttatilkynningar.

Sýningar Cirkus Zoo fóru fram í 2.000 manna tjaldi sem komið var upp í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli. Djarft var teflt enda koma sirkussins fokdýr. Til að auka enn á spennuna greip SÍBS til þess ráðs að láta flugvél svífa yfir höfðum Reykvíkinga með borða þar sem nafn sirkussins var áletrað.

Mætingin var þó undir væntingum á fyrstu sýningarnar eða allt þar til dýrahópurinn var fullkomnaður. Með næstu skipalest komu nefnilega fjögur ljón til viðbótar við dagskrána. Voru þau sögð af norður-afrískum stofni ljóna, sem evrópskir höfðingjar héldu um aldir sem stofustáss, en sem dóu út einmitt um þessar mundir.

Allir vildu sjá konung dýranna og upp frá því var uppselt á hverja sýningu. Í allt sáu um 42 þúsund Íslendingar sirkusinn í flugskýlinu eða nærri þriðja hvert mannsbarn í landinu. Sjóðir Reykjalundar bólgnuðu og mikilvægur kafli var skrifaður í sögu skemmtana og afþreyingar á Íslandi.


Listmunauppboð
í Gallerí Fold
mánudaginn 30. maí, kl. 18
og þriðjudaginn 31. maí, kl. 18


Jón Stefánsson

Stærsta uppboð ársins · óvenju margar perlur gömlu meistaranna

LISTMUNASALA fold

Forsýning í Gallerí Fold
mánudag kl. 10–17 og þriðjudag kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Íslenska Gámafélagið býður alla velkomna, og það verður...

# líf og endurvinnslufjör

á athafnasvæði
Íslenska Gámafélagsins, Gufunesi
í dag Grafarvogsdaginn 28. maí,
frá kl. 13:00-16:00

## Dagskrá:

Ruslaskrímsli • Hoppukastalar
Mótorhjóla og ruslabílarúntur
Andlitsmálun • Pylsur og gos
og fjöldinn allur af skemmtilegum
leikjum t.d. lukkuhjól, skotbásar
og margt, margt fleira.

Tveggja hæða strætó
ekur um Grafarvoginn



Allir velkomnir!

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
Gufunesi • gamur.is • 577 5757



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Þórðardóttir**
Hjúkrunarheimilinu Eir,
áður að Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 25. maí.

**Erna Sigríður Sigursteinsdóttir** — **Torfi Elís Andrésson**
**Haraldur Sigursteinsson** — **Erla Ívarsdóttir**
**Garðar Sigursteinsson** — **Elín Margrét Hárlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

*Við andlát ástvinar*
*Nærgætni, hlýja og virðing*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



„Ég hef reyndar undanfarin ár verið duglegur við að segja já þegar mér hafa verið boðin verkefni og hef haft ískyggilega mikið að gera – fyrir svona aldraðan mann.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Persónulegt met í aldri

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir þýðanda að verða sjötugur? Guðni Kolbeinsson svarar því og fleiri laufléttum spurningum, þar sem hann er staddur í veiðitúr austur í Selvogi.**

„Þetta er hæsta tala sem ég hef náð fram að þessu. Persónulegt met í aldri,“ segir Guðni Kolbeinsson þýðandi glaðbeittur þegar hann er spurður hvernig sjötugsafmælið fari í hann. Hann svarar símanum austur í Selvogi, er þó á leið til Reykjavíkur en kveðst hafa stigið út úr bifreiðinni þegar ég hringdi. Svona er hann löghlýðinn borgari. En er orðið vorlegt í Selvoginum? „Já, já, það er bara notalegt. Það var samt bálhvasst hér í gærkveldi.“

Þar með upplýsir Guðni að hann hafi gist í sveitinni. „Já, ég var að reyna að veiða bleikju í Hlíðarvatni. Hvernig gekk? Ja, ég fékk í soðið. Maður verður nú að ráða við að gera að því sem maður veiðir!“ segir hann og frekari aflatölur fæ ég ekki.

En breytir það einhverju fyrir þýðanda að verða sjötugur? „Ekkert voða miklu,“ svarar hann og kveðst að mestu ráða tíma sínum sjálfur. „Ég hef reyndar undanfarin ár verið duglegur við að segja já þegar mér hafa verið boðin verkefni og hef haft ískyggilega mikið að gera – fyrir svona aldraðan mann! Ég er býsna önnum kafinn þessa dagana en samt er allt undir kontról.“

> **Við leigjum okkur bát og siglum frá Bolungarvík, svo förum við með gúmmíbát síðasta spölinn. Landtakan er oft spennandi því það er hált í fjörunni.**

Hann kveðst sjaldan taka löng og mikil sumarfrí. „Ég fer á Hornstrandir í nokkra daga og í veiði í nokkra daga – allt frekar stuttar skreppur,“ upplýsir hann og kveðst heimsækja Hornstrandir árlega, þær séu í uppáhaldi. „Ég er ættaður úr Hælavík en þar eru bara tóftir sem hafið er að berjast við að taka frá okkur svo ég held dálítið mikið til í Hlöðuvík, næstu vík við. Þar er húsakostur og ég hef þar innhlaup. Reyni að fara með stórfjölskylduna að minnsta kosti annað hvert ár en sjálfur á hverju ári. Hallvarður Guðlaugsson, frændi minn frá Hlöðuvík, byggði þar hús, fyrst eitt og síðan tvö og sá um að ættin fengi að njóta.“

Hvernig ferðist þið þangað? „Við leigjum okkur bát og siglum frá Bolungarvík, svo förum við með gúmmíbát síðasta spölinn. Landtakan er oft spennandi því það er hált í fjörunni.“

Afmæli Guðna er sem sagt í dag og hann kveðst ætla að halda „smá boð“ fyrir nánustu ættingja og vini. Heima? „Nei, reyndar er það nú í sal, nánustu ættingjar og vinir verða fljótt fjári margir.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Sigurðardóttir**
f. 01.10. 1941
Vatnsdalshólum,

andaðist á hjartadeild Landspítalans þann 20. maí.
Útför hennar fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 7. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar geta haft samband við Hjartaheill, sími 552-5744.

**Bertha Sigríður Eronsdóttir** — **Garðar Gunnarsson**
**Sigurður Hreinn Eronsson**
**Hólmfríður Karlsdóttir**
**Hrefna Hrund Eronsdóttir**
**Arnór Þór Jónsson**
**Guðrún Inga Vigfúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Jóhönnu Hákonardóttur**
og móður hennar,
**Sigurlaugar Helgu Leifsdóttur**

Útförin fór fram þann 17. maí frá Fossvogskirkju í Reykjavík.

**Leifur Hákonarson**
**Sigurlaug Helga Teitsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

# Sögunni haldið á lofti

**Velunnarar Laugarnesskóla eru hvattir til að taka þátt í morgunsöng sem þar er á klukkutímafresti frá 13 til 16 í dag, þegar 80 ára afmæli skólans er fagnað með opnu húsi.**

„Við erum að fagna áttatíu ára afmæli skólans með ýmsum hætti,“ segir Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla. „Í raun átti hann afmæli í október síðastliðnum og þá var afmælisveisla hjá krökkunum, þau bökuðu risaköku, gerðu kórónur og við fórum í skrúðgöngu. En í dag stendur hverfishátíðin Laugarnes á ljúfum nótum frá klukkan 13 til 16. Jón Freyr Þórarinsson, fyrrverandi skólastjóri, setur hátíðina og við vonum að gamlir nemendur og kennarar mæti. Við verðum með opið hús og það verður morgunsöngur á klukkutíma fresti sem fólk er hvatt til að taka þátt í.“



**Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla**

Hinn daglegi morgunsöngur er ein af föstum hefðum Laugarnesskóla, og skiptast tveir tónmenntakennarar á að spila undir og syngja, segir Sigríður Heiða. „Það er gömul venja að skólastjórinn stýri morgunsöngnum og ég geri það þó ég sé gersamlega laglaus,“ segir hún hlæjandi. „Dans er líka hátt skrifaður í skólanum, Jón Freyr kom þeirri hefð á fyrir áratugum.“

Fjölbreytt þemaverkefni, tengd afmælinu, hafa einkennt starfið undanfarna daga í Laugarnesskóla og sögu skólans og hverfisins verið haldið á lofti, að sögn Sigríðar Heiðu. „Börnin hafa farið með kennurum í vettvangsferðir um hverfið og fræðst um það helsta. Svo er margt hér innan veggja byggingarinnar sem vert er að gefa gaum, gömul verkfæri, listaverkin eftir Jóhann Briem, uppstoppuðu dýrin og ýmsir munir sem eru í sýningarkössum og allir eru farnir að líta á sem sjálfsagða hluti.“

Sigríður Heiða er að ljúka tíunda starfsári sínu sem skólastjóri við Laugarnesskólann. Hún segir nærumhverfið notað í kennslu allt skólaárið og nefnir meðal annars Laugardalinn með sinn fjölbreytileika og Laugarnestangann sem skartar einu sandfjörunni sem eftir er í borginni.

gun@frettabladid.is



**Hér er glaður hópur að vinna að gerð útilistaverks á Laugarnesskóla.** FRÉTTABLAÐIÐ/HULDA

**Skólahald Laugarnesskóla hófst 19. október 1935, það haust gekk mænuveikifaraldur í bænum og því var skólabann sett á um tíma. En 214 börn á aldrinum átta til þrettán ára sóttu skólann fyrsta veturinn og tíu kennarar sáu um uppfræðsluna. Þá var heimavist þar líka. Tvívegis hefur verið byggt við upphaflega skólahúsið og í haust verður að bæta við lausum kennslustofum vegna fjölgunar nemenda. Þeir eru um 500 núna en voru um 1.800 þegar þeir voru flestir, þá var skólinn líka þrísetinn. Árið 1969 varð Laugarnesskólinn bara barnaskóli þegar Laugalækjarskóli hafði verið byggður fyrir gagnfræðastigið.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Hlíðar Björnsson**

múrari, f. 30.10. 1942,

lést fimmtudaginn 12. maí á hjúkrunarheimilinu Hlévangi í Keflavík.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Hlévangs í Keflavík fyrir sérstaka umhyggju og hlýju.

**Kristbjörg Guðmundsdóttir — Árni Ingólfsson**
**Guðmundur Guðmundsson — Unnie Justinussen**
**Dröfn Hlíðar Guðmundsdóttir — Jón Ingi Ingibergss.**
**Rannveig Hlíðar Guðmundsdóttir — Kristján Finnbjörnss.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigurlaugar Jóhannsdóttur**

Lillu á Á, Siglufirði.

**Jóhann Skarphéðinsson — Auður Halldórsdóttir**
**Björg S. Skarphéðinsdóttir — Tryggvi Árnason**
**Stefanía Skarphéðinsdóttir — Aðalsteinn Sveinsson**
**Aðalbjörg Skarphéðinsdóttir — Guðjón Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Ágústa Hannesdóttir**

Þorragötu 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 23. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Áskirkju föstudaginn 3. júní klukkan 13.

**Jón Sigurðsson — Una Eyþórsdóttir**
**Hannes Sigurðsson — Sesselja Guðmundsdóttir**
**Albert Páll Sigurðsson — Rannveig Sigurðardóttir**
**Ólöf Guðrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Birgit Helland**

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar Karitas og starfsfólks blóðlækningadeildar 11G á Landspítalanum fyrir hlýja og góða umönnun.

**Hreinn Frímannsson**
**Finnur Hreinsson — Kristín H.B. Einarsdóttir**
**Frímann Hreinsson**
**Knútur Hreinsson**
**Dagný Hreinsdóttir — Úlfar Þór Björnsson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ragna Bergmann Guðmundsdóttir**

fyrrverandi formaður Verkakvennafélagsins Framsóknar,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 25. maí.

**Eiríkur Þorsteinsson — Linda Björnsdóttir**
**Valur Ragnar Jóhannsson — Sædís Arndal**
**Katrín Gróa Jóhannsdóttir — Trausti Friðfinnsson**
**Jóhanna Huld Jóhannsdóttir — Albert Ingason**
**Guðrún Edda Jóhannsdóttir — Birgir Ingibergsson**
**Bergþóra Ósk Jóhannsdóttir — Ólafur Eyjólfsson**
**Örn Ingvar Jóhannsson — Iðunn Ása Hilmarsd.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Þorsteinsdóttir**

Kirkjubraut 18, Seltjarnarnesi,

lést á Borgarspítalanum þann 25. maí 2016. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Sigurþór Hallgrímsson**
**Hafdís Sigurþórsdóttir — Viðar Gunnarsson**
**Guðbjörn Sigurþórsson — Anna Bjarnadóttir**
**Þóra Björk Sigurþórsdóttir — Ragnar Kummer**
**Oddný Hildur Sigurþórsdóttir — Þorsteinn Ásgeirsson**
**Sigurþór Sigurþórsson — Solfrid Dalsgaard**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Ketils Gunnarssonar**

Hellulandi 8, Reykjavík,

sem lést 7. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir frábæra umönnun og þjónustu.

**Sigríður Theodóra Guðmundsdóttir**
**Guðríður Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson — Gerður Harpa Kjartansd.**
**Sigurður Grétar Sigurðsson — Anna Elísabet Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Einars Baldurs Ásgeirssonar**

rafeindavirkjameistara,

áður til heimilis að Ljósalandi 8, Reykjavík.

**Sesselja Þ. Gunnarsdóttir**
**Hildur Einarsdóttir — Gísli Sigmundsson**
**Ólöf Kristín Einarsdóttir — Hjalti Arnþórsson**
**Margrét Einarsdóttir**
**Áróra Eir Traustadóttir — Steinn Linnet**
**Einar Óli Guðmundson — Íris Ösp Vésteinsdóttir**
**Arnþór Hjaltason**
**María Hjaltadóttir**
**Gunnlaugur Óli og Bjarki Þór**

---



Þökkum innilega samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar og tengdamóður,

**Lukku Ingibjargar Þorleifsdóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Víðihlíðar, Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Þór Már Valtýsson**
**Margrét Steinunn Alfreðsdóttir — Stefán Stefánsson**
**María Alfreðsdóttir — Birgir Þór Þórðarson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Þarf að mála mann áður en hann fer í þessa búð? (7)
**8** Voru seinar því þær rugluðust á frumefni (6)
**11** Er þessi gaur er búinn þarf að finna nýjan (9)
**12** Hræðsludraugur óttast sjálfan sig (7)
**13** Menntamaður setur gat á lalla (6)
**14** Bjánasortirnar eru þrjár: Hvít, mórauð og misgrá (13)
**15** Ná skolar á land þar sem hann ríkti á Kálfskinni (8)
**17** Þau kenna þér hvernig og hvar er bruggað? (11)
**18** Veislustund er heimil, en bara í einn dag (10)
**20** Sigla umhverfis upptök upplausnartímabils (10)
**26** Kantur ákveðinna krakka og leiðtoga (11)
**30** Klikk og aftur klikk, alveg rosalega klikk (10)
**31** Sá sem er grár fyrir járnum vill opna valið um stafaröð (9)
**32** Lausavísa fyrir örfáa (8)
**33** Þræði partírangala með Öldu í regnbogafjörinu (13)
**35** Hjal um góða veðrið og ástina (8)
**37** Meinarðu naglapúlið eða nálastritið? (12)
**40** Mikilmenni kynna kenningar um orsök ofsa (9)
**42** Komast alla leið ef þau haska sér (5)
**43** Set digran inn þrátt fyrir óréttlætið og upplausnina (9)
**44** Fædd undir hamingjustjörnu og á því nóg fyrir einleik (9)
**45** Svona hret eru ekki algeng (4)
**46** Kveður þú rímur um reifaðar í ruglinu? (6)

**LÓÐRÉTT**
**1** Tæmdi krukku af rauðlauksjukki (9)
**2** Finn X dæmi þessarar tilteknu klisju, Gunni minn (9)
**3** Jú, erfitt er það, en þó er rétt að vera nákvæmur (9)
**4** Greiði tár fyrir vonskuvæl ef allt fer úr skorðum (9)
**5** Lánuðum til Íslands gegn vægu gjaldi (9)
**6** Rannsókn? Fyrr mun ég dauður liggja! (8)
**7** Mokar í göt sem gefa arð (10)
**8** Mótbyrinn er ósköp mildur (10)
**9** Hef tryggt mér pláss, það er bókað (8)
**10** Lengdu það sem þau festu ranglega (6)
**16** Hnýta þar skóþveng sem einn skollaþvengur sé (9)
**19** Jökulfægður steinn var skrúfaður í bergið (7)
**21** Ekki svona stóran grip í hús, sögðu 3, en 4 sögðu já (12)
**22** Ólík trú, sagði skepnan (7)
**23** Oflátungsæringi af bestu sort drepur alla hunda (9)
**24** Kæli fallinn kappi fjörð verður hann svellkaldur (9)
**25** Staða fyrir skrítna skepnu (8)
**27** Gef kóngafólki bjór, nóg er af honum (11)
**28** Mótmælum ekki þessum brottrekstri frekar en hinum (11)
**29** Og þá að hratt étandi stóðhesti (9)
**34** Kemst yfir kot (7)
**36** Staðar fara í ranga röð (6)
**38** Rán og trall mun mylja þig niður (5)
**39** Rónar fokka í Adda (5)
**41** Þrefa við bleyður (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**PANAMASKJÖLIN**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Þýska húsinu** eftir Arnald Indriðason frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sverrir Friðþjófsson, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nýlegur leiðindalandnemi í náttúru Íslands. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „28. maí“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.







# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Þvingun sem ekki var tekin

Þorsteinn Bergsson, bóndi á Unaósi, er einn skemmtilegasti þátttakandi „Útsvarsins“ á RÚV, sem lauk með sigri í úrslitaleik liðs Þorsteins (Fljótsdalshérað) gegn Reykjavík. Þorsteinn er jafnframt liðtækur bridgespilari og var sagnhafi í 6 hjörtum í norður í spili dagsins eftir opnun vesturs á 2 ♠ („tartan“ eða eins og Íslendingar kalla sagnvenjuna: „Jón og Símon“) í undankeppni Íslandsmótsins í sveitakeppni. Útspilið var lauf upp á ás og kóng sem Þorsteinn trompaði. Austur var gjafari og NS á hættu.

**Norður**
♠ Á94
♥ ÁKDG9543
♦ 2
♣ 10

**Vestur**
107532
-
♠ 973
♥ ÁKD53
♦
♣

**Austur**
♠ K8
♥ 762
♦ KG85
♣ 7642

**Suður**
♠ DG6
♥ 108
♦ ÁD1064
♣ G98

Þorsteinn valdi að svína í spaða og fór einn niður. Eins og lesendur geta fundið út þá má vinna spilið með því að taka spaðaás og renna niður öllum hjörtunum og þvinga austur í spaða og tígli. Þorsteinn var ekki ánægður með sig eftir spilið því hann gleymdi að austur hafði doblað 3 ♠ og hlaut því að eiga kónginn, ásamt því að vestur var búinn að sýna ÁK í laufi (tartan = 7-11 punktar). Aðeins einn sagnhafa vann sex hjörtu í þeim samningi. Útspilið var hjartasjöa – sem gefur sagnhafa tækifæri til að svína tígli og henda laufi – og spila ekki upp á þvingun.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Aljechin átti leik gegn Strasdinsch í Riga árið 1935.

**1. Rf6+! Dxf6 2. Hfe1+ Be7 3. Dd8#.** Mikið er um að vera um helgina. Í gangi eru bæði Meistaramót Skákskóla Íslands og Bikarsyrpa TR.
**www.skak.is:** Íslandsmótið hefst á þriðjudaginn.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 8 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 7 | 6 | 1 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 1 | 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 6 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 8 | 6 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 6 | 5 |
| 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 9 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 6 |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




198 kr. 1,5 l

**Coca Cola**
1,5 l




998 kr. 1 kg

**Gevalia Kaffibaunir**
1 kg




598 kr. 500 g

**Gevalia Kaffi**
500 g




359 kr. 1,35 kg

**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



198 kr. kg

**Bananar**
Kosta Ríka




298 kr. 125 g

**Lambhaga Spínatkál**
125 g

NÝTT Í BÓNUS




798 kr. 2 L

**Debic Vanillu Shake**
2 L




398 kr. 10 stk.

**Bónus Boost Sett**
Glös, lok og rör, 10 stk.




459 kr. 1 kg

**Euro Shopper**
**Berjablanda,** frosin, 1 kg




459 kr. 500 g

**Euro Shopper**
**Hindber,** frosin, 500 g




498 kr. 1,2 kg

**Jarðarber**
Frosin, 1,2 kg




498 kr. 1 kg

**Mangóbitar**
Frosnir, 1 kg




498 kr. 500 g

**Bláber**
Frosin, 500 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 29. maí eða meðan birgðir endast

## Konráð og félagar á ferð og flugi 201

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við.

Hversu marga steina skyldi vanta?

Getur þú talið þá? Eru þeir:

A 20
B 25
D 30



## Brandarar

**Óli:** Nú get ég varið mig ef einhver ræðst á mig. Ég er byrjaður að æfa karate og er þegar búinn að brjóta múrstein með hnefanum.
**Valdi:** Það er flott hjá þér, en er ekki frekar sjaldgæft að múrsteinar ráðist á fólk?

**Sigga:** Hvernig gengur með bókina sem þú varst að skrifa um sjálfstyrkingu og hugrekki?
**Palli:** Bara vel. En ég hef bara ekki þorað með hana til útgefanda ennþá.

Gunnar þrammaði fram og aftur um gólfið á meðan hann blés í trompetinn. Að lokum gafst nágranninn upp, bankaði hjá honum og sagði: „Þessi hávaði er alveg óþolandi.“ „Fyrirgefðu,“ svaraði Gunnar, fór úr skónum og hélt áfram að spila á trompetinn á sokkunum.

**Regína:** „Þjónn! Ég ætla að fá saltfisk.“
Viltu portúgalskan eða íslenskan?
**Regína:** „Það skiptir engu máli, ég ætla ekki að tala við hann.“








Hermann og Sandra Sif með heimilistíkina Ösku á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HULDA

# Skírðu kindina Pirrulínu

Systkinin **Sandra Sif** og **Hermann Samúelsbörn** skruppu upp í sveit um daginn og upplifðu ýmislegt skemmtilegt, svo sem sauðburð og silungsveiði. Hermann fann skúmsegg og Sandra Sif kíkti inn í helli.

Sandra Sif, átta ára, og Hermann, fimm ára, eru fjörugir krakkar sem rétt mega vera að því að stilla sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. Hermann er að koma úr kvikmyndatöku og Sandra Sif er að fara á vorhátíð í skólanum. En bæði eru nýlega komin úr ferðalagi með foreldrum sínum austur í Öræfi, sem er sveit við rætur Vatnajökuls.

**Skyldu þau fara oft upp í sveit?**
**Sandra:** Já, við förum stundum í Öræfin, að Hofi og Hnappavöllum.
**Hermann:** Við förum núna og kíktum á sauðburðinn.

**Hjálpuðuð þið til við búskapinn?**
**Sandra:** Já, ég fékk að hjálpa til að gefa kindunum hey í fjárhúsinu hjá Adda bónda. Ég fékk líka að fylgjast með ánum bera og hjálpaði líka við að smala þeim sem voru úti á túni með lömbin í gott skjól fyrir ofan hlöðu áður en nóttin kom.
**Hermann:** Það var ein kind sem var að reyna að stanga mig og passa lambið sitt. Við skírðum hana Pirrulínu, af því hún var svo pirruð á okkur og vildi ekki hafa okkur nálægt sér.

**Lentuð þið í fleiri ævintýrum?**
**Sandra Sif:** Við fórum með pabba að veiða silung. Það var mjög skemmtilegt. Svo fór ég með mömmu og ömmu í fjallgöngu upp að einum helli sem heitir Hrognhellir.
**Hermann:** Við fórum líka að leita að skúmseggjum og ég fann eitt egg en enginn annar í fjölskyldunni minni fann egg. Ég veiddi líka tvo silunga með pabba mínum.

## Listaverkið

Hún heitir **Krot**, segir **Baldur Logi Freysson**, listamaður vikunnar, um mynd sína.



Áskorun til stjórnvalda í tilefni af degi barnsins 2016:

# ÁSKORUN UM GJALDFRJÁLSAN GRUNNSKÓLA

Öll börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest. Þar er jafnframt kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

Síðastliðið haust sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér áskorun til ríkis og sveitarfélaga um að tryggja öllum börnum gjaldfrjálsa grunnmenntun. Samtökin hvöttu þingmenn til að beita sér fyrir lagabreytingum sem tækju af öll tvímæli um að gjaldtaka væri óheimil og hvöttu sveitarfélög til að setja skýrar reglur þar að lútandi.

# BARNAHEILL ÍTREKA ÁSKORUN SÍNA FRÁ HAUSTINU 2015:

BARNAHEILL HVETJA ÞINGHEIM TIL AÐ GERA BREYTINGAR Á 31. GR. GRUNNSKÓLALAGA, ÞANNIG AÐ TEKIÐ VERÐI FYRIR ALLA GJALDTÖKU Á NÁMSGÖGNUM NEMENDA.

BARNAHEILL HVETJA STJÓRNVÖLD, BÆÐI RÍKI OG SVEITARFÉLÖG, AÐ SETJA SKÝRAR REGLUR UM AÐ ÓHEIMILT SÉ AÐ KREFJA FORELDRA UM INNKAUP Á GÖGNUM, GREIÐSLU FYRIR GÖGN SEM NOTA Á VEGNA SKÓLAGÖNGU BARNANNA EÐA FYRIR AÐRA STARFSEMI Á VEGUM SKÓLA.

BARNAHEILL HVETJA ALLA GRUNNSKÓLA TIL AÐ FINNA LEIÐIR TIL AÐ UPPFYLLA MARKMIÐ AÐALNÁMSKRÁR UM MENNTUN BARNANNA, ÁN ÞESS AÐ KREFJA FORELDRA UM GREIÐSLU Á HLUTA NÁMSGAGNA EÐA STARFSEMI Á VEGUM SKÓLA.

Skólinn er hornsteinn jafnræðis í samfélaginu. Gerum grunnskólann gjaldfrjálsan í raun og virðum þau réttindi sem öll börn eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tryggjum þannig að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

GJALDTAKA FELUR Í SÉR MISMUNUN FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA.

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi

Dagur barnsins er opinber íslenskur dagur helgaður börnum sem haldinn er síðasta sunnudag í maí ár hvert.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hæg sunnanátt og léttskýjað á Norður- og Austurlandi, en annars skýjað og dálítil rigning vestast. Fremur hlýtt í veðri.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 19° | Oslo 16° | Stokkhólmur 17° | Gautaborg 15° | Helsinki 17° | Þórshöfn 10° | Nuuk 2° |
| London 17° | Amsterdam 22° | Paris 23° | Berlin 22° | Madrid 20° | Brussel 23° | Róm 29° |
| Boston 21° | New York 22° | Orlando 24° | Moskva 24° | Singapúr 29° | Tókýó 18° | Sydney 11° |

### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **6:06** | **00:08** |
| 3.58m | 0.57m |
| **18:27** | **12:16** |
| 3.81m | 0.51m |
| **Akureyri** | |
| **10:32** | **4:25** |
| 1.28m | 0.37m |
| **22:43** | **16:25** |
| 1.44m | 0.39m |
| **Ísafjörður** | |
| **7:59** | **2:12** |
| 1.77m | 0.24m |
| **20:26** | **14:17** |
| 1.95m | 0.19m |

### Tunglstaða

Vaxandi

98%

Sólarupprás:

03.35

Sólarlag:

23.15

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↖8 | 7° ↘4 | 9° ↘3 | 10° ↖15 | 9° ↘4 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←5 | 7° →4 | 8° ↘3 | 9° ↑17 | 8° →11 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖1 | 9° →3 | 11° ↗3 | 13° ↗6 | 11° →7 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↑6 | 13° ↘2 | 8° ↖3 | 14° ↑8 | 15° ↘5 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↖3 | 12° ↑3 | 8° ←2 | 9° ↖5 | 16° ↘5 |









## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Íslensk Getspá

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ

UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Þetta er að verða alveg gríðarlega fallegt skrímsli

**Mistakasaga mannkyns er yfirskrift og umfjöllunarefni ferðalags í tali og tónum með valinkunnum listamönnum sem koma úr skemmtilega ólíkum áttum en sameinast í þessum sérstæða viðburði Listahátíðar.**

Það dálítið óvenjuleg samsetning hóps listamanna sem stendur á bak við viðburðinn Mistakasaga mannkyns næsta fimmtudagskvöld á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Það eru tónlistarmennirnir Erpur Eyvindarson, Hallveig Rúnarsdóttir, Hilmar Örn Hilmarsson og Bjarni Frímann Bjarnason sem ráðast í þetta viðamikla verk. Hallveig tekur ekki fyrir að þau komi úr frekar ólíkum áttum en upphafið að samstarfinu megi líka einmitt rekja til Berlínar sem er að sönnu borg fjölbreytileikans og mikill suðupottur í menningu um þessar mundir.

**Upphafið í klámvísu**

„Það var eiginlega Bjarki Karlsson íslenskufræðingur sem leiddi okkur saman á sínum tíma. Í síðustu bók Bjarka er að finna kvæði sem kallast Grettisfærsla og er gömul klámvísa sem munkar skrifuðu inn á eitt handritið af Grettissögu. Bjarki fékk Erp til þess að endurgera þetta því kvæðið var eyðilagt að hluta við siðaskiptin því þá voru menn svo siðsamir. Svo fékk Bjarki mig til þess að flytja þetta og Hilmar Örn til þess að gera taktinn undir. Þetta fluttum við svo í Berlín og þá bættum við Bjarna Frímanni í liðið, gerðum úr þessu tónleika og skemmtum okkur gríðarlega vel. Svo vorum við einhvern veginn orðnir svo miklir vinir að við máttum til með að stækka verkefnið svo ákváðum að tala við Listahátíð og þar var okkur svo vel tekið að það varð ekki aftur snúið.

**Skemmtilegt vandamál**

Við förum mjög víða í yfirferð okkar um mistakasögu mannkyns enda lærir mannkynið aldrei og gerir alltaf sömu mistökin aftur og aftur. En auðvitað kemur þetta allt út frá græðgi þegar nánar er skoðað, því græðgin er undirrót alls ills. Valdafíknar, trúarofstækis og hvers sem er þar sem einhver vill ráða yfir öðrum og beita til þess öllum mögulegum og ómögulegum aðferðum.



Hallveig Rúnarsdóttir og Erpur Eyvindarson eru á meðal höfunda og flytjenda að dagskránni Mistakasaga mannkyns á Listahátíð í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við segjum þessa sögu í töluðu máli og tónlist þar sem tónlistin er allt frá harðasta rappi yfir í háklassík og allt þar á milli. En við erum líka að leika okkur aðeins með formin og fikta í hlutunum. Ég er t.d. að syngja Rúdolf með þeysurunum í óperudívuútgáfu og við förum með þetta svona í allar áttir. Svo erum við líka með spilara og grafíkera úr Listaháskólanum sem er í samstarfi við okkur svo þetta verður bara magnað. Þetta skrímsli er að verða gríðarlega fallegt skrímsli enda eru þetta þvílíkir snillingar sem ég er að vinna með. Vandinn hefur helst

> **VANDINN HEFUR HELST VERIÐ AÐ Á MEÐAN VIÐ ERUM AÐ ÞRÓA ÞETTA VERKEFNI ÞÁ KEMUR Á SAMA TÍMA HVER FRÉTTIN Á FÆTUR ANNARRI MEÐ ENDALAUSUM SKANDÖLUM TIL ÞESS AÐ VINNA ÚR.**

verið að á meðan við erum að þróa þetta verkefni þá kemur á sama tíma hver fréttin á fætur annarri með endalausum skandölum til þess að vinna úr. Þetta er gríðarleg skemmtilegt vandamál þó svo þetta sé ekki gæfulegt fyrir samfélagið.“

**Merkilegasta landið**

Hallveig segir að þau fari þá leið að tengja allt við Ísland. „Við erum alltaf að fara inn í þetta út frá Íslandi nútímans því að þetta er pólitískt ádeiluverk. Það er ekki annað hægt en að mynda þessa tengingu út frá öllu því sem hér hefur gengið á og það er því útgangspunkturinn. Við byrjum út frá fyrirlestri stórskrítins prófessors sem reiknaði hnit út frá píramídunum í Egyptalandi þar sem öll hnit vísuðu til Íslands og þetta hlyti því að vera merkilegasta land í heimi. Við tökum þennan fyrirlestur og fléttum saman við hina frægu You ain't seen nothing yetræðu Ólafs Ragnars. En við förum reyndar um víðan völl allt frá upphafi mannsins til Íslands nútímans. Þannig að þetta er mikið ferðalag þar sem er stiklað á stóru og ég held að við eigum öll eftir að skemmta okkur vel.“

# Í leit að tengingu í gegnum síma látins manns

**LEIKHÚS**

**Sími látins manns eftir Söruh Ruhl**

★★☆☆☆

**Leikhópurinn BLINK**

**Tjarnarbíó og Listahátíð Reykjavíkur**

**Leikstjórn:** Charlotte Bøving
**Leikarar:** María Dalberg, Kolbeinn Arnbjörnsson, Halldóra Rut Baldursdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir
**Leikmynd og búningahönnun:** Fanney Sizemore
**Ljósahönnun:** Arnar Ingólfsson
**Tónlist:** Ragnhildur Gísladóttir
**Þýðing:** Ingólfur Eiríksson og Matthías Tryggvi Haraldsson

Á tómlegu kaffihúsi hringir sími. Eigandi hans svarar ekki. Hann er látinn. Annar kaffihúsgestur tekur upp símann og svarar. Síðastliðinn mánudag frumsýndi leikhópurinn BLINK í samstarfi við Tjarnarbíó og Listahátíð í Reykjavík leikverkið Sími látins manns eftir bandaríska leikskáldið Söruh Ruhl. Þetta í fyrsta sinn sem hennar verk eru tekin til sýningar hér á landi en hún er þekkt í heimalandi sínu fyrir að skoða hversdagsleikann frá goðsagnakenndu sjónarhorni.

Nína er taugatrekkt kona sem tekur þá ákvörðun að taka síma látins manns í sína vörslu, svara í hann og hitta þá sem í hann hringja. Þessi þroskasaga er áhugaverð í fyrstu en þegar líða tekur á kemur í ljós að áhorfendur fá aldrei að kynnast aðalpersónunni. Hún virðist ekki eiga sér neitt líf, hvorki hið innra né ytra. María Dalberg skilar vandræðalegheitunum Nínu vel en er föst í sama ástandinu alla sýninguna.

Sama vandamál þjakar aukapersónur verksins, þau eru skissur af fólki frekar en persónur í stöðugri þróun. Kolbeinn Arnbjörnsson leikur þá bræður Hjört og Bolla en tollir illa í ýktum persónunum þrátt fyrir ágæta spretti. Elva Ósk Ólafsdóttir virðist leika persónu úr öðru og betra leikriti sem fjallar um Gloriu Swanson eftirhermu. Gloria Swanson dó fyrir rúmum þrjátíu árum, vísunin er bæði undarleg og á skjön við verkið. Elva Ósk týnist algjörlega í fyrirferðarmikilli gullmúnderingunni og fær takmarkað verkefni upp í hendurnar. Svipaða sögu má segja um Halldóru Rut Baldursdóttur og hlutverkin hennar en hún leikur hjákonu og eiginkonu hins látna.



Úr sýningunni Sími látins manns í Tjarnarbíói.

Þær birtast áhorfendum sem einhvers konar kventáknmyndir en fyrir utan klisjukennt drykkjuatriði fær Halldóra Rut lítið að gera.

Sími látins manns fjallar um líf og dauða, eftirsjá og ást, siðferði og syndir en sáralítið af þessum átökum er sýnilegt á sviðinu. Leikstjóri sýningarinnar, Charlotte Bøving, nær aldrei að kveikja undir textanum né skapa snerpu á sviðinu, stílfærslurnar eru undarlegar og danshreyfingarnar vekja furðu frekar en umhugsun. Þýðing þeirra Ingólfs Eiríkssonar og Matthíasar Tryggva Haraldssonar er þokkaleg en þeir virðast eiga í vandræðum með staðfærsluna. Gerð er tilraun til að færa söguþráðinn til Íslands en það gengur illa upp og er nánast ónauðsynlegt. Verkið þeysist um víðan völl á mörkum hins raunverulega en höfundur og leikhópurinn kafa aldrei nægilega djúpt í hugðarefnin, heldur skauta frekar á yfirborðinu.

Ekki hjálpar að leikmyndahönnun Fanneyjar Sizemore er harla flöt og notast við tölvugrafík til að skapa andrúmsloft. Þótt myndræna framsetningin sé ágæt þá kviknar sjaldan sviðsbært líf út frá tölvuteiknuðum leikmyndum. Hún verður fljótlega leiðigjörn og dregur athyglina að öðrum göllum leikmyndarinnar sem samanstendur af nokkrum færanlegum leikmunum. Sömuleiðis eru búningarnir sviplitlir nema ef vera skyldi gullklæðnaður frú Gottlieb sem hæfir sýningunni engan veginn. Björtu punktar sýningarinnar eru lýsingin og tónlistin. Ljósahönnun Arnars Ingólfssonar brýtur upp flatlendi framvindunnar með fínum áherslum og tónlist Ragnhildar Gísladóttur er hressandi, ekki síst hljóðmyndin.

Hér vantar undirbygginguna í verkið, stílbrotin styðja aldrei og endirinn seilist býsna langt út fyrir þolmörk væmninnar. Sýningin er hvorki nægilega fyndin né dramatísk. Sími látins manns reynir að spenna út hugmyndir áhorfenda um heiminn sem þeir búa í en staðfestir frekar vondar bábiljur um takmörk leiklistarinnar. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Síminn hringir en það er enginn heima.

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Í DAG LAUGARDAG,
OG Á MORGUN
SUNNUDAG,
26. - 29. MAÍ

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
TILBOÐ KL 2
POWERSÝNING KL. 22:30
TILBOÐ KL 2

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| WARCRAFT | 2, 5, 8, 10:30(P) |
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 7, 10 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 2, 3:50, 5:50 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 5,8,10 |
| RATCHET & CLANK | 1:50 |

SAMBÍÓIN
JOHNNY DEPP ANNE HATHAWAY SACHA BARON COHEN
Framhald af einni vinsælustu ævintýramynd allra tíma
KEANU KITTEN, PLEASE.
MOTHER'S DAY

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 12:30 - 3 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 12:30 - 2 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D VIP | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5:30 - 8:40 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 1:40 - 3:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 3 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 2:40 - 5:30 - 8 - 10:40 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 1 |
| WARCRAFT 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 7:45 - 10:40 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3 - 5:20 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 1 - 3:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 2 - 4 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 6:30 - 8 - 9 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 1:30 - 3:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| --- | --- |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 |
| WARCRAFT 3D | KL. 10:30 |
| WARCRAFT 2D | KL. 8 |
| X-MEN: APOCALYPSE 3D | KL. 10:35 |
| ANGRY BIRDS ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
SJÁÐU EM 2016 Í SMÁRABÍÓI
NÁNAR Á SMARABIO.IS/EM
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

## Góða skemmtun í bíó

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
SÝND KL. 2
SÝND Í 2D ÍSL TAL
SÝND KL. 2
SÝND KL. 1:50
SÝND Í 2D ÍSL TAL
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMbio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

VERTU MEÐ BARNAAFMÆLIÐ HJÁ OKKUR
FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS
MIÐASALA smarabio.is emidi.is midi.is
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 28. MAÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** KK og Magnús Eiríksson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg
KK og Magnús Eiríksson hafa starfað saman með hléum í 40 ár. Í kvöld eru þeir á Café Rosenberg og spila lög hvor úr lagasafni annars. Aðgangseyrir 2.500 krónur

**Hvað?** Frumflutningur FótboltaÓperunnar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi.
Fjölskyldustund í Salnum sem hentar fjölskyldum sem elska tónlist og fótbolta. Dagskráin hefst stundvíslega kl. 13 með frumflutningi á FótboltaÓperunni eftir Helga Rafn Ingvarsson. Sex einsöngvarar, trommuleikari og félagar úr Skólakór Kársness flytja óperuna. Heilmikið húllumhæ fram eftir degi. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**Hvað?** Fræðsludagur í trjásafninu
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Trjásafnið í Meltungu, Fossvogsdal
Í dag verður haldinn árlegur fræðsludagur í trjásafninu. Fræðsludagurinn er samstarfsverkefni Kópavogsbæjar, Garðyrkjufélags Íslands og Yndisgróðursverkefnisins. Boðið verður upp á fræðslu um ræktun víðsvegar í trjásafninu en mæting er við lystihúsið í Yndisgarðinum. Allir velkomnir.



Tangóhátíð alla helgina á vegum Tangóævintýrafélagsins sem fagnar tíu ára afmæli.

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
| --- | --- |
| The Other Side | 18:00, 20:00 |
| Útí að aka | 18:00 |
| The Ardennes | 18:00 |
| Brev til Kongen | 20:00 |
| Fyrir framan annað fólk / In front of others ENG SUB | 20:00 |
| The Witch | 22:00 |
| Keep Frozen ENG SUB | 22:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 22:00 |

Úti að aka
26. maí

**Hvað?** Phoenix Reykjavík
**Hvenær?** 14.30
**Hvar?** Snarfarahöfn
Ferðalag um landslag tilfinninganna þar sem gestir eru leiddir um höfnina, báta, tjöld og fjöruna með tilheyrandi upplifunum. Miðaverð 2.500 krónur.

**Hvað?** Vorhátíð Vallahverfisins og lokahátíð Hraunvallaskóla
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Framan við Hraunvallaskóla
Glæsileg atriði verða á boðstólum, svo sem Jóhanna Ruth úr Ísland Got Talent, Leikhópurinn Lotta, Zumba frá Reebok, Gospelkór Ástjarnarkirkju ásamt hæfileikaríkum krökkum úr Hraunvallaskóla í tilefni Vorhátíðarinnar. Kynnir er enginn annar en Gói og hefst dagskráin stundvíslega klukkan 14.00. Opið hús hjá Reebok fitness frá klukkan 10, ókeypis í sund í Ásvallalaug frá kl. 10.00-13.00 og sundknattleiksdeild SH kynnir sundknattleik í sundlauginni frá kl. 11.30-13.00. Allir velkomnir.

**Hvað?** Dr. Bæk fer yfir reiðhjólin
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Menningarhús, Sólheimum
Í dag, laugardag, geta allir komið með hjólið sitt og fengið það ástandsskoðað af sérfræðingum Dr. Bæk. Komið og látið athuga loftþrýsting í dekkjum, smurningu á keðjum, bremsur og gíra þannig að hjólið sé klárt fyrir sumarið. Þátttaka ókeypis.

**Hvað?** Skákakademían á leik
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Menningarhús, Spönginni
Fyrir áhugasama um að læra að tefla eða rifja upp gamlar hrókeringar stendur til boða að heimsækja Skákakademíu Reykjavíkur sem verður á safninu í dag. Allir velkomnir.

## Námskeið

**Hvað?** Námskeið í rafhljóðfærasmíði
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Jari Suominen sýnir þátttakendum hvernig hægt er að búa til hljóðgervil. Þátttökukostnaður miðast við efniskostnaðinn og er 4.200 krónur. Allir velkomnir.

## Dans

**Hvað?** Tangó Sólstöðuhátíð Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Dansskóli Jóns Péturs og Köru, Síðumúla 30
Í ár fagnar Tangóævintýrafélagið 10 ára afmæli sínu og heldur upp á tímamótin með alþjóðlegu tangóhátíðinni: Tango Solstice Retreat sem fer fram dagana 27.-30. maí. Fjögur námskeið í boði og kennarar eru Ellen Engvall, Mariana Docampo, Leonardo Sardella, Helen La Vikinga og Walter Perez. Námskeiðsgjald er 4.900 krónur.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn og spjall Bjarna Bernharðs
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Menningarhúsi Gerðubergi
Verk Bjarna Bernharðs myndlistarmanns eru til sýnis í Gerðubergi og ætlar listfræðingurinn Jón Proppé að bjóða gestum safnsins í leiðsögn um verk Bjarna. Leiðsögnin er öllum opin.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

## 29. MAÍ 2016

## Dans

**Hvað?** Tangósólstöðuhátíð Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kaffi Sólon, Bankastræti 7a, 2. hæð
Áframhaldandi afmælisfagnaður Tangóævintýrafélagsins. Í dag, sunnudag, verður dagskrá frá klukkan 13.00 og hefst á námskeiðum og lýkur með hugleiðslu við Sólfarið við Sæbraut klukkan 22.00. Allir velkomnir.

## Sýningar

**Hvað?** Sýningarstjóraspjall
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hafnarborg
Sumarsýning Hafnarborgar, Ummerki vatns, var opnuð fyrir helgi. Í dag, sunnudag verður boðið uppá sýningarstjóraspjall, en þau Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, og Birgir Snæbjörn Birgisson myndlistarmaður sjá um sýningarstjórnun.



**Á TEDxReykjavík-ráðstefnunni eru margir spennandi fyrirlestrar í boði.**

# TEDxReykjavík haldin í sjötta sinn

